## HÆSTIRÉTTUR Á HEIMILINU

*Hjónin Þórhildur Líndal og Eiríkur Tómasson eiga þrjá syni sem allir eru lögfræðingar líkt og foreldrarnir.*




**FORTÍÐARLEG FRAMTÍÐ**

*Fantasíuveröld gufupönks ryður sér til rúms í raunveruleikanum*

**HEIMILI OG HÖNNUN FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. júlí 2008 — 188. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


**LAUGARDAGUR**







**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÞUNGBÚIÐ** Í dag verður vaxandi suðaustlæg átt SV- og V-til en annars hæg breytileg átt. Rigning seinni partinn en það helst þurrt norðaustan og austan til. Hiti á bilinu 10-18 stig, hlýjast til landsins.

**VEÐUR 4**

# Grindavík ábyrgist hús bæjarstjórans

**Grindavíkurbær þarf að kaupa fjörutíu milljóna króna einbýlishús bæjarstjórans. Slíkir samningar óalgengir, segir formaður Sambands sveitarfélaga.**

**STJÓRNMÁL** Grindavíkurbær verður að kaupa hús fráfarandi bæjarstjóra takist honum ekki að selja það innan sex mánaða frá starfslokum. Þetta kemur fram í ráðningarsamningi Ólafs Arnar Ólafssonar við Grindavíkurbæ.

Jón Þórisson, fjármálastjóri Grindavíkurbæjar, segir að í ráðningarsamningi Ólafs sé ákvæði sem skuldbindi bæinn til þess að kaupa einbýlishús hans, seljist það ekki fyrir janúarbyrjun á næsta ári. Húsið var keypt á 40 milljónir króna snemma árs 2007.

Fráfarandi bæjarstjóri Grindavíkur verður á launum til ársins 2010, samkvæmt samningnum. Núverandi mánaðarlaun hans eru 1,2 milljónir króna.

Ráðningartímabil Ólafs nær yfir allt kjörtímabilið auk þess sem hann fær laun í sex mánuði eftir kosningarnar í maí 2010. Ólafur getur því þegið laun til nóvemberloka sama árs.

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og tilvonandi bæjarstjóri Grindavíkur, segir samninginn vera vel úr garði gerðan fyrir fráfarandi bæjarstjóra.

„Honum fannst sjálfsagt að tryggja að hann næði að selja húsið,“ segir Jóna. Deila megi um réttlæti samningsins. „Samningurinn var gerður af okkur og sjálfstæðismönnum í gamla meirihlutanum og ég ætla ekki að firra mig ábyrgð á honum.“

Sigmar Eðvarðsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lýsir furðu sinni á ástandi mála og segir Samfylkinguna hafa viljað fá Ólaf á sínum tíma.

„Ég held að græðgi í bæjarstjórastólinn hafi gert það að verkum að honum var sparkað,“ segir Sigmar. Nýi meirihlutinn eigi eftir að þurfa að „ausa úr sjóðum sínum til þess að blíðka bæjarbúa Grindavíkur“.

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, segir að samningar á borð við þann sem Ólafur Örn fékk séu óalgengir. „Venjulega er um sex mánaða launaðan uppsagnarfrest að ræða,“ segir Halldór. **helgath@frettabladid.is**



**HUGAÐ AÐ GARÐINUM** Finnbogi Tryggvason sinnir garðreitnum sínum í skólagörðunum vel og var að reyta arfa þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gærdag. Fjöldinn allur af börnum ræktar eigið grænmeti í skólagörðum, en auk þess að læra að rækta matjurtir og að umgangast náttúruna eru ýmsar ferðir og uppákomur haldnar á vegum skólagarðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Afskriftir viðskiptabankanna eiga eftir að þrefaldast í ár, miðað við síðasta ár:

# Tugmilljarða afskriftir bankanna

**EFNAHAGSMÁL** „Það mikla tap sem hefur verið á hlutabréfamarkaði og lækkun krónunnar gerir það að verkum að afskriftir aukast mjög hratt og mun hraðar en menn sáu fyrir,“ segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá greiningu Glitnis.

Greiningardeildir Glitnis og Kaupþings spá því að afskriftir viðskiptabankanna eigi eftir að þrefaldast í ár, miðað við í fyrra. Landsbankinn afskrifi nítján milljarða króna, Kaupþing sextán og Glitnir fjórtán. Þetta er í hverju tilviki um þrisvar sinnum meira en hver banki um sig afskrifaði í fyrra.

Samkvæmt spá greiningar Glitnis eiga Landsbanki og Kaupþing eftir að afskrifa sautján og átján milljarða króna til viðbótar á næsta ári. Greiningardeild Kaupþings spáir ekki fyrir um hugsanlegar afskriftir Glitnis á næsta ári.

Gangi spárnar eftir er ljóst að bankarnir þrír eiga eftir að afskrifa að minnsta kosti 84 milljarða króna á þessu ári og því næsta. Þá er ekki tekið tillit til hugsanlegra afskrifta Glitnis á næsta ári.

- as, ikh / sjá síðu 10



**RAGGI BJARNA** Heimildarmynd um söngvarann ástsæla verður frumsýnd á 75 ára afmæli hans á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þorgeir Ástvalds og Eva Rún:

# Gera heimildarmynd um Ragga Bjarna

**FÓLK** Feðginin Eva Rún og Þorgeir Ástvaldsson vinna nú heimildarmynd um Ragga Bjarna og ætla að hafa hana tilbúna fyrir 75 ára afmæli söngvarans á næsta ári. „Mér fannst löngu kominn tími til að gera þessum höfðingja skil,“ segir Þorgeir. „Hann hefur siglt ljúflega gegnum áratugina og er enn í fullu fjöri.“

- glh / sjá síðu 38

Eru ósáttir við Þjórsárvirkjanir:

# Íbúar vilja meiri rannsóknir

**ORKUMÁL Skiptar skoðanir eru um fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár meðal íbúa í nágrenni árinnar. Margir íbúar eru ósáttir við fyrirhuguð náttúruspjöll á svæðinu, og óttast sandfok og áhrif virkjana á laxastofninn.**

**„Það þarf meiri tíma og meiri umræðu,“ segir Katrín Briem, sem býr skammt frá fyrirhugaðri stíflu Hvammsvirkjunar.**

**„Ég get ekki hugsað mér að landslaginu hér verði umturnað,“ segir Finnbogi Jóhannsson, sem rekur hótel skammt frá lónsstæði Hvammsvirkjunar. Hann gagnrýnir sveitarstjórn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og segir vinnubrögð hennar hafa verið ólýðræðisleg.**

- bj / sjá síðu 20










## SPURNING DAGSINS



*Kristín, eru það ekki venjulega kvenráðherrarnir sem eru á hælum?*

„Jú. Mér sýnist þær vera með allt á hælunum í þessu máli. En ég hef fulla trú á að þrátt fyrir allt reyni þær að standa í fæturna.“

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, skilur ekki hvernig launamunur kynjanna verður jafnaður ef ekki í gegnum kjarasamninga. Hún spyr hvort kvenráðherrar séu undir hælum karlráðherra og ráði engu í ríkisstjórninni.

Ríkislögreglustjóri svaraði því ekki hvort leysa skyldi 10-11-lögregluþjón frá störfum:

# Lögregluþjónninn snúinn aftur úr fríi

**LÖGREGLUMÁL** Lögregluþjónninn sem náðist á myndband grípa ungling kverkataki í verslun 10-11 er kominn aftur til starfa hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þetta staðfestir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn. Mál mannsins er enn í rannsókn hjá Ríkissaksóknara.

Rannsókn var hafin á málinu eftir að myndskeið var birt á vefsíðunni Youtube, þar sem lögregluþjónninn sést þrífa harkalega í ungan mann eftir orðaskipti þeirra í verslun 10-11 í Austurstræti.

Mál lögregluþjónsins var sent Ríkissaksóknara til rannsóknar.



**Í 10-11** „Hættu þessum kjafti, drengur,“ sagði lögregluþjónninn þegar pilturinn neitaði að tæma vasa sína.

Samkvæmt upplýsingum frá embættinu miðar rannsókninni vel. Málið var einnig sent Ríkislögreglustjóra, sem taka átti ákvörðun um það hvort manninum skyldi vikið frá störfum á meðan á rannsókninni stæði. Í tilkynningu sem lögreglan sendi frá sér samdægurs sagði að maðurinn hefði verið sendur í leyfi þar til Ríkislögreglustjóri tæki þá ákvörðun.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra var erindi lögreglunnar vegna málsins svarað, en ekki tekin formleg afstaða til þess hvort maðurinn skyldi leystur frá störfum. Geir Jón staðfestir að Ríkislögreglustjóri hafi enga ákvörðun tekið. Maðurinn hóf störf að nýju fyrir rúmri viku. **- sh**

Var með börn í fóstri:

# Grunaður um kynferðisbrot

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur nú til rannsóknar mál manns sem grunaður er um kynferðisbrot gagnvart stúlku sem var í fóstri á heimili hans.

Það voru barnaverndaryfirvöld í Kópavogi sem óskuðu eftir rannsókninni. Nokkur börn voru í fóstri hjá manninum og konu hans þegar málið kom upp. Þeim hefur öllum verið komið fyrir annars staðar og samningi við parið hefur verið rift. Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar, staðfesti við fréttastofu Stöðvar 2 í gær að málið væri í rannsókn. **- þeb**



**LIST** Vatnsskúlptúr til sýnis á Heimssýningunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Heimssýningin í Zaragoza:

# Framtíð vatns þema sýningar

**BYGGINGARLIST** Framtíð vatns á jörðinni er þema heimssýningarinnar sem nú stendur yfir í Zaragoza á Spáni.

Á sýningunni gefst almenningi færi á að taka þátt í pallborðsumræðum með vísindamönnum, stjórnmálamönnum og arkitektum um vatn, notkun þess og hugmyndafræðilega stöðu, ásamt því að njóta fallegrar byggingarlistar sem sýningin leggur áherslu á. Reiknað er með að allt að 6,5 milljónir manna muni sækja sýninguna sem lýkur 15. september næstkomandi.

**- keþ / sjá heimili og hönnun**

Heimsmarkaðsverð á olíu:

# Olíuverð hækkar enn á ný

**NEYTENDUR Heimsmarkaðsverð á olíu náði nýjum hæðum í gær þegar tunnan fór yfir 147 dollara, sem er hæsta verð sögunnar. Verðið lækkaði síðan aftur um rúmar tvo dollara. Olíuverð hefur hækkað um meira en 10 dollara síðustu tvo daga.**

**Ástæður hækkunarinnar eru nokkrar. Áhyggjur af nýlegum eldflaugaprófunum Írana hafa mikil áhrif sem og alþjóðlegur olíuskortur og veik staða dollarans. Auk þess má nefna fyrirhugað verkfall í olíuframleiðslu í Brasilíu og árásir á olíuvinnslustöðvar í Nígeríu.** **- ges**

Fangi á leið í Hegningarhúsið:

# Tók á rás frá fangavörðum

**FANGELSISMÁL** Fangi gerði tilraun til flótta þegar hann var fluttur frá Litla-Hrauni í Hegningarhúsið á Skólavörðustíg undir hádegi í gærdag.

Verið var að fylgja fanganum yfir götu þegar hann tók á rás undan fangavörðum, sem gripu fangann aftur einungis fáum augnablikum síðar. „Ég er mjög ánægður með mína menn,“ segir Páll Wenkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Páll segir flóttatilraunir sem þessa fágætar en að hart sé á þeim tekið. Fanginn verður líklega vistaður í einangrun.

**- ht**

# Einkaaðilar í spor lögreglu í Kópavogi

**Samþykkt hefur verið að hverfagæsla verði boðin út til einkaaðila í Kópavogi. Sameining lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu hafi bitnað á löggæslu í Kópavogi. Oddviti Samfylkingarinnar segir fyrirkomulagið veita sýndaröryggi.**

**KÓPAVOGUR** „Skemmdarverk og innbrot hafa aukist í Kópavogi á undanförnum árum rétt eins og á flestum öðrum stöðum en lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað á sama tíma. Við þessu viljum við bregðast íbúum til hagsbóta,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs. Á fundi bæjarráðs í fyrradag lagði hann til að hverfagæsla í bænum yrði boðin út til reynslu til eins árs og var það samþykkt.

Gunnar segir að áætlað sé að varið verði um sex til tíu milljónum króna í verkefnið á árinu. Um verði að ræða tveggja til sex tíma gæslu daglega sem stemma eigi stigu við afbrotum og skemmdarverkum í bæjarfélaginu. Hann bendir á að bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafi verið með samning um hverfagæslu við fyrirtækið Securitas í um tvö ár og árangur af þeirri gæslu sé mjög góður.

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, er ekki sammála hugmyndum Gunnars um að þjónustan verði boðin út til einkaaðila. Lagði hún fram tillögu á fundi bæjarráðs um að áður en hverfagæsla í Kópavogi yrði boðin skyldi leita samninga við lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um að Kópavogsbær greiddi sérstaklega fyrir viðbótarstöðugildi fyrir lögreglumann, sem myndi starfa eingöngu í Kópavogi.

„Við Gunnar erum sammála um að okkur þykir löggæsla í Kópavogi hafa liðið fyrir sameiningu lögregluembættanna í borginni. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er þröngur stakkur búinn,“ segir hún.



**VILJA AUKNA GÆSLU** Gunnar og Guðríður eru sammála um að dregið hafi úr löggæslu í Kópavogi. Gunnar vill bregðast við stöðunni með því að bjóða út hverfagæslu til einkaaðila. Slíkt fyrirkomulag hafi gefist vel á Seltjarnarnesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GUNNAR I BIRGISSON**



**STEFÁN EIRÍKSSON**

Guðríður bendir á að ef öryggisverðir yrðu vitni af innbroti hefðu þeir ekki vald til að skerast í leikinn með öðrum hætti en að hringja í lögregluna. telur Hún telur því hverfagæslu einkaaðila veita sýndaröryggi og fénu sem verja á í hana sé betur varið hjá lögreglunni.

„Ég ítreka það þó að ég ber fullt traust til Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, en ég tel embætti hans fjársvelt af ríkisvaldinu,“ bætir Guðríður við.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir hverfagæslu í höndum einkaaðila geta verið jákvæða viðbót bæjaryfirvalda til að auka á öryggistilfinningu íbúa. Hann segir þó ekki standast að sveitarfélög hafi liðið fyrir sameiningu og segir lögreglumönnum hlutfallslega hafa fjölgað á höfuðborgarsvæðinu. „Við glímum hins vegar við rekstrarvanda auk þess sem að mannekla hefur hrjáð okkur,“ segir Stefán. Hann segir þess þó hafa verið gætt að sá vandi bitni ekki á grunnþjónustu lögreglunnar við íbúa höfuðborgarsvæðisins.

**karen@frettabladid.is**



**FORSÆTISRÁÐHERRANN** Gordon Brown lofaði í gær að tilkynna um frekari aðgerðir gegn hnífaglæpum.

Hnífaárásir í Bretlandi:

# Fjórir menn stungnir til bana í London

**BRETLAND Fjórir menn voru stungnir til bana í fjórum mismunandi árásum í London á fimmtudag.**

**Einn mannanna var 19 ára gamall, og var hann tuttugasti unglingurinn sem er drepinn í London það sem af er árinu. Tveir mannanna voru á þrítugsaldri, og sá fjórði var 42 ára gamall. Alls hafa níu manns verið handteknir í tengslum við þrjú morðanna.**

**Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að frekari aðgerðir til þess að sporna við hnífaglæpum yrðu tilkynntar á mánudag.** **- þeb**

Afskráning 365 úr Kauphöll:

# Flestir enn inni

**VIÐSKIPTI** Eigendur 93 prósenta hlutafjár í afþreyingar- og fjölmiðlafyrirtækinu 365, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið og rekur Stöð tvö, ákváðu að taka ekki kauptilboði félagsins vegna afskráningar úr Kauphöll og vilja því vera áfram eigendur félagsins.

Tilboðið hljóðaði upp á 1,2 krónur á hlut og lauk því í gær. 365 greiðir samtals 286 milljónir króna fyrir hlutabréfin og situr eftir kaupin á tíu prósentum hlutafjár.

Eigendur sjö prósenta hlutafjár tóku tilboðinu. Þar á meðal er Árni Hauksson stjórnarmaður en hann seldi í gær öll bréf sín í fyrirtækinu fyrir þrettán milljónir króna. **- jab**

Flóttamaðurinn frá Kenía fullyrðir að Útlendingastofnun geti sannað mál sitt:

# Paul harmar ummæli ættingja

**FLÓTTAMENN** „Útlendingastofnun getur sannað mál mitt, þeir eru með vitnisburð Íslendinga sem vita að ég var í hættu. Ég veit varla hvað skal segja um ættingja mína, nema kannski að þau hafa ekki farið til Kenía í langan tíma,“ segir Paul Ramses flóttamaður.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær var viðtal við þrjá ættingja hans, sem sögðu að Paul væri ekki í hættu í Kenía. Hann hefði skáldað sögu sína til að fá hæli.

„Það getur auðvitað vel verið að eitthvað hafi breyst í Kenía síðan ég sótti um hæli í janúar. En það breytir því ekki að meira en þúsund manns hafa verið myrt síðan ég fór,“ segir hann.

Paul harmar ummæli ættingjanna og það að hann valdi fólki hugarangri. Hann hafi heyrt af fólki sem saki hann um, meðal annars, að stela frá Fíladelfíu-söfnuðinum.




**ODINGA OG RAMSES** Myndin er tekin af dreifimiða úr síðustu kosningum. Hann bauð sig fram fyrir flokk Railas Odinga, sem er vinstra megin á myndinni. MYND/ÚR SAFNI

„Fólk spyr ekki af hverju presturinn hafi ekki kært mig. Kona hans hóf söfnunina og ég gerði búninga handa munaðarlausum börnum fyrir féð,“ segir hann.

Spurður nánar út í ásakanirnar og nafnlaus skrif, sem birst hafa á netinu, segir Paul:

„Ég er kristinn og vil helst ekki tala um þetta. Oft þegar fólk gerir mistök, er það að gera það sem það telur sig í raun og veru þurfa að gera. Oft segir fólk eitthvað til að taka þátt í hlutunum. Mahatma Gandhi sagði að stundum væri best að þegja. Ég ætla að gera það.“ **- kóþ**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Féll í Adrenalíngarðinum

Ungur maður féll niður þrjá og hálfan metra úr leiktæki í Adrenalíngarðinum á Þingvöllum í gærkvöld.

Maðurinn nefbrotnaði, olnbogabrotnaði og er marinn á lunga en læknir á slysavarðstofunni segir líðan hans stöðuga.

### Sofandi ökumaður keyrði á

Ökumaður sofnaði undir stýri við Bónus í Borgarnesi í hádeginu í gær og hafnaði aftan á annarri bifreið. Bifreið sofandi ökumannsins valt við áreksturinn. Ökumaðurinn hlaut minniháttar áverka á hendi við bílveltuna en aðrir sem í bifreiðunum voru sluppu ómeiddir.

# Garðplöntuútsala í Blómavali



ÖLL SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR
20-50% afsláttur

# ÚT Í SUMARIÐ
## MEÐ HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

**Tvígengisorf**
í miklu úrvali
Verð frá
**12.999**

**Orf, Texas**
Tvígengismótor, 32CC , 40 sm sláttubreidd, 2 línur, beint skaft.
5085599
**17.995** ~~21.299~~

**Rafmagnsorf, Gardena**
420W, sláttubreidd 25sm.
5087514
**6.995** ~~7.995~~

**Rafmagnsorf**
í miklu úrvali
Verð frá
**2.999**

**KAUPAUKI**
með hjólbörum 80-100 ltr.
Bali 36 ltr.
5085676
**1.299**

**Hjólbörur, Ravendo**
80 ltr.
5080038
**3.995**

**Útilegusett**
2 bekkir og borð
3899360
**8.990** ~~10.590~~

**Arizona**
tjald
**4 manna**
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T polyester
Stærð með fortjaldi: 130 x 210 x 240 sm
PU 1500 mm
5869200
**4.990**

**Santa Barbara**
tjald
**3 manna**
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T polyester
Stærð með fortjaldi: 130 x 210 x 210 sm
5869205
**3.990** ~~4.390~~

**Nýtt**
**ALLGROW**
100% Lifrænn áburður fyrir innblómin, garðinn og matjurtirnar.
1 ltr.
**990**

Sumarblóm
**30% afsláttur**
Soldis
Silkitré & silkiblóm

**Kælibox**
24 ltr.
3899342
**1.290** ~~1.590~~

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

## GENGIÐ 11.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,68 | 76,04 |
| Sterlingspund | 149,68 | 150,40 |
| Evra | 119,64 | 120,30 |
| Dönsk króna | 16,029 | 16,123 |
| Norsk króna | 14,839 | 14,927 |
| Sænsk króna | 12,619 | 12,693 |
| Japanskt jen | 0,7069 | 0,7111 |
| SDR | 123,35 | 124,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
153,2111

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skuldir Landspítala við birgja aukast á ný eftir betra ástand fyrstu mánuði ársins:

# Skuldar hundruð milljóna

**HEILBRIGÐISMÁL** „Skuldastaða Landspítala gagnvart birgjum hefur versnað undanfarna mánuði og gjaldfallnar skuldir nema nú hundruðum milljóna,“ segir Knútur Signarsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna.

„Þetta er afar slæmt núna þegar aðgangur að lánsfé er lítill,“ segir Knútur. „Ég er hræddur um að ef ekki verður breyting á geti illa farið hjá sumum fyrirtækjum sem eiga í viðskiptum við spítalann.“

Knútur segir dæmi um að fyrirtæki séu í verulegum greiðsluerfiðleikum vegna skulda Landspítala.

„Við erum í vanda núna eftir gott ástand framan af árinu,“ segir Björn Zoëga, lækningaforstjóri Landspítalans. „Vandinn helgast af því að aðrar heilbrigðisstofnanir skulda okkur töluverða fjármuni og hafa átt í vandræðum með að borga okkur til baka.“

Björn kveðst einnig finna fyrir verðhækkunum á lyfjum vegna gengisbreytinga. „Næstum öll innkaup á lyfjum eru boðin út og útboð eru yfirleitt gengistryggð þannig að við tökum á okkur gengisbreytingarnar.“

Björn segir að unnið sé í samvinnu við fjármálaráðuneytið eftir áætlun um hvernig heilbrigðisstofnanir eigi að greiða spítalanum til baka skuldir sínar. „Við höfum unnið mikið í þessu síðastliðna tvo mánuði og munum halda því áfram.“ **- ht**



**BJÖRN ZOËGA** Lækningaforstjóri Landspítala segir vanda spítalans við að greiða birgjum koma til vegna skulda annarra heilbrigðisstofnana við spítalann.

Þjóðstjórn í Líbanon:

# Hezbollah með neitunarvald

**LÍBANON, AP** Fuad Saniora, forsætisráðherra Líbanons, lauk í gær við myndun 30 manna þjóðstjórnar samkvæmt samkomulagi sem gert var í maí síðastliðnum.

Samkvæmt samkomulaginu velur þingmeirihluti sextán ráðherra, minnihluti velur sér ellefu ráðherra og forseti landsins velur þrjá ráðherra. Samkomulagið tryggir að Hezbollah-samtökin hafa neitunarvald um allar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar.

„Við höfum ákveðið að takast á við deilumál okkar á lýðræðislegum vettvangi, en ekki með valdi og hótunum,“ sagði Saniora í gær. **- gb**

# Leikskólastofurnar fluttar að næturþeli

**Tvær færanlegar kennslustofur voru fluttar að leikskólanum Hvammi í fyrrinótt. Bærinn veitti stöðuleyfi en Skipulagsstofnun segir byggingarleyfi þurfa. Bæjaryfirvöld segja skort á leikskólaplássum og að umferðarvandi verði leystur.**

**STJÓRNSÝSLA** „Auðvitað reynum við að leysa þetta í sátt við íbúana en þetta tekur einfaldlega sinn tíma,“ segir Ellý Erlingsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Tvær færanlegar leikstofur voru fluttar að leikskólanum Hvammi í Staðarhvammi í fyrrinótt, aðeins þremur dögum eftir að undirbúningur hófst þar á lóðinni við hliðina. Bæjarráð veitti stöðuleyfi til eins árs fyrir stofunum en í svari við fyrirspurn íbúa í Staðarhvammi segist Skipulagsstofnun telja að til þurfi byggingarleyfi en ekki aðeins stöðuleyfi. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær telja íbúar í Staðarhvammi að þessi viðbót við leikskólanum muni valda miklum vanda vegna aukinnar umferðar um botnlangagötuna.

„Ég velti fyrir mér hvaða afleiðingar þessi framganga getur haft fyrir lykilmenn í bæjarfélaginu. Er ekki eðlilegt að krefjast afsagnar bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar og skipulagsstjórans?“ spyr Halldór Halldórsson íbúi í Staðarhvammi sem gekkst fyrir undirskriftasöfnun gegn stækkun leikskólans og átti fund með forseta bæjarstjórnar á fimmtudag um málið.

„Okkar markmið er að veita öllum börnum átjána mánaða og eldri leikskóla með haustinu og það er einnig mikil fjölgun íbúa í bænum. Hvammur er einn þeirra skóla þar sem leikskólastjórinn treysti sér til að manna viðbótarstækkun og það gripum við fegins hendi,“ útskýrir Ellý Erlingsdóttir, sem auk þess að vera forseti bæjarstjórnar er formaður fræðsluráðs.



**ÓSÁTTIR ÍBÚAR** Færanlegar kennslustofur sem komið var fyrir við leikskólann í Staðarhvammi í fyrrinótt verða til þess að 35 pláss bætast við skólann. Nágrannarnir eru gramir að vera ekki spurðir álits. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> Ég velti fyrir mér hvaða afleiðingar þessi framganga getur haft fyrir lykilmenn í bæjarfélaginu. Er ekki eðlilegt að krefjast afsagnar bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar og skipulagsstjórans?
>
> **HALLDÓR HALLDÓRSSON**
> ÍBÚI Í STAÐARHVAMMI

Ellý segir nú unnið að tillögu um að breyta Staðarhvammi til að greiða fyrir umferð. Að auki hafi biskup kaþólsku kirkjunnar til skoðunar beiðni frá bænum um að veita aðgang að bílastæðum kirkjunnar þar skammt frá.

Nokkrir íbúanna réðu ráðum sínum við nýju kennslustofurnar í síðdegis í gær. Þeir segjast óttast að þótt aðeins sé stöðuleyfi fyrir stofurnar til eins árs séu þær komnar til að vera. Ellý segir enga ákvörðun liggja fyrir um slíkt. Hins vegar séu uppi hugmyndir um að stækka leikskólann um eina deild sem verði þá gert í sátt við íbúana sem gæfist kostur á að koma með athugasemdir.

„Núna er þetta aðeins tímabundin lausn. Ef reynslan sýnir að hún sé mjög til baga myndum við fjarlægja húsið en ef við gætum fundið lausnir á að geta nýtt það lengur þá er það þó alveg möguleiki,“ segir forseti bæjarstjórnar.

**gar@frettabladid.is**



**SKEMMTIKRAFTAR** Stjörnur settu svip sinn á blaðamannafundinn með léttu spreлli. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON.

Kynningarfundur þjóðhátíðar:

# Elva Ósk besti sprangarinn

**FÓLK** Elva Ósk Ólafsdóttir bar af í sprangkeppni stjarnanna sem var haldin í Vestmannaeyjum í gær eftir að dagskrá þjóðhátíðar hafði verið kynnt í Klettshelli.

Meðal þess sem ber hæst á þjóðhátíð í ár eru Land og synir sem einmitt semja þjóðhátíðarlagið, Dr. Spock, Í svörtum fötum og Páll Óskar að ógleymdum hinum eina sanna Árna Johnsen.

Auk Elvu Óskar sýndu nokkrir skemmtikraftanna sem troða upp í ár listir sínar í klettunum, þar á meðal Björn Jörundur, Óttar Proppé og Jónsi í Svörtum fötum. Sigur Elvu Óskar var sannfærandi enda er hún borinn og barnfæddur Vestmannaeyingur. **- ges**

## DÓMSTÓLAR

### Skilorð fyrir líkamsárás

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í 40 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás sem hann framdi á Dalvík í apríl. Hann sló mann í andlitið með þeim afleiðingum að sá slegni fékk blóðnasir, skurð og bólgu. Honum var jafnframt gert að greiða manninum 112 þúsund krónur í bætur.



**METANBÍLL** Orkuveitan kaupir fimmtán metanbíla á þessu ári.

Vistvæn ökutæki:

# Orkuveitan fær metangasbíla

**UMHVERFISMÁL Orkuveita Reykjavíkur tók í gær við fyrstu sex metangasbílunum af fimmtán sem fyrirtækið flytur til landsins í samstarfi við Brimborg.**

**Flotinn samanstendur af fimm Ford Focus C-Max Metan-fólksbílum og tíu Ford Transit Metan-sendibílum. Með kaupum Orkuveitunnar á bílunum eykst hlutfall vistvænna ökutækja hjá fyrirtækinu úr tíu í tuttugu prósent. Orkuveitan stefnir á að hlutfallið hækki í áföngum upp í 55 prósent á næstu fimm árum.**

**Allir bílarnir eru útbúnir með bensíntanki ef metanið skyldi þrjóta langt frá áfyllingarstöð.** **- hþj**

Skemmtanahald í Hafnarfirði:

# Sex brutust inn í opið hjólhýsi

**LÖGREGLUMÁL** Sex manns á tvítugs- og þrítugsaldri brutust inn í hjólhýsi við Strandgötu í Hafnarfirði og hófu þar skemmtanahald á þriðja tímanum í fyrrinótt.

Fólkið ber við að hjólhýsið hafi staðið opið þegar það bar að en eigendur voru ekki viðstaddir að sögn lögreglu. Nokkrar skemmdir voru unnar á hjólhýsinu en engu stolið.

Lögregla tók fólkið höndum sem verður kært fyrir húsbrot. **- ht**


50% afsláttur



POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**VÍÐA VÆTUSAMT**
Hið fínasta veður verður á landinu austanverðu í dag en vætusamt annars staðar þegar líður á daginn. Á morgun má búast við mildu og góðu veðri þrátt fyrir úrkomu sum staðar. Batnandi veður vestan til með mánudeginum.




**Á MORGUN**
Suðaustlæg 3-10 m/s.

**MÁNUDAGUR**
Norðvestlæg 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 19° |
| Stokkhólmur | 21° |
| Gautaborg | 20° |
| London | 17° |
| París | 19° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Berlín | 23° |
| Alicante | 29° |
| Mallorca | 32° |
| Basel | 21° |
| Eindhoven | 19° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 32° |
| Orlando | 30° |
| San Francisco | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




**INTERSPORT**

**INTERSPORT LINDUM** **SÍMI 585 7260** Opið mánudaga - föstudaga 11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18

## KJÖRKASSINN



*Hefur Samfylkingin staðið við loforð sín í umhverfismálum?*

| | |
|---|---|
| Já | 32,7% |
| Nei | 67,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér rétt að láta flugfélög borga fyrir losun gróðurhúsalofttegunda?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Lögregla leitar tveggja ungra ofbeldismanna eftir fólskulega árás:

# Börðu og rændu leigubílstjóra

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn réðust á leigubílstjóra í Garðabæ í fyrrinótt og rændu hann. Bílstjórinn þurfti að leita sér aðhlynningar á slysadeild eftir árásina.

Mennirnir tveir, sem taldir eru vera undir tvítugu, voru ófundnir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Mennirnir tóku leigubílinn frá Hlemmi og að verslun 11-11 í Gilsbúð í Garðabæ. Þegar þangað var komið réðust þeir á bílstjórann, sem er á sextugsaldri. Þeir ógnuðu honum meðal annars með hníf, höfðu í hótunum við hann og slógu hann auk þess í andlitið. Bílstjórinn hlaut af því nokkra áverka. Hnífnum beittu þeir ekki á bílstjórann.

Árásarmennirnir kröfðu bílstjórann um peninga. Þeir höfðu þó að lokum heldur lítið upp úr krafsinu, því þeir yfirgáfu bílinn eftir barsmíðarnar með þúsund krónur í reiðufé og farsíma bílstjórans.




**LEIGUBÍLL** Mennirnir voru vopnaðir hníf sem þeir hótuðu að beita gegn bílstjóranum. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Að sögn varðstjóra lögreglu er talið að mennirnir hafi verið undir áhrifum fíkniefna.

Bílstjórinn þurfti sem áður segir að leita sér læknisaðstoðar á slysadeild vegna áverkanna sem ræningjarnir veittu honum, en mun þó ekki vera alvarlega meiddur. - sh

Afnám stimpilgjalda:

## Minnkar ekki offramboðið

**HÚSNÆÐI** Afnám stimpilgjalda dugir ekki til að leiðrétta það offramboð eigna sem er á húsnæðismarkaði, segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra.

Hann var spurður um hugsanleg áhrif þess að stimpilgjöld af fyrstu íbúð voru afnumin.

Benti Árni á að fjölmargt annað hefði áhrif á húsnæðisverð: „Jafnvel breytingarnar sem við gerðum [á Íbúðalánasjóði] leiðrétta ekki offramboðið alveg. Það skiptir máli að halda markaðnum gangandi. Þar verður verðmyndunin og okkar tilgangur er að hann frjósi ekki.“ - kóþ



**GERT AÐ SÁRUM DRENGS** Allt að tíu manns voru fluttir á sjúkrahús í Jalalabad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaher í Afganistan:

## Tugir borgara féllu í loftárás

**AFGANISTAN, AP** Um síðustu helgi urðu bandarískir hermenn 47 óbreyttum borgurum að bana í Afganistan. Fólkið var á leiðinni til brúðkaupsveislu í Nangarharhéraði í austanverðu landinu þegar bandaríski herinn gerði loftárás.

Þessu halda stjórnvöld í Afganistan fram, en Bandaríkjaher hefur neitað því að óbreyttir borgarar hafi fallið í árásinni.

Burhanullah Shinwari, varaforseti öldungadeildar Afganistans, var formaður níu manna nefndar sem rannsakaði málið. Hann segir að 39 þeirra sem fórust hafi verið börn og konur, þar á meðal brúðurin. Enginn í hópnum hafi tengst Al Kaída. - gb

Fjöldamorðingi í Indónesíu:

## Galdramaður tekinn af lífi

**INDÓNESÍA, AP Indónesinn Amed Súradjí var tekinn af lífi í Indónesíu í fyrradag eftir að hafa verið dæmdur fyrir morð á 42 konum og stelpum.**

**Súradjí var töfralæknir og trúði því að morðin, sem framin voru frá 1986 til 1997, færðu honum töframátt. Fórnarlömbin höfðu heimsótt Súradjí þar sem þau trúðu að hann gæti framkvæmt galdra fyrir þau.** - gh

# Hávaði á leikskólum kallar á eyrnahlífar

**Ólafur Hjálmarsson hljóðverkfræðingur segir hávaða á leikskólum svo mikinn að starfsmenn þyrftu samkvæmt reglum að vera með eyrnahlífar.**

**HEILSUVERND** Talið er að um helmingur íbúa Evrópu búi við hávaða yfir eðlilegum mörkum samkvæmt skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Evrópusambandsins.

„Áreitið í umhverfinu hefur mikil áhrif á heyrn okkar allra; bílaumferð, hávær tónlist og stórar verksmiðjur eru þar miklir áhrifavaldar,“ segir Ólafur Hjálmarsson hljóðverkfræðingur. Hann segist þó hafa mestar áhyggjur af börnunum í leik- og grunnskólum landsins.

„Frá því að skólatími leikskóla var lengdur úr fjórum í átta tíma á dag getur heyrnarskaði barna aukist gífurlega enda mikill hávaði allan daginn. Á mörgum deildum leikskóla eru allt of mörg börn og við það eykst hávaðinn.“

Hávaðaviðmiðunarkröfur Vinnueftirlits ríkisins eru að vinnustaðir hafi ekki meira en sem nemur 85 desíbelum að jafnaði á vinnutíma. Í mælingu Vinnueftirlitsins frá 8. desember 2006 kom fram að margir leikskólar væru með nálægt 100 desíbel að jafnaði.

„Í reglum Vinnueftirlits ríkisins þurfa starfsmenn fyrirtækis með yfir 85 desíbel að jafnaði á vinnutíma að vera með heyrnahlífar,“ segir Ólafur.

Svokallaður ómtími er mælikvarði á hversu hljómmikil rými eru og er þar miðað við sekúndur. Eftir því sem ómtíminn er lengri því verri vinnuaðstæður eru. Samkvæmt reglugerðum er miðað við að ómtími í vinnurými fari ekki fyrir ofan 0,6 sekúndur. Eins og sést í línuritinu við greinina er stór hluti rýma á leikskólum með óviðunandi ómtíma.




**Í STUTTU MÁLI**

Ómtími leikskólarýma er oft langt yfir það sem eðlilegt þykir.

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins þyrftu starfsmenn að vera með eyrnaskjól á sumum leikskólum.

Ólafur Hjálmarsson hljóðverkfræðingur segir ástandið svart.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ólafur segir 0,6 sekúndna viðmiðunartímann vera tiltölulega háan miðað við í nágrannalöndunum. Hann segir að nú standi til í Danmörku að lækka viðmiðunartímann í 0,4 sekúndur.

„Í könnun Vinnueftirlitsins mátti sjá að ástandið er enn verra í sundhöllum og leikfimisölum þar sem þau rými eru flest með ómtíma frá 2,5-3,3 sekúndur og nánast öll rýmin hafa yfir 85 desíbel að jafnaði.

Ljóst er að ástandið er svart og verður enn svartara ef stjórnvöld bregðast ekki við stigmagnandi hávaða í umhverfi okkar sem getur valdið miklum skaða á heyrn.

> Ljóst er að ástandið er svart og verður enn svartara ef stjórnvöld bregðast ekki við stigmagnandi hávaða í umhverfi okkar sem getur valdið miklum skaða á heyrn.
>
> **ÓLAFUR HJÁLMARSSON**
> HLJÓÐVERKFRÆÐINGUR

Starfsmenn á yngstu stigum skólakerfisins geta orðið fyrir stórfelldum heyrnarskaða sem uppgötvast oft ekki fyrr en á efri árum,“ sagði Ólafur að lokum.

vidirp@frettabladid.is



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON** Bautasteinn til minningar um hann verður afhjúpaður í dag.

Bautasteinn afhjúpaður í dag:

## Til minningar um Einar Odd

**MINNING Bautasteinn til heiðurs Einari Oddi Kristjánssyni þingmanni verður afhjúpaður á Flateyri í dag. Rétt ár er um liðið síðan Einar Oddur lést.**

**Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa látið reisa bautasteininn. „Þetta var mjög viðeigandi sameiginlegt verkefni,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri samtakanna.**

**„Okkur þykir rík ástæða til þess að halda minningu Einars Odds á lofti, ekki síst í ljósi þess mikla framlags sem hann lagði til þjóðarsáttarinnar á sínum tíma.“** - ht

Þjóðlendumálið:

## Landeigendur vonsviknir

**ÞJÓÐLENDUR** Landssamtök landeigenda lýsa yfir vonbrigðum sínum með að ríkisvaldið skuli ekki draga lærdóm af úrskurði óbyggðanefndar varðandi austanvert Norðurland (svæði sex) og afturkalla fráleitar landakröfur sínar á vestanverðu Norðurlandi (svæði sjö).

Óbyggðanefnd úrskurðaði þann 6. júní síðastliðinn að af þeim 119 landsvæðum sem deilt var um á svæði sex væru þrettán þjóðlendur að öllu leyti, þrjú að hluta og 103 eignarlönd að öllu leyti. Landssambandið segir þann úrskurð í raun hafa staðfest það sjónarmið að ríkið fari fram með rakalausri hörku í þjóðlendumálinu. - kg

**HEIMILISLÆKNIR**
**Domus Medica**

Torbjörn Andersen, sérfræðingur í heimilislækningum hefur opnað stofu í Domus Medica 3.hæð. Viðtalstímar 08:00-15:30. Tímapantanir í síma 563-1032.

**Auglýsingasími**
**512 50 50**



– Mest lesið

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmir ummæli í Morgunblaðsgrein dauð og ómerk:

# Rússagullið tengt föðurlandssvikum

**DÓMSMÁL** Ummæli sem Kristján S. Gumundsson skipstjóri setti fram í Morgunblaðsgrein í október í fyrra um Björgólf Guðmundsson og Landsbankann voru í fyrradag dæmd dauð og ómerk í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hvað Björgólf varðaði snerust ummæli Kristjáns meðal annars um að hann hefði „með tilkomu Rússagulls“ náð yfirhöndinni í Eimskip. Fyrir dómi sagði Kristján að Björgólfur legði of þrönga túlkun í orðið Rússagull með því að telja það jafngilda því að segja að hann hefði notað fjárgjafir frá sovéska kommúnistaflokknum.



**FORYSTUMENN LANDSBANKANS** Björgólfur Guðmundsson naut ekki fjárstyrkja frá sovéska kommúnistaflokknum, segir héraðsdómur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Hvernig sem því hefur verið háttað sýnist ljóst að í íslenskri þjóðmálaumræðu hefur almennt verið um málið fjallað á þeim nótum að móttaka slíkra fjármuna væri smánarleg og jaðraði við föðurlandssvik. Með því að halda því fram að stefnanda hafi áskotnast Rússagull verður að telja að gefið sé í skyn að stefnandi hafi auðgast með vafasömum hætti,“ segir héraðsdómur.

Varðandi Landsbankann dæmdi héraðsdómur ummæli Kristjáns um „ósvífni, einræðisöfl í Rússlandi, valdagráðuga menn og hefndarsjónarmið“ tilhæfulaus og meiðandi fyrir bankann.

Hvorki Landsbankinn né Björgólfur kröfðust bóta. Kristján var hins vegar dæmdur til að greiða hvorum aðila um sig 300 þúsund krónur í málskostnað en ekki gerð refsing.

- gar

# Alltaf góð tilboð!

netto



41% afsláttur

**SAFARÍKAR KJÚKLINGABRINGUR**
**1.595 kr/kg**
~~2.704~~ kr/kg



GOÐI

30% afsláttur

**HAMBORGARAR**
2x175g
**398 kr**
~~568~~ kr



25% afsláttur

**GOÐA HUNANGSKÓTILETTUR**
**1.399 kr/kg**
~~1.867~~ kr



30% afsláttur

**GOÐA PÍTUBUFF M/BRAUÐI OG SÓSU**
**699 kr/kg**
~~998~~ kr/kg



GOÐI

50% afsláttur

**GOÐA BLANDAÐ HAKK**
**549 kr/kg**
~~1.099~~ kr/kg




**CHICAGO TOWN**
OSTAFYLLTUR KANTUR
**499 kr/pk**
~~698~~ kr/pk




**PEPSI MAX**
6X2L
**990 kr**

DVD fylgir með

TILBOÐIN GILDA 10. - 13. JÚLÍ

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvað heitir sonur Pauls Ramses?*

*2. Hvernig fór leikur Vals og KR í Frostaskjóli í gærkvöld?*

*3. Hvað heitir fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar sem á í deilum við fyrirtækið?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Yfirheyrslur hafnar yfir Josef Fritzl og Elizabeth og börnin með leynd í dagsferðir:

# Fritzl-börnin í sund og sumarbúðir

**AUSTURRÍKI, AP** Eiginkona og börn austurríska barnaníðingsins Josefs Fritzl hafa smám saman verið að hætta sér æ oftar út fyrir veggi sjúkrahússins, þar sem þau hafa dvalist og fengið meðferð síðustu þrjá mánuði.

Elizabeth dóttir hans, sem hann hélt fanginni í kjallaraholu á heimili þeirra í nærri aldarfjórðung, var í gær í fyrsta sinn yfirheyrð af lögreglu. Yfirheyrslan var tekin upp á myndband sem verður sýnt við réttarhöldin svo hún þurfi ekki að mæta þar föður sínum og kvalara. Yfirheyrslunum verður haldið áfram í næstu viku.

Fimmtán ára dóttir Josefs, ein



**JOSEF FRITZL** Hefur setið þrjá mánuði í fangelsi fyrir að halda dóttur sinni nærri aldarfjórðung í prísund á heimili sínu og eignast með henni sjö börn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sjö barna sem hann eignaðist með dóttur sinni í kjallaraholunni, tók um síðustu helgi að eigin ósk þátt í sumarbúðum og hitti þar í fyrsta sinn skólafélaga sína. Aðrir í búðunum fengu þó ekki að vita hver hún var.

Aðrir úr fjölskyldunni hafa einnig farið út í dagsferðir, meðal annars í sund. Þessar ferðir hafa verið farnar með leynd.

Læknar segja heilsufar fjölskyldunnar nokkuð gott miðað við þær raunir sem Elizabeth og börn hennar máttu líða í kjallaraholunni. Nítján ára dóttir þeirra, sem lengi var í dái, hefur einnig smám saman verið að ná sér á strik.

Réttarhöld yfir Fritzl hefjast væntanlega fyrir árslok. **- gb**

Minna selt af áfengi í sumar:

## Sala minnkar um tíu prósent

**VERSLUN** Áfengissala dróst saman um næstum tíu prósent í júní, miðað við sama mánuði í fyrra. Þetta kemur fram í tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar við Háskólann á Bifröst. Hér er miðað við fast verðlag. Þá var salan átta prósentum minni í júní en í maí.

Greiningardeild Kaupþings segir að þetta komi á óvart, því almennt hafi áfengissala aukist á sumrin. Veður hafi verið með besta móti í júní, auk þess sem landinn fari í sumarfrí á þessum tíma. Alla jafna hafi þetta orðið til þess að auka sölu á áfengi. **- ikh**

# Viacom fær upplýsingar frá YouTube

**Myndbandaveitan YouTube hefur verið dæmd til að láta fjölmiðlarisann Viacom fá persónuleg gögn um þá sem heimsótt hafa vefsíðu þeirra. Eigendur YouTube biðla til Viacom um að fá að eyða nöfnum út úr gagnagrunninum.**

**PERSÓNUVERND** Netveitan YouTube verður að láta af hendi gögn um þá sem heimsótt hafa vefsíðu þeirra. Þetta kemur fram á fréttavef breska útvarpsins, BBC. Dómur var kveðinn upp í máli fjölmiðlarisans Viacom gegn YouTube vegna meintra höfundarréttarbrota. Í eigu Viacom eru til að mynda CBS-sjónvarpsstöðin, MTV, Paramount Pictures, DreamWorks og Nickelodeon.

Dómurinn þýðir að Viacom getur kannað netvenjur tuga milljóna YouTube-notenda. Í hnotskurn: fjölmiðlarisinn getur fengið upplýsingar um alla sem hafa heimsótt síðuna, hvað var skoðað, hve oft og hvenær. Einnig er hægt að sjá skráð nafn notanda og einkanúmer hverrar tölvu, IP-töluna, sem um ræðir. Dómurinn tekur einnig til upplýsinga um þau myndbönd sem hafa verið fjarlægð af síðunni.

Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, segir að kæmi slíkt mál upp á Íslandi þyrftu gríðarlegir hagsmunir að vera í húfi til þess að einkaaðila yrðu veittar svo persónulegur upplýsingar. „Ég tel það ólíklegt að fólk sem heimsækir síður á borð við þessa yrði lögsótt, ábyrgðin myndi heldur falla á dreifingaraðila.“

YouTube er í eigu Google og er langstærsta myndbandasafnið á vefnum. Viacom fær aðgang að magni upplýsinga sem nema stærð 154 heimilistölva með 80 gígabæta hörðum diski. Mál Viacom gegn YouTube snýst um að sanna að YouTube og Google viti af broti á höfundarrétti og geti gert meira til þess að koma í veg fyrir það. Ef Viacom vinnur málið myndi það eyða þeirri friðhelgi sem veitur á borð við YouTube njóta. Friðhelgin hefur fengist vegna þess að efnið sem er sýnt á síðunni kemur frá notendum, ekki YouTube.

Dómarinn hafnaði beiðni Viacom um að komast yfir leitarkóða YouTube með þeim rökum að hann væri viðskiptaleyndarmál og að engar sannanir væru fyrir því að YouTube stjórnaði leitarvél á myndskeiðum bundnum höfundarrétti í óhag.

Rök Google um að vernda þyrfti persónuupplýsingar voru höfð að engu en Google safnar upplýsingum um notendur, til dæmis með því að afrita tölvupóst, í þeim tilgangi að stunda hnitmiðaða auglýsingamennsku. Google hefur beðið Viacom um að fá að eyða persónuupplýsingum í gagnabanka YouTube. **helgath@frettabladid.is**





**VINSÆL NETSÍÐA** YouTube, sem er í eigu Google, er langstærsta myndbandasafnið á vefnum.



**HERMENN OG FANGI** Bandarísku hermennirnir voru undir mikilli pressu þegar þeir skutu fangana og höfðu nýlega orðið fyrir skothríð. NORDICPHOTOS/AFP

Réttað yfir Bandaríkjamanni:

## Hermaður sakaður um morð

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur flotaforingi sem sakaður er um morð á Íraka var yfirheyrður á þriðjudag. Flotaforinginn Ryan Weemer skaut óvopnaðan íraskan fanga.

Við yfirheyrslunar var spiluð upptaka af viðtali við Weemer þar sem hann sagðist hafa „gengið frá einum“.

Ákveðið verður eftir yfirheyrslunar hvort réttað skuli yfir Weemer fyrir herdómstóli. Verði Weemer fundinn sekur bíður hans lífstíðarfangelsi og brottvikning úr starfi. Síðar á árinu verður réttað yfir tveimur öðrum hermönnum sem sakaðir eru um morð á öðrum föngum úr sama hópi. **- gh**



**MUNUM BREGÐAST VIÐ** „Við bregðumst við þar sem þarf,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.

Heilbrigðisráðherra:

## Sérhver stofnun verður skoðuð

**HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir að rekstrarvandi sumra heilbrigðisstofnana sé ekki nýtt vandamál. „Við erum að skoða hverja stofnun fyrir sig. Við bregðumst við þar sem þarf,“ segir hann.**

**Fréttablaðið greindi frá því að Heilbrigðisstofnun Austurlands hefði verið rekin með 200 milljóna króna halla fyrstu fimm mánuði ársins. Guðlaugur Þór er tregur til að ræða sérstaklega um hallann hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands og segir að farið verði yfir hverja stofnun fyrir sig og gripið til aðgerða.** **- ghs**

**VÍSINDI**

### Sæði feitra lélegra

Karlmenn sem eru of þungir eru sextíu prósentum líklegri til að hafa lélegt sæði en karlar í kjörþyngd, samkvæmt niðurstöðum skoskrar rannsóknar. Mögulegar skýringar eru hormónaraskanir vegna offitu og hærra líkamshitastig of feitra.

Rannsókn á ofbeldinu í Kenía í vetur sýnir að lögreglan varð mörgum að bana:

# Helmingur dó af skotsárum

**KENÍA, AP** Lögreglan í Kenía varð völd að nærri helmingi þeirra dauðsfalla sem urðu í átökum eftir forsetakosningarnar í vetur. Þessu héldu þarlend mannréttindasamtök fram á fundi rannsóknarnefndar, sem á að fara ofan í saumana á því sem gerðist.

Samtökin, sem nefnast IMLU, segja 80 lík hafa verið krufin af handahófi í líkhúsum víðs vegar um landið. Af þeim höfðu 43 prósent látist af völdum skotsára, en hin af völdum bruna, sveðjusára eða barsmíða.

Nánast allir lögregluþjónar í landinu báru skotvopn, en nánast engin þeirra vígamanna sem fóru um landið höfðu önnur vopn en sveðjur og barefli.

Átökin í Kenía í vetur eru talin hafa kostað meira en þúsund manns lífið, en 600 þúsund manns að auki voru hrakin að heiman og meira en 40 þúsund hús brennd.

Mwai Kibaki forseti, sem lýsti yfir sigri í forsetakosningunum í lok desember, og helsti keppinautur hans, Raila Odinga, sem sakaði Kibaki um kosningasvindl, náðu á endanum samkomulagi um að stjórna landinu saman, þannig að Odinga yrði forsætisráðherra en Kibaki áfram forseti.

Í samkomulaginu fólst einnig að stofnuð yrði rannsóknarnefnd, sem kanna skyldi orsakir ofbeldisins og hlutdeild lögreglu og hers í því. **- gb**



**DRENGIR Í FLÓTTAMANNABÚÐUM** Í flóttamannabúðum á íþróttavelli í Nakuro voru upphaflega 1.300 manns en 350 manns eru þar enn og þora ekki heim. NORDICPHOTOS/AFP

Bush undirritar hlerunarlög:

## Símafyrirtæki fá friðhelgi

**BANDARÍKIN, AP** George Bush Bandaríkjaforseti skrifaði á fimmtudag undir lög sem veita ríkisstjórninni auknar hlerunarheimildir auk þess að veita símafyrirtækjum sem hafa aðstoðað ríkisstjórnina við hleranir friðhelgi frá lögsóknum vegna þess.



**GEORGE BUSH**

Bush sagði að lögin myndu „gegna mikilvægu hlutverki í því að hindra aðra árás á [Bandaríkin]“. Demókratar og repúblikanar studdu lagafrumvarpið í þinginu, þar á meðal Barack Obama, forsetaframbjóðandi Demókrata, þó hann hefði áður lýst sig andvígan því að veita símafyrirtækjum slíka friðhelgi. **- gh**

Vírus herjar á MSN-notendur:

## Breyta verður lykilorði strax

**TÆKNI Nýr vírus herjar á notendur MSN-þjónustunnar. Hann lýsir sér á þann hátt að skyndilega berast fólki skilaboð frá vini sem jafnharðan skráir sig út úr kerfinu. Þau eru get-that-stuff.info, imagefrosty.info, hostapic.info. og cooooolio.info Oftar en ekki fylgir nafn á heimasíðu sem ber hluta úr tölvupóstfangi vinarins.**

**Til þess að koma í veg fyrir að vera „rænt“ af vírusnum þarf að skipta um lykilorð á heimasíðu MSN-þjónustunnar.** **- hbj**

Átök í Kasmír á Indlandi:

## Lögregla sökuð um íkveikju

**INDLAND** Þúsundir mótmælenda lentu í átökum við lögreglu í Srinagar í Kasmírhéraði á Indlandi í gær.

Átökin brutust út í kjölfar ásakana íbúa borgarinnar á hendur ríkistjórninni um að lögregla hefði kveikt í múslímsku hofi. Þegar fregnirnar bárust út streymdi fólk út á götu og tók að mótmæla ósjálfstæði Kasmírhéraðs og grýta lögreglustöð.

Talsmaður yfirvalda segir ásakanirnar ekki á rökum reistar og bendir á að slökkvilið hefði verið á staðnum til þess að slökkva eldinn en ekki kveikja hann. Hofið er ekki alvarlega skemmt. **- hbj**

**GRÆNLAND**

### Veifa kústi að bangsa

Dýraverndunarsamtök hvetja fólk til að skjóta ekki ísbirni sem nálgast það, heldur hræða þá burt með kústi. Þetta kemur fram í vefmiðlinum Sermitsiaq í Nuuk. Með því að veifa kústi virkar viðkomandi stærri í augum bjarnarins og hann þorir ekki að koma nær.




HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.217 **-0,81%**

**Fjöldi viðskipta:** 219
**Velta:** 2.118 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENTURY ALUM.** | +3,72% |
| **BAKKAVÖR** | +1,56% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EIK BANKI** | - 6,97% |
| **FÆREYJABANKI** | -2,76% |
| **EXISTA** | -2,62% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 7,00 -0,43% ... Atorka 6,12 -1,29% ... Bakkavör 25,10 +1,56% ... Eimskipafélagið 14,30 0,00% ... Exista 6,69 -2,62% ... Glitnir 15,05 -0,66% ... Icelandair Group 16,45 -0,90% ... Kaupþing 733,00 -0,81% ... Landsbankinn 22,80 -1,30% ... Marel 89,30 -0,56% ... SPRON 3,25 0,00% ... Straumur-Burðarás 9,70 -0,92% ... Teymi 1,95 -0,51 ... Össur 87,90 0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Ísland auðmannanna

Fregnir af þyrlunotkun auðmanna, þar sem skotist er í pylsukaup í Baulu í Borgarfirði eða skutlast með steypu í bústaðinn við Þingvallavatn, hafa óneitanlega vakið mikla athygli að undanförnu og undrun, enda eru slík flottheit fremur kennd við 2007 en 2008 í daglegu tali fólks. Þótt ekki telji allir auðmenn nauðsynlegt að auglýsa ríkidæmi sitt með jafn áberandi hætti, er ljóst að talsverð breyting hefur orðið á Íslandi hin síðari ár með auknum og sýnilegri efnamun. Í því ljósi hlýtur væntanleg bók Guðmundar Magnússonar sagnfræðings að vekja athygli, en í henni verður fjallað um íslensku efnastéttirnar og þær miklu breytingar sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi frá því að það var almenn tilfinning fólks að hér á landi væri vart nokkur stéttamunur af því tagi sem þekktist erlendis og lífskjör jafnari en í öðrum löndum. Guðmundur hefur áður kannað svipaðar lendur, til dæmis með bók sinni um Thorsarana, sem seldist eins og heitar lummur um árið. Gæti hér ekki verið komin metsölubókin í ár?



### Óvenjulegt starf

Heldur óvenjuleg starfsauglýsing birtist í blöðunum í gær frá sjónvarpsstöðinni ÍNN, þar sem auglýst er eftir markaðs- og kynningarstjóra. Auk alls þess sem sá titill gefur til kynna að felist í starfinu, er tekið fram að viðkomandi þurfi að vera búinn undir að farða stjórnendur og gesti, stjórna eigin þætti, vaska upp og verða almennt skemmtilegur og í góðu skapi. Laun fyrir þetta eru sögð „örugglega breytileg". Við spáum metfjölda umsókna.

## Spá minnkandi verðbólguhraða

Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir minni verðbólguhraða og að verðbólga aukist um 0,5 prósent í júlí. Deildin býst við 13,1 prósents verðbólgu á ársgrundvelli í mánuðinum og að hún nái hámarki í ágúst og nái hámarki í haust, verði rúm fjórtán prósent. Greining Glitnis hefur aftur á móti spáð því að verðbólguhraðinn aukist, vísitala neysluverðs hækki um 1,6 prósent í mánuðinum. Tólf mánaða verðbólga verði 14,3 prósent í þessum mánuði og 15,6 prósent í ágúst. Verðbólgan jókst um 0,9 prósent í síðasta mánuði, samkvæmt mælingu Hagstofunnar. **- ikh**





**ERFIÐLEIKAR SWEDBANK** Talið er að sænski bankinn Swedbank hafi tapað einu til þremur prósentum af kröfum sínum í Eystrasaltslöndunum. MARKAÐURINN/SWEDBANK

# Svíar í vandræðum

Miklar vangaveltur hafa verið um það hvort sænski bankinn, Swedbank, verði að afla sér nýs eigin fjár, jafnvel fyrir allt að tíu milljarða sænskra króna.

„Við þurfum ekki aukið eigið fé," segir Johannes Rudbeck framkvæmdastjóri fjárfestatengsla hjá Swedbank í viðtali við CNN. Hann bætir því við að bankinn sé ágætlega fjármagnaður.

Margir fjárfestar telja hins vegar að kólnun í Eystrasaltslöndunum geti haft slæm áhrif á rekstrarafkomu bankans. Hagvöxtur hefur dregist hratt saman og er það talið geta haft slæm áhrif á bankann. Um 30 prósent af tekjum hans hafa komið frá svæðinu frá árinu 2005.

Rudbeck segir að bankinn reikni með að tapa 0,5-0,7 prósentum af viðskiptum sínum í Eystrasaltslöndunum. Fjárfestar telja það vanmat og óraunhæft. Nær sé að reikna með að tapið nemi einu til þremur prósentum. Goldman Sachs gaf nýlega út spá þar sem spáð var að hagnaður bankans muni dragast saman um 30 prósent á þessu ári.

Swedbank er sjötti verðmætasti bankinn á Norðurlöndum og hafa bréf í bankanum fallið um tæplega 60 prósent á síðastliðnu ári. **- bþa**

# Glitnir selur í Fasteign

**Glitnir banki hefur selt tíu prósenta eignarhlut í Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. Glitnir hefur verið stærsti hluthafinn í félaginu ásamt Reykjanesbæ.**

**Glitnir hefur farið með 25 prósenta hlut en selur nú 10 prósent af honum til Eik Properties. Glitnir á helming í Eik Properties á móti Saxbygg ehf., félags í eigu Jóns Helga Guðmundssonar.**

**Aðrir hluthafar eiga forkaupsrétt í Fasteign og eru mörg sveitarfélög þar á meðal eins og Reykjanesbær, Vogar og Vestmannaeyjar. Hluthafar hafa nú þrjá mánuði til að ákveða hvort þau ætli sér að nýta forkaupsrétt sinn. Í eignasafni Fasteignar eru rúmlega 70 eignir af ýmsum gerðum og stærðum, samtals um 110.000 fermetrar. -as**

# Hrun hjá Roskilde

**Danski seðlabankinn veitir Roskilde Bank ábyrgðir. Líklegt að fleiri bankar þurfi aðstoð seðlabankans.**

Roskilde Bank hefur farið mikinn í útlánum til fasteignamarkaðarins í Danmörku og oft og tíðum verið ansi djarfur í fjárfestingum sínum. Meðan árferðið var gott var stefna bankans árangursrík. Árið 2005 var Roskilde Bank til að mynda í 1. sæti yfir þá norrænu banka sem höfðu ávaxtað eigið fé sitt mest fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins. Eftir að fór að kreppa að á danska fasteignamarkaðnum harðnaði á dalnum hjá Roskilde Bank. Bankinn hefur reynt um tíma að afla nýs hlutafjár án árangurs. Nú hefur danski seðlabankinn hlaupið undir bagga og veitt Roskilde Bank ótakmarkað lán með því skilyrði að kaupandi finnist að bankanum. Nordea, Handelsbanken og Svenska Handelsbanken hafa verið nefndir sem hugsanlegir kaupendur.

Bréf Roskilde Bank hröpuðu um 57% í fyrstu viðskiptum gærdagsins. Hann hefur því fallið um 87% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Seðlabanki Danmerkur vill ekki gefa það upp hvort það sé í augsýn að fleiri bankar muni hafa þörf fyrir viðlíka aðstoð og Roskilde Bank. Roskilde Bank er annar bankinn sem danski seðlabankinn kemur til bjargar en ekki er langt síðan hann veitti Bank Trelleborg aðstoð. Þá hefur Forstædernes Bank gefið út afkomuviðvörun fyrir árið 2008 auk þess sem gengi bréfa Danske Bank hefur fallið um helming frá upphafi ársins 2007. **- ghh**

# Búist við tugmilljarða afskriftum bankanna

**Búist er við því að Glitnir, Landsbanki og Kaupþing afskrifi að minnsta kosti áttatíu og fjóra milljarða króna á þessu ári og næsta. Helsta ástæðan sé skuldir fólks og fyrirtækja, vegna lækkunar hlutabréfaverðs og á gengi krónunnar.**

Greining Landsbanka gerir ráð fyrir að Landsbanki og Kaupþing þurfi samtals að afskrifa um sjötíu milljarða króna á þessu ári og næsta. Afskriftir í ár verði um þrisvar sinnum meiri en í fyrra. Sama á við um Glitni. Samkvæmt upplýsingum frá greiningardeild Kaupþings er gert ráð fyrir fjórtán milljarða afskriftum, tæplega þrisvar sinnum meira en í fyrra.

„Það eru tvær ástæður fyrir þessum afskriftum," segir Grétar Már Axelsson, sérfræðingur hjá greiningu Glitnis. „Annars vegar eru bankarnir að koma út úr góðæristímabili þar sem afskriftir hafa verið í sögulegu lágmarki. Það mikla tap sem hefur verið á hlutabréfamarkaði og lækkun krónunnar gerir það að verkum að afskriftir aukast mjög hratt og mun hraðar en menn sáu fyrir," segir hann.





**SPÁ FYRIR UM AUKNAR AFSKRIFTIR** Greining Glitnis telur afkomuhorfur versna. MARKAÐURINN/HEIÐA

Grétar segir afskriftirnar að mestu vegna aukinna skulda íslenskra fyrirtækja og einstaklinga. „Margir urðu fyrir áfalli vegna gengislækkunar," segir hann.

Greining Glitnis býst við því að afskriftir Landsbankans verði 19 milljarðar króna í ár. Bankinn afskrifaði sjö milljarða í fyrra. Því er ljóst að þær næstum þrefaldast í ár. Auk þess er talið að Landsbankinn þurfi að afskrifa 17 milljarða á næsta ári.

Greiningin spáir því að Kaupþing afskrifi 16 milljarða króna í ár. Kaupþing afskrifaði sex milljarða í fyrra. Því þrefaldast afskriftirnar líka þeim megin. Á næsta ári afskrifi Kaupþing átján milljarða króna til viðbótar.

Greiningardeild Kaupþings segir að Glitnir hafi afskrifað um fimm og hálfan milljarð króna í fyrra. Nú er gert ráð fyrir um þrisvar sinnum meiri afskrifum; fjórtán milljörðum króna.

Greining Glitnis spáir því að úrvalsvísitalan endi í 4.000 stigum í ár. Nú þegar árið er rúmlega hálfnað stendur hún í um 4.200 stigum. Þetta er talsverð breyting frá hennar fyrri spám. Í byrjun ársins spáði hún því að úrvalsvísitalan myndi enda í 7.200 stigum í lok árs. Í apríl hafði spáin lækkað í 5.600 stig og er nú 4.000 stig. Spá Glitnis frá því í janúar hefur því lækkað um 45 prósent. Glitnir segir þó kauptækifæri í Bakkavör og Marel Food Systems.

„Afkomuhorfurnar fyrir árið 2008 hafa verið að versna þegar liðið hefur á árið. Þetta á bæði við um grunnafkomu fjármálafyrirtækja sem og önnur rekstrarfélög," segir Valdimar Halldórsson, hagfræðingur í greiningu Glitnis. **annas@markadurinn.is**

# ÓÁNÆGJA MEÐ VERÐIÐ Á SPRON RÉÐ ÚRSÖGNINNI

„Meginskýringin er sú að ég er óánægður með það verð sem stjórn Spron leggur upp með í innlimunarferlinu við Kaupþing," segir Rögnvald Othar Erlingsson.

Hann hefur sagt sig úr varastjórn Spron. Hann segir að úrsögnin sé ein leið til þess að tjá þá skoðun sína að hann sé ósammála stjórn Spron um þetta.

Hann segir jafnframt að fleiri ástæður liggi að baki uppsögninni. „Ég vil ekki fara nánar ofan í það. Þetta er fyrsta og stærsta málið. Það mætti segja ýmislegt fleira ástæður mínar," segir Rögnvald.

Birkir Baldvinsson hafði áður sagt sig úr varastjórn. Ástæða þess er ókunn.

Stjórnir Spron og Kaupþings hafa komið sér saman um að Kaupþing taki yfir Spron. Verðið er markaðsverð í Spron 30. júní, að viðbættu fimmtán prósenta álagi. Það gerir 3,38 krónur á hlut; 60 prósent greiðslunnar eru í formi hlutabréfa í Exista og restin í hlutum í Kaupþingi.

Samruninn er háður samþykki hluthafafundar í Spron sem verður haldinn í byrjun næsta mánaðar, auk samþykkis Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.

Því má halda til haga að Guðmundur Hauksson, forstjóri Spron, situr í stjórn Exista. Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður Spron, er forstjóri Exista. **- ikh**



**GUÐMUNDUR HAUKSSON** Forstjóri Spron hefur talað fyrir sameiningu við Kaupþing. Rögnvald Erlingsson hefur sagt sig úr varastjórn Spron vegna óánægju með þau kjör sem hluthöfum Spron bjóðast í skiptunum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Tilboðsdagar

**Til sunnudags**

## 30% afsláttur af öllum vörum í Habitat Holtagörðum



Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði

Opið 10-19 mán-fös, 10-18 lau og 12-18 sun. **Te & Kaffi** opið alla daga.

habitat

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vitaskuld er fullur einhugur innan Samfylkingarinnar um umhverfisvernd og orkunýtingu.

## Fagra Ísland

**BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR**

Óbilgjarnir aðilar stíga fram hver á fætur öðrum og vilja meina að Samfylkingin í ríkisstjórn sé fylgjandi stóriðju og nýtingu orkunnar í vatnsföllunum og iðrum jarðar, en taki ekki mið af Samfylkingunni í stjórnarandstöðunni sem vildi hvorugt og setti saman um þá stefnu sína kver nokkurt sem síðar hefur orðið víðfrægt og ber heitið Fagra Ísland.

Auðvitað sjá allir hversu fráleitur þessi málflutningur er. Þess vegna er bæði ósanngjarnt og óréttmætt af Ungum jafnaðarmönnum að átelja ráðherra Samfylkingarinnar fyrir að stuðla að tveimur nýjum álverum á Íslandi og ganga þar með gegn stefnu flokksins í umhverfismálum. Aukinheldur er ekki við hæfi að vísa í þann kafla úr Fagra Íslandi, þar sem orðrétt segir að slá skuli „ákvörðunum um frekari stóriðjuframkvæmdir á frest þangað til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði Íslands og verndun þeirra hefur verið tryggð“. Þetta hljóta allir að sjá.

Forsíðufrétt Fréttablaðsins í fyrradag um að minnihluti þingflokks Samfylkingarinnar styðji Fagra Ísland hlýtur að vera sama marki brennd. Auðvitað eiga fjölmiðlar ekkert með það að standa fyrir liðskönnun af slíku tagi. Hvað þá að flytja fréttir af þingflokksfundum stjórnarflokka, sem boðaðir eru vegna óánægju ráðherra með orð og gjörðir samráðherra sinna. Enginn skilur þetta betur en formaður þingflokksins, sem telur alveg fráleitt að ákvarðanir um álver í Helguvík og á Bakka séu verk þessarar ríkisstjórnar, heldur byggist þær á afstöðu fyrri ríkisstjórnar.

En formaður þingflokksins hittir fleiri nagla á höfuðið í frétt sem birt er á vefsíðu Samfylkingarinnar, sem viðbrögð við þeim meinlega misskilningi sem virðist orðinn útbreiddur að Samfylkingin styðji ekki eigin stefnu. Hann bendir á að hvergi sé minnst á að stöðva byggingu álvera í stefnu ríkisstjórnarinnar. Í samsteypustjórnum liggi líka fyrir að stefnur hvors flokks séu ekki teknar ómengaðar inn í stjórnarsáttmála, heldur reyni menn að finna sameiginlega niðurstöðu. „Eftir þeim sáttmála er unnið“, bætir þingflokksformaðurinn svo við.

Þetta er auðvitað kjarni málsins og alveg laukrétt hjá þingflokksformanninum, sem óumdeilt er einhver mestur þungavigtarmanna í flokknum. Það getur vel verið að samin hafi verið stefna og hún skýrð Fagra Ísland. Menn geta svo rýnt í hana og skilgreint að vild. En við komuna í ríkisstjórn varð til ný stefna og sáttmáli nýrrar stjórnar. Og þar er hvergi minnst á Fagra Ísland. Eða stóriðjustopp. Hvað þá bann við frekari virkjunum.

Þess vegna er mikilvægt að fjölmiðlar og aðrir misvitrir álitsgjafar átti sig sem fyrst á þessum grundvallarstaðreyndum og veiti ráðherrum Samfylkingarinnar nauðsynlegan vinnufrið til að halda áfram sínum störfum, en séu ekki að kvabba í þeim í tíma og ótíma um einhver stefnumál sem sett voru saman í fornöld og skipta engu máli núna. Slíkt er auðvitað ómálefnalegt og ekki til þess að skapa hér nauðsynlega festu í stjórnmálunum. Sömuleiðis er mikilvægt að nöldurseggir á borð við umhverfisverndarfólk og Unga jafnaðarmenn hætti öllum frekari undirróðri í flokksstarfinu.

Misskilningnum hefur nú verið eytt. Fagra Ísland er enn í fullu gildi og Samfylkingin stendur einhuga að því. Samfylkingin í ríkisstjórn hefur þó öðrum hnöppum að hneppa en glugga í rykug blöð úr kosningabaráttunni og er auðvitað bundin sínum stjórnarsáttmála. Og við það situr.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ný Svörtuloft**

Tíu metra langur útsýnisgluggi var afhjúpaður í Gestastofu við Lækjargötu á fimmtudag, en í gegnum hann verður hægt að fylgjast með tónlistarhúsinu rísa við Austurbakka. Margt góðra gesta var við athöfnina, til dæmis Björgólfur Guðmundsson, Björn Bjarnason og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sem hélt stutta tölu. Gestastofa er á efstu hæð í sama húsi og strætisvagnastöðin við Lækjartorg, sem nýlega var málað svart, en steinsnar frá stendur Seðlabanki Íslands. Sagðist Þorgerður Katrín meðal annars vona að hugsunin yrði frjórri í þessum Svörtuloftum en í þeim hinum megin við Kalkofnsveginn og uppskar mikil hlátrasköll.





**Einfalt mál**

Reykvíkingar fengu inn um bréfalúguna í gær bækling frá borgaryfirvöldum þar sem leitað er eftir ábendingum frá íbúum um smærri nýframkvæmdir og almennar betrumbætur á borginni. Með fylgir lýsing á hvernig hugmynd verður að veruleika í fimm einföldum skrefum:
1. Hugmynd að framkvæmd kviknar.
2. Hugmyndinni er komið á framfæri, til dæmis á ábendingarvef 1,2 og Reykjavík á heimasíðu Reykjavíkurborgar; við stýrihóp í hverfi á málþingi, barnaþingi eða í öðru samstarfi við stofnanir og félagasamtök í hverfi; á samráðsfundum borgarstjóra í hverfum borgarinnar að vori; með símhringingu í símaver Reykjavíkurborgar.
3. Hugmyndin er rædd á samráðsfundi íbúa og borgarstjóra.
4. Hugmyndin ratar inn á óskalista hverfis ásamt níu öðrum hugmyndum um nýframkvæmdir í hverfinu. Sérfræðingar innan borgarkerfisins kanna hvort og hvernig mögulegt er að framkvæma hugmyndina.
5. Hugmyndin er framkvæmd.

Einfaldara getur það ekki verið.

bergsteinn@frettabladid.is

# Páll í fangi Björns



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Paul Ramses

Það var óstoltur Íslendingur sem sat úti í sólinni, horfði á norðlensk fjöll og hlustaði á kvöldfréttir Stöðvar 2 í liðinni viku. „Þeir komu bara, handtóku hann og fluttu hann burt. Nú veit ég ekkert hvenær eða hvort við sjáum hann aftur,“ sagði grátklökk kona á ensku með fjarlægum hreim. Í bakgrunni hjalaði nýfætt barn. Hér þurfti að leggja bæði eyrun við til að trúa því að fréttin væri íslensk. Því þetta viðtal var ekki tekið í sprengjurústum í Bagdad eða sveitaþorpi í Simbabve heldur í miðri höfuðborg Íslands sumarið 2008. Hér var komin ein af niðurlægingarstundum íslenskrar samtímasögu sem tyllti sér þegar hátt á Vondustundalistann, á milli allra krónufallanna og þess þegar Davíð dásamaði Íraksstríðið í afmælisboði hjá Bush.

Lengi höfðum við skammast okkar fyrir dáðleysi ráðamanna í hælismálum þar sem einföld pólitík gildir í flóknum málum: Allir sem hægt er að senda burt eru sendir burt en hinir geymdir á hóteli í Keflavík. Jafnvel í fjögur ár ef þarf. Og „Útlendingastofnun“ látin sjá um framkvæmd. (Ég er ekki að biðja um að nafni stofnunarinnar verði breytt í eitthvert PC-pirrandi skjallyrði eins og „Gestastofa“, en hið forneskjulega heiti segir þó margt um viðhorf okkar í þessum málum.)

Auðvitað þýðir ekki að bjóða upp á barnaskap í málefnum hælisleitenda og ólöglegra nýlanda. Einhverjar reglur verður að halda svo Reykjanesskaginn fyllist ekki af flóttamannahótelum en það er í þessu sem öðru; litla ríka þjóðartíkin í norðri er fremur þiggjandi en gefandi. Sjálf vill hún ferðast um víðan hnött en heima bíður húsið læst. Vindbarin þjóð er nísk á skjólið.

Um leið og okkar aumasti lyfjasmyglari stígur stóru tá í erlent fangelsi er okkur að mæta. En sígauni sem selur gullhring úr plasti á húströppum á Selfossi er óðar snúinn niður og sendur úr landi. „Talsvert magn peninga fannst í fórum fólksins,“ var kveðjan sem fréttastofa Sjónvarps sendi hópnum sem tókst að plata gullkort úr plasti úr veskjum Sunnlendinga sumarið 2007.

Kenýamaðurinn Paul Ramses virðist merkilegur um margt. Ungum sárnar honum ástandið í heimalandi sínu og ákveður að leggja sitt af mörkum: Vinnur uppbyggingarstarf, stofnar skóla, fræðir stúlkur um heimilisofbeldi … Frænka hans býr á Íslandi og þangað fer hann til ársdvalar. Hér kynnist hann fólki sem sinnir hjálparstarfi á vegum SÞ og ákveður að leggja því lið; gerist ómetanlegur tengill skrifstofustarfsins á Íslandi og vettvangsverka í Kenýa. Þá hellir hann sér út í stjórnmál, fer í framboð fyrir stjórnarandstöðuna, allt til að betra ástandið. Stjórnin svindlar í kosningum og í kjölfarið eru andstæðingar hennar hundeltir um allar sveitir. Framboðsfélagar Ramsesar finnast ýmist hvergi eða látnir. Íslendingar sem enn stunda hjálparstarf í Kenýa staðfesta að útsendarar ofbeldisstjórnar hafi komið í búðir þeirra í leit að Íslandsvininum Paul. Stuttu síðar tekst honum að flýja. Til Íslands. Ólétt eiginkona hans fylgir með. Nokkrum mánuðum síðar fæðir hún barn þeirra á Íslandi. Hvorugt þeirra er löglegt í landinu, og ekki barnið heldur. Það kom víst pappírslaust í heiminn.

Hvað gera sveitabændur þá? Þeir taka reglu fram yfir rök og kýrin sú er skýr: Þeir sem hingað flýja eru sendir til baka. Því er Paul handtekinn og stungið inn í næstu vél. Burt. Maðurinn sem hafði dvalið hér á landi heilan vetur og tekið þátt í íslensku hjálparstarfi fann hér enga hjálp þegar á reyndi. Ísland er ekki vinur allra Íslandsvina. Erum við gott fólk?

Nú má vera að ofansögð „ævisaga“ sé hreinn uppspuni eða stórlega ýkt af fjölmiðlum og bloggurum. Þó eru meiri líkur en minni á því að hún sé sönn. Er það ekki nóg? Áhættan sem fylgir því að taka hana trúanlega er svo miklu minni en mannslífin sem hugsanlega eru í hættu.

Brottvísun Útlendingastofnunar á þeim óæskilega útlendingi Paul Ramses hefur nú verið kærð til dómsmálaráðherra. Björn Bjarnason hefur fengið málið í fangið. Hann á kost á því að sameina sundraða fjölskyldu og hugsanlega bjarga lífi flóttamanns sem nú er horfinn inn í það völundarhús sem ítalskt réttarkerfi er. (Fyrr mun blökkumaður klæðast ítölsku landsliðspeysunni en við öðlumst trú á ítalskt réttarfar.) Ríkisstjórnin öll á kost á því að bjarga andlitinu. Sínu jafnt sem okkar. Hún á að setja málið í forgang. Af öllum þeim vandamálum sem liggja á hennar borði eru víst ekki mörg sem varða líf og dauða. Við skorum á ykkur að bjarga Páli Ramses. Og heiðri Íslands.

# Niðursveiflan skýrir kostina

**UMRÆÐAN**

Bjarni Már Gylfason



BJARNI MÁR GYLFASON

Niðursveifla í íslensku efnahagslífi er hafin af fullum þunga og líkur til að vöxtur á þessu ári og því næsta verði lítill, jafnvel enginn. Atvinnuleysi mun aukast og kaupmáttur mun dragast saman vegna mikillar verðbólgu. Sama niðursveifla virðist hrjá flest ríki í hinum vestræna heimi og þeir raunar telja margir að upphafið að niðursveiflunni á Íslandi eigi m.a. rætur að rekja til alþjóðlegrar lausafjárkreppu sem nú ríður yfir.

Í gegnum tíðina hafa veigamestu rök þeirra sem helst vilja halda í íslensku krónuna verið á þá leið að hagsveiflur á Íslandi séu ekki í takti við það sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. Þegar svo háttar er sambúð ríkja í myntbandalagi erfið því sama vaxtastig hentar ekki öllum löndunum. Hætt er við atvinnuleysi þegar illa gengur í efnahagsbúskapnum en mikilli verðbólgu þegar betur árar.

Í sögulegu samhengi hefur hagsveifla á Íslandi verið úr takti við hina evrópsku. Ástæðan er aðallega sú að rætur hagsveiflna á Íslandi mátti einkum rekja til sjávarútvegs, annaðhvort vegna aflabrests eða verðlags á sjávarafurðum. Hagkerfið hefur gerbreyst á rúmum áratug og enginn fótur er lengur fyrir þessum rökum. Áður fyrr byggðist útflutningur fyrst og fremst á sjávarútvegi en nú hvílir útflutningur einnig á stóriðju, margvíslegri þjónustu á sviði samgangna, fjármála og hátækni. Eftir því sem fjölbreyttari útflutningur knýr hagkerfið áfram þeim mun háðara verður það hagkerfum viðskiptalanda okkar. Fyrir vikið eru líkur á verulegum frávikum í efnahagsbúskap okkar og annarra Evrópulanda minni. Aukin samhverfni veldur því að vaxandi líkur eru til þess að hjarta íslenska efnahagslífsins slái í takt við hið evrópska. Á það má einnig benda að upptaka evru og innganga í Evrópusambandið muni eitt og sér verða til þess að íslenska hagsveiflan líkist æ meir þeirri evrópsku. Sameiginlegur gjaldmiðill ætti að auka flæði vöru og þjónustu og auðvelda erlendar fjárfestingar milli svæða.

Þær þrengingar sem nú er við að etja í efnahagslífinu eru skýrasta dæmið um hvernig efnahagslíf okkar hefur breyst. Aðstæður hér mótast að miklu leyti af því hvernig vindar blása í heimsbúskapnum. Sú staðreynd er um leið mikilvæg forsenda þess að heppilegasta fyrirkomulag gengismála á Íslandi er að ganga í myntbandalag Evrópu og taka upp evru í stað krónu. Niðursveiflan sem nú gengur yfir skýrir því kostina.

*Höfundur er hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.*

# ÚTSALAN
## Í FULLUM GANGI!

**40%**
afsláttur af
öllum vörum!

Kringlunni • Sími 551 3200

next

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL




40% AFSLÁTTUR

PIRI-PIRI KRYDDPOKI FYLGIR MEÐ Í BAKKANUM

## PIRI PIRI KJÚKLINGUR

Holta ferskar kjúklingabringur með Piri-Piri kryddblöndu

**1679 kr./kg.** MERKT VERÐ 2798 KR./KG.



899

## BEINHREINSUÐ BLEIKJA

NF Íslenskir bleikjubitar beinlausir með roði

**899 kr./kg.**



2359

KS ferskt lambafillet

**2359 kr./kg.**



6 STK 2998

Nautasteikur frá Hollandi 1200g

200g x 6 STEIKUR **2998 kr.**



4 STK 1998

Ungnautafillet frá Hollandi 800g

200g x 4 STEIKUR **1998 kr.**




40% AFSLÁTTUR

Holta ferskir skornir-kjúklingavængir

**299 kr./kg.** MERKT VERÐ 499 KR./KG.




40% AFSLÁTTUR

Holta fersk krydduð hversdagssteik

**516 kr./kg.** MERKT VERÐ 859 KR./KG.




200 KR. AFSLÁTTUR

1098

Gullfiskur bitafiskur 200g

**1098 kr**

Pepsi MAX

2ltr

**118 kr.**




118




698

10 Malt-dósir í kassa

**698 kr./kassinn**

33 CLTR




1798

Bónus hangiálegg

**1798 kr./kg.**

FITUMINNA 1998 KR.KG.




198

Bónus fetaostur blár

**250g 198 kr**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL



2998

## HOLLENSK NAUTALUND

Hollensk ungnautalund (FRYSTIVARA)
**2998 kr./kg.**




398

## FERSKAR DÖÐLUR

Ferskar döðlur ný uppskera
**398 kr.** 650g




30% AFSLÁTTUR

Ali grill svínakótilettur
**1315 kr./kg.** MERKT VERÐ 1879 KR./KG.




30% AFSLÁTTUR

Ali grill svínahnakkasneiðar
**1315 kr./kg.** MERKT VERÐ 1879 KR./KG.



30% AFSLÁTTUR

SS grískar grill svínahnakkasneiðar
**1252 kr./kg.** MERKT VERÐ 1788 KR./KG.



40% AFSLÁTTUR

Bónus jurtakrydduð kjúklingalæri -
**408 kr./kg.** MERKT VERÐ 679 KR./KG.




498

Bónus íslenskir ungnaugahamborgarar
4 STK M/BRAUÐI **498 kr.**



## INNFLUTTIR UNGNAUTA-HAMBORGARAR

## 100% HREINT KJÖT

| | | |
|---|---|---|
| 80 GRÖMM | **898 kr.** | 10 STK. |
| 100 GRÖMM | **1079 kr.** | 10 STK. |
| 120 GRÖMM | **1259 kr.** | 10 STK. |



259

Myllu skúffukökur 380g
**259 kr./stk.**



988

KS frosið lambalæri
**988 kr.**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## Enn flýgur Hrafninn

Ingvi Hrafn Jónsson er að ljúka sínu síðasta sumri sem vert við Langá í Borgarfirði. Í viðtali við Fréttablaðið ræðir hann um þriggja áratuga uppbyggingarstarf, bruðlið í laxveiðinni og sérsveitarvædda veiðimenn.

## Uppáhaldssöfnin

Íslenski safnadagurinn er á morgun. Fréttablaðið fór á stúfana og komst að því hvaða söfn menn kunna best að meta.

## Menning

## Menning fylgir Fréttablaðinu á sunnudag:

Skilaboð til heimsins: Kolfinna Baldvinsdóttir um stöðu flóttamanna
Til minningar um Brynju: Ljóð eftir Birnu Þórðardóttur
Erlendir gestir á Act Alone: Elísabet Brekkan
Þorláksmessa á sumri – Skálholtshátíðin
Ljóðheimur Ara Trausta: Sigurður Hróarsson
Vinsælasti söngleikur allra tíma – Mamma mia
Velgengni Óla G. Jóhannssonar veröld myndlistarinnar

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





MAÐUR VIKUNNAR

# Landflótta landsliðsmaður

Paul Ramses Odour frá Kenía er ungur að árum, 31 árs gamall. Hann fæddist í Mathare-fátækrahverfinu í Naíróbí, höfuðborg Kenía. Í Mathare eru reyndar nokkur slömm saman og telja yfirvöld að þar hírist alls um hálf milljón sálna.

Paul missti snemma foreldra sína og var alinn upp af stóra bróður sínum. Hann fékk þó ekki að vita um þessi örlög fyrr en hann var kominn nokkuð á legg. Bróðir hans hlífði honum við því, og lét sem Paul væri sonur sinn.

Skólagangan gekk fyrir öðru hjá hinum unga Kenía-Páli. Hann var staðráðinn í að afla sér sem bestrar menntunar og komst í menntaskóla.

Snemma sýndi Paul hæfileika sem fótboltastrákur. Segja má að hann hafi sparkað sér upp úr fátækrahverfinu, því hann komst ungur í Utalii-liðið, sem er rekið af stórri hótelkeðju. Um árabil lék hann fyrir keníska landsliðið og spratt af þeim ferðalögum ævilangur áhugi hans á öðrum þjóðum. Það var í fótboltanum sem hann fékk viðurnefnið Pata, sem er kenísk stytting á *president*, forseti. Nafnið kom til af því að hann talaði svo mikið. Á þessum árum og ferðalögum varð hann meðvitaður um að hann væri fyrirmynd ungs fólks og leit á sig sem óopinberan sendiherra þjóðar sinnar.

Í þjónustu Utalii-keðjunnar fékk Paul starfsþjálfun í hótelrekstri og viðskiptamennt. Og skotsilfur. Hann lagði allt fyrir sem hann gat og safnaði sér fyrir háskólanámi.

„Hann hugsaði aldrei um sig sjálfan sem mann í fátækrahverfi, hann hugsaði um sig í framtíðinni,“ segir vinur hans.

Stjórnmál hafa ætíð verið hugleikin Pata og hann talar helst um fátt annað. Hann lætur stjórnast af réttlætiskennd og liggur ekki á skoðunum sínum. Hann er umbótasinni og þolir ekki landlæga spillingu heimalandsins. Ramses langar að hjálpa börnunum í Mathare til þroska, mörg þeirra eru munaðarlaus eins og hann. Paul taldi að ef hann berðist ekki fyrir breyttum aðstæðum og hans kynslóð, yrði ástandið bara verra. Hann svíður að sjá þróunaraðstoðarfé og annað frá ríku löndunum lenda í vasa stjórnmálamanna. Þetta fékk hann til að flækja sér í pólitík. Hann hefði vel getað stigið til metorða, til dæmis hjá Utalii-keðjunni. En hann sneri aftur til Kenía til að berjast.

Sonur Pauls, Fídel Smári, er nefndur eftir tveimur stórmennum, hvor á sínu sviði. Fídel kemur frá hinum aldna leiðtoga Kúbu. Foreldrarnir vona að styrkur og ákveðni Kastrós smitist í soninn með nafninu. Seinna nafnið er eftir Eiði Smára Guðjohnsen fótboltakappa. Því Paul er mikill aðdáandi Chelsea-liðsins, sem Eiður lék eitt sinn með. Leikur með Chelsea er honum mikilvægari en kvöldmáltíð. Hann borðar ekki á meðan leik stendur. Paul þótti of kalt til að spila góðan fótbolta hér á landi, en æfði þó með Val, þegar tími gafst til.

Paul er trúaður maður og miðar líf sitt við líf spámannsins frá Galíleu, að því leyti að hann gerir ekki þá hluti sem Jesús hefði talið illa. Hann drekkur hvorki né reykir og hann biður fyrir óvinum sínum. Uppáhaldsdrykkurinn er mangósafi.

Af öðrum hetjum Kenía-Páls má nefna hinn bandaríska leiðtoga blökkumanna, Martin Luther King. Ræður hinnar myrtu hetju á Paul á bandi og hlustar oft á þær. „Paul er hrifinn af því að King hafi talað fyrir réttindum fólksins, án þess að hvetja til ofbeldis,“ segir vinur hans. Annars les Paul mikið í frítímanum, mest um stjórnmál, heimspeki og sögu, en engar skáldsögur.

Paul er af Luo-ættbálki, eins og forsetaframbjóðandinn bandaríski Barack Obama. Hann var svo vinsæll í sínu kjördæmi að honum tókst, sem kosningastjóri OMD-flokksins, að koma Kibuki-konu til embættis, þar sem meirihluti kjósenda er af Lou-bálkinum. Seinna kom í ljós að hún höfðaði ekki beinlínis til borgaranna. Bað hún þá Paul að koma og tala við kjósendurna í sinn stað.

Honum er lýst sem upplýstum rósemdarmanni og framfarasinnuðum fyrir hönd lands síns og Afríku. Hann vill leggja sitt að mörkum.

Páli er lýst fullum meðlíðan og hugulsemi. Þegar hann starfaði hér fyrir Samhjálp fann hann til samkenndar með þeirri hugsjón, hún gæti komið fíklunum í Naíróbí vel. Hann hefur breytt lífi margra til hins betra, meðal annars þegar hann hjálpaði til við að koma munaðarleysingjahæli ABC-barnahjálpar á laggirnar.

### PAUL RAMSES ODUOR




### ÆVIÁGRIP

Paul Ramses Oduor, stundum kallaður Pata, fæddist í Mathare, fátækrahverfi Naíróbíborgar, Kenía, 10. nóvember 1976. Hann sleit þar barnsskónum. Foreldrar hans létust þegar hann var ungur og hann var alinn upp af stóra bróður sínum.

Hann lék knattspyrnu á yngri árum og vann í hótelbransanum meðan hann safnaði fyrir háskólanámi í Bretlandi. Hann lék með landsliði Kenía, frá 1993 til 1998. Hann fór árið 2005 til Lundúna, til að sækja um vist við háskóla, en var meinað um dvalarleyfi. Árið 2006 hóf hann nám við háskólann í Naíróbí og lærði heimspeki og sögu. Hann hvarf frá námi vegna blankheita og stjórnmálaáhuga, en býr að starfsnámi úr hótel- og veitingabransanum.

Hann kom fyrst til Íslands árið 2004, á vegum AUS-ungmennaskipta, og hefur komið hingað árlega síðan.

Hann kynntist konu sinni, Rosemary Atieno Athiembo, árið 2001 í guðsþjónustu og þau giftust árið 2006. Hann eignaðist soninn Fídel Smára á Íslandi árið 2008. Sama ár sótti hann um pólitískt hæli á Íslandi, en var sendur til Ítalíu og bíður þar eftir að yfirvöld taki mál hans til skoðunar.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Við kynntumst honum sem grandvörum og vel gefnum manni.“
-Atli Harðarson, heimspekingur og kennari. www.atlih.blogg.is

### HVAÐ SEGIR HANN?

„Það, að hjálpa ekkjum og munaðarlausum og landinu mínu, er eitthvað sem ég hef fengið frá guði. Til þess þarf ekki peninga eða háskólagráður. Það þarf bara kærleika. Ef ég deili ekki því litla sem ég á með þeim, þá deila þau bara fátækt sinni og eymd með mér.“
-Í viðtali við Fréttablaðið, 10. júlí 2008.


BT
ÚTSALA
- OG ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ!
COSHOGRAPHIC
32"
PHILIPS
PHILIPS
Philips 32" LCD Sjónvarp
Eitt það allra þynnsta sjónvarp frá Philips hingað til. Stílhreint sjónvarp með háglans áferð og Ambilight baklýsingu gerir þetta sjónvarp að hinu fullkomna tæki á hvert heimili. (Vörunúmer: 157649)
• HD Ready
• Upplausn: 1366 x 768
• Skerpa: 7500:1
• Svartími 8ms
• Ambilight 2 -baklýsing
• Digital Natural Motion
• Digital tuner
• Pixel Plus 2 HD
139.999,-
49.999,-
Ódýrust á íslandi!
This is living
PLAYSTATION 3
44.999,-
7.000,- VERÐLÆKKUN
Canon
Canon digital myndavél
Ixus 970 er ein sú öflugasta fra Canon, með öflugri upplausn sem og glæsilegt útlit. (Vörunúmer: 300012) VERÐ ÁÐUR 51.999,-
• 10 Megapixlar
• 5x Optical aðdráttur
• 2,5" LCD skjár
• Face dectection
• Motion Dection
• Lagfærir rauð augu
DIGITAL IXUS 970 IS
GARMIN
Garmin GPS
Garmin Nuvi 360T er meira en bara leiðsögutæki. Með Bluetooth geturðu tekið á móti og hringt handfrjálst með GPSinum. (Vörunúmer: 159620)
• 3,5" Skjár
• Evrópukort
• TMC móttakari
• Batteriending: allt að 8 tímar
• MP3 spilar
• SD kortarauf fyrir meira minni
Hamrahlíð
140
Menu
4:20
27.999,-
5.000,- VERÐLÆKKUN
Ef keypt er GPS og íslandskort 39.999,-
16.999,-
GARMIN
www.bt.is

# Þúsaldarveira í fjölmiðlum!

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** leyfir höfundur sér að afþakka blóðsúthellingar í sínu nafni. Einnig er upplýst að jörðin er aftur orðin flöt eins og pönnukaka og minnst á blábjána og fábjána og 17-orða-dellukenninguna.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**LAUGARDAGUR, 5. JÚLÍ.**

## Engar blóðfórnir í mínu nafni – takk!

Mæli með mjög athyglisverðri málverkasýningu Stefáns-Þórs í Borgarbókasafninu. Þar er að finna alvöru umhugsunarefni, eilíf og hafin yfir hégóma hvunndagsins.

Þessi málverkasýning fjallar um eldforn tákn sem Stefán-Þór hefur rannsakað og málað af mikilli listfengi og þolinmæði. Þarna er til að mynda sólkrossinn sem Eimskipafélag Íslands tók upp í merki sínu og svo nasistaflokkurinn í Hitlers-Þýskalandi sem aldrei skyldi verið hafa.

Fór á mótmælafund við dómsmálaráðuneytið í Skuggasundi. Þar verður daglega staðin mótmælastaða uns íslensk stjórnvöld hafa séð að sér og hætt við að ata hendur sínar og þar með íslensku þjóðarinnar í blóði Keníamannsins Pauls Ramses. Mér skilst að svonefnd Útlendingastofnun hafi ruglast í ríminu og talið sig finna einhverjar reglur frá Dublin sem gætu fríað Íslendinga undan því að hegða sér eins og mennskum mönnum ber skylda til að gera.

Samstaða var um það á fundinum að afþakka blóðfórnir Útlendingastofnunar og biðja þess í stað um að flóttafólki verði sýnd gestrisni, réttlæti og mannkærleikur.

**SUNNUDAGUR, 6. JÚLÍ.**

## Afsakið: Blábjáni – ekki fábjáni

Meðan ég man ætla ég að biðjast afsökunar á því að hafa notað orðið „fábjáni" í dagbókinni minni í síðustu viku. Það var vanhugsað.

Einn af mínum eftirlætisbloggurum sem heitir Árni hefur nefnilega bent réttilega á að sú manntegund sem ég átti við flokkast undir svonefnda „blábjána" en ekki venjulega „fábjána". Þetta leiðréttist því hér með.

**MÁNUDAGUR, 7. JÚLÍ.**

## Að senda til Ítalíu eftir réttlæti

Við litla Sól fórum saman á hádegisfundinn í Skuggasundi fyrir utan dómsmálaráðuneytið. Fundurinn var stuttur og snarpur og við skemmtum okkur við að teikna með krít á gangstéttina meðan við hlustuðum á ræðuhöldin. Vona að það verði ekki lagt út á verri veg.

Áður en við fórum heim gátum við heilsað upp á Rosemary, konu



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

Pauls, sem var þarna með barn þeirra í vagni, innfæddan Íslending sem líka á að reka úr landi bráðlega. Litla Sól fékk að kíkja á drenginn í vagninum.

Ingibjörg Sólrún, sem er utanríkisráðherra, segist hafa sagt sendimanni Íslands á Ítalíu að reyna að sjá til þess að Paul Ramses fái réttláta málsmeðferð.

Reyndar skil ég ekki hvernig sendimaður íslensku ríkisstjórnarinnar á að nálgast ítölsku ríkisstjórnina og biðja hana um réttlæti til handa manni sem Íslendingar nenntu ekki að sinna og sendu til Ítalíu í staðinn fyrir að láta hann fá réttláta málsmeðferð.

En það er kannski ekki mitt mál, hvert íslenska ríkisstjórnin snýr sér ef hún er orðin uppiskroppa með réttlæti eins og peninga og hugmyndir, svo lengi sem árangurinn er einhver. En að ríkisstjórn Íslands sendi til Ítalíu eftir réttlæti – er það ekki að fara yfir lækinn til að sækja vatn?

Það getur verið erfitt að skrifa í Fréttablaðið því að þar eru margir góðir pennar á kreiki. Það situr í mér glæsileg setning eftir Guðmund Andra frá því í dag. Hún er svona:

„Embættismenn og ráðherra geta vísað út og suður í paragröff og póst bundnir af – til Dyflinnar, Rómar eða Brussel – en það fær því samt ekkert breytt að mannvonskan kemur ekki að utan. Hún kemur að innan." Svona skrifa bara beittustu pennarnir.

**MIÐVIKUDAGUR, 9. JÚLÍ.**

## Þúsaldarveiran og fjölmiðlarnir

Jörðin er aftur orðin flöt, það eigum við fréttum að þakka.

Ég var slappur í gær en fór þó á samstöðufundinn vegna Ramsesar. Hvernig dettur mönnum í hug að skilja móðurina eina eftir með barnið þeirra? Ég er viss um að ef leyniþjónustan lætur BB hafa góðar ljósmyndir af þessu fallega barni í vagninum verður pabbinn kominn heim til Íslands í næstu viku.

Í gigtarköstum get ég lítið gert annað en legið fyrir og lesið. Mér þótti það leiðinlegt að geta ekki staulast yfir Arnarhólinn í dag á samstöðufund með Paul Ramses fyrir utan dómsmálaráðuneytið í Skuggasundi.

Þess í stað var ég að lesa bók eftir margverðlaunaðan breskan blaðamann sem heitir Nick Davies: *FLAT EARTH NEWS*, sem þýðir eitthvað í þessa veru: *FRÉTTIR FRÁ JÖRÐ SEM ER FLÖT EINS OG PÖNNUKAKA*. Verðlaunafréttamaður FLETTIR OFAN AF ÓSANNINDUM, ÚTÚRSNÚNINGUM OG ÁRÓÐRI í FJÖLMIÐLUM HEIMSINS.

Nick Davies byrjar á því að rifja upp hinar æsilegu fréttir um „þúsaldarveiruna" voðalegu sem von var á að legði öll tölvukerfi heims í rúst á miðnætti þegar árið 2000 gekk í garð. Um þessa hroðalegu tölvuveiru hafði verið fjallað í öllum fjölmiðlum heimsins, en enginn blaðamaður hafði gert sér það ómak – eða haft tíma til þess – að afhjúpa að þessi frétt var aðeins tilhæfulaus uppspuni.

Davies segir frá því hvernig sífellt minni tími gefst til þess að „vinna" fréttir, því að höfuðtakmark flestra fjölmiðla er nú að skila ágóða með sem minnstum tilkostnaði.

Flestar fréttir berast fjölmiðlum frá opinberum aðilum, stórum stofnunum, og aðilum sem hafa augýsingastofur eða spunameistara á sínum snærum. Aðrar fréttir koma mestan part frá tveimur stærstu fréttaveitum í heimi, AP (Associated Press) og Reuters. Um þessar fréttastofur gegnir sama máli og einstakar ritstjórnir. Þær taka við fréttatilkynningum og hafa aðeins í örfáum tilvikum tíma og mannskap til að kanna sannleiksgildi þeirra og áreiðanleika.

Miðað við fjölda frétta sem frá þeim kemur virðast starfsmenn AP og Reuters þurfa að skrifa að minnsta kosti um fimm fréttir á dag, hver þeirra. Þá sér hver maður í hendi sér að tími til rannsókna, tími til að kanna bakgrunn og sannleiksgildi er af skornum skammti.

Það er undantekning að fjölmiðlar eigi lifandi og persónuleg samskipti við umhverfi sitt. Venjulegir fréttamenn eyða starfsdegi sínum á ritstjórninni, við símann og tölvuna. Ljósvakamiðlar senda fréttamenn til að taka upp viðtöl við stjórnmálamenn ef þeir eru þá ekki kallaðir í stúdíó.

Fréttir nú á tímum eru mældar í magni. Að segja sem flestar fréttir virðist vera keppikefli flestra fjölmiðla.

Veraldarmynd okkar verður alltaf fáránlegri og fjarlægari raunveruleikanum, þess vegna kallar Nick Davies bók sína FRÉTTIR FRÁ FLATRI JÖRÐ.

**FIMMTUDAGUR, 10. JÚLÍ.**

## 17-orða-dellan

Einn soldið hrokafullur og nær alvitur ritstjóri sem ég hitti ekki alls fyrir löngu hélt því fram að með tilkomu símans væri það liðin tíð að blaðamenn þyrftu að eyða tíma fyrir utan vinnubúðirnar á ritstjórninni. Hann er því miður ekki einn um þá skoðun.

Það er hægt að skrifa endalausar fréttir gegnum síma – en fjölmiðill sem aðeins hefur þráðlaust samband við samfélag sitt getur aldrei orðið lesendum sínum mikils virði.

Í íslenskri blaðamennsku er líka á kreiki hættuleg villukenning sem boðar að setningar megi ekki vera nema 17 til 19 orð. Þetta er regla sem bandarískum blaðamönnum hefur verið gefin til að leita uppi lægsta samnefnara fyrir blaðalesendur sem hafa orðaforða upp á 500 orð.

17-orða-blaðamenn fást einkum við að skrifa setningar eins og „Britney Spears var ekki í neinum nærbuxum í gærkvöldi". Eða „Sarkozy Frakklandsforseti móðgast ef hann er sagður lítill".

Alvörublaðamenn hugsa fremur um merkingu orða og innihald setninga en orðafjölda.


Viltu skjól á veröndina?






www.markisur.com og www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík

Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI

VERÐ FRÁ KR. 99

FRISSI FRÍSKI FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast

Íslensk tónlist - erlend tónlist ● **TÓNLIST** klassík - jazz - DVD tónlist



Takmarkað magn

Bestu plötur allra tíma fást á Risamarkaðinum



Þúsundir titla í boði

● **TÖLVULEIKIR**

Leikir á allar leikjarvélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo



VERÐ FRÁ KR. 999

● **DVD MYNDIR**



VERÐ FRÁ KR. 199

Nóg af bílastæðum

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

**Fréttaskýring:** Virkjanir í Þjórsá

# Miklu magni framburðar verður mokað upp á Þjórsárbakka

Miklar deilur hafa staðið um virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Andstæðingar virkjananna tína til fjölmörg rök gegn virkjununum, allt frá sandfoki og framburði að áhrifum á þorskstofninn. Þeir sem fylgjandi eru virkjununum segja að þar tali hávær minnihluti, sambýlið við virkjanir hafi gengið vel hingað til. Sveitarstjórnir allra sveitarfélaga á svæðinu styðja áform um virkjanir.

Virkjanir í neðri hluta Þjórsár hafa verið bitbein virkjunarsinna og virkjunarandstæðinga, bæði innan þeirra sveitarfélaga sem þær munu rísa í, og á landsvísu.

Landsvirkjun áformar að reisa þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár: Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Andstaða við virkjanirnar kemur eflaust fáum á óvart eftir átökin sem urðu um Kárahnjúkavirkjun.

„Ég vissi allan tímann að það gæti verið erfitt að koma til fólks, sem veit að vatnsréttindin eru í eigu ríkisins, þótt þau hafi ekki verið nýtt í 80 eða 90 ár, og segja því að allt í einu eigi að fara að nýta þessi réttindi. Allir menn geta ímyndað sér hvernig þeim yrði við,“ segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Hann bendir á að á fundi með sveitarstjórnarmönnum árið 2006 hafi ekki komið fram neinar athugasemdir við áformin.

Þegar rætt er við fólk sem býr nærri Þjórsá koma fram ólíkar skoðanir. Sumir benda á að sambúðin með virkjunum í efri hluta Þjórsár hafi gengið vel og eru hlynntir virkjununum.

Aðrir eru lítið hrifnir af áformunum og nefna ýmis rök fyrir þeirri skoðun sinni. Flestir nefna fyrst af öllu neikvæð áhrif fyrirhugaðra virkjana á náttúruna og breytt umhverfi við Þjórsá verði af virkjunum.

### Áhyggjur af sandfoki

Í skýrslum um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að mögulega þurfi að moka allt að 175 þúsund rúmmetrum af framburði árinnar upp úr lónunum á hverju ári.

Framburðurinn verður því að hámarki nægur til að fylla 12 þúsund vörubílspalla, eða 250 keppnissundlaugar í fullri stærð.

Af þessu hafa nágrannar árinnar nokkrar áhyggjur, sér í lagi að fínt setið muni fjúka yfir sveitina. Guðlaugur Þórarinsson, yfirverkefnisstjóri virkjananna hjá Landsvirkjun, segir það óþarfa áhyggjur. Framburðurinn verði græddur upp. Þá sé rennslið svo mikið í lónunum að fínasta setið setjist ekki til botns, heldur renni áfram.

Guðlaugur segir að jafnvel muni draga úr foki úr árfarveginum þar sem malareyrar sem nú séu berar fari undir lón.

Flestir sem andsnúnir eru virkjununum benda á að jarðvegurinn sé óheppilegur fyrir virkjanir. Miklar sprungur séu á svæðinu, sem hafi gengið til í jarðskjálftunum árið 2000. Því sé hætta á stíflurofi í jarðskjálftum. Þá sé bergið afar óþétt og erfitt verði að tryggja að lónin leki ekki.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir þetta vandamál sem verkfræðingar geti leyst. Framburður árinnar muni þétta botn lónanna. Ekki sé útilokað að sprungurnar stækki við skjálfta og lón tæmist. Það sé þó ekki óyfirstíganlegur vandi, þar sem hver virkjun sé fremur lítil og Landsvirkjun megi við því að ein þeirra framleiði ekki rafmagn í nokkurn tíma meðan unnið verði að þéttingu.

Varðandi stíflurofið segir Þorsteinn líkurnar á því afar litlar og hættuna takmarkaða þó svo fari. Verkfræðingar hanni stíflur og mannvirki miðað við aðstæður.

Íbúar nefna einnig áhrif virkjananna á laxastofninn í ánni. Þorsteinn segir að í dag sé stofninn talinn vera um 6.000 laxar og af þeim sé um helmingur veiddur í net við Urriðafoss á ári hverju. Landsvirkjun muni kaupa upp netveiðina og setja upp laxastiga.

Þá verði seiðum fleytt framhjá hverflum virkjananna. Það sé mögulegt þar sem seiðin syndi í efsta lagi vatnsins. Þegar þau fari af stað verði efsta lagi árinnar fleytt framhjá virkjununum.

### Barnið löngu dottið í brunninn

Sérfræðingar deila um meint neikvæð áhrif virkjana á þorskstofninn. Sumir telja þær teppa framburð ánna, sem beri næringarefni sem þorskurinn nærist á.

Forsvarsmenn Landsvirkjunar segja það ósannað, unnið sé að rannsóknum á þessum áhrifum.

„Hvað varðar Þjórsá er barnið löngu dottið í brunninn og búið að vera þar áratugum saman,“ segir Þorsteinn. Virkjanir ofar í ánni hefðu þegar haft áhrif á þorskinn, séu kenningarnar réttar.

Helgi Bjarnason, verkfræðingur hjá Landsvirkjun Power, bendir á að virkjanirnar séu heppilegar vegna þess að ekki þurfi að leggja raflínur frá þeim. Þær munu tengjast beint inn á línur sem liggja um svæðið, og þar sem þarf að leggja línur verði þær lagðar í jörð.



**ÞJÓRSÁRBAKKAR** Búist er við talsverðu magni framburðar í lón virkjana í neðri hluta Þjórsár. Landsvirkjun reiknar með að moka reglulega upp úr lónunum og græða upp á fyrirfram skilgreindum svæðum á bökkum árinnar. Árlega gæti þurft að moka upp magni sem dygði til að fylla 250 sundlaugar af sandi og möl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## REYNSLAN AF VIRKJUNUM VERIÐ GÓÐ

„Við komumst ekki af án þess að nýta okkur það sem náttúran hefur upp á að bjóða,“ segir Þrándur Ingvarsson, bóndi í Þrándarholti. Bærinn stendur vestan Þjórsár, skammt frá fyrirhuguðu lónsstæði við Holtavirkjun.

„Ég er ekki á því að það eigi að virkja alla skapaða hluti, en ég held að þetta sé ekki þannig að það megi ekki virkja,“ segir Þrándur. „Ég held að það sé frekar lítill hópur hér innan sveitar sem er á móti þessu, það eru aðrir sem hafa hæst. Þögli meirihlutinn er fylgjandi virkjunum.“



Ég held að það sé frekar lítill hópur hér innan sveitar sem er á móti þessu, það eru aðrir sem hafa hæst.

**ÞRÁNDUR INGVARSSON**

Þrándur segist raunar þeirrar skoðunar að fara hefði átt fyrst í Norðlingaölduveitu og Búðarhálsvirkjun, áður en farið væri í virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Áhyggjur af Þjórsárverum vegna Norðlingaölduveitu væru óþarfar.

„Við erum búin að vera í sambýli við virkjanir hér í áratugi og ég held að reynslan af því sé góð,“ segir Þrándur. Ferðamenn sæki að virkjununum og umgengni um þær sé góð.

Þrándur segir það versta við virkjanir sjónmengun af raflínum og í þessu tilviki þurfi ekki að bæta við línum. Þó megi búast við raski á meðan á framkvæmdatíma stendur.

Fjölmiðlar hafa að mati Þrándar dregið heldur taum þeirra sem andsnúnir eru virkjununum. Það helgist þó ef til vill af því að andstæðingarnir hafi hærra og séu duglegri að koma sér á framfæri.

## ÞARF MUN MEIRI RANNSÓKNIR

„Það eru engin rök að það sé búið að fjárfesta svo mikið í undirbúningi virkjananna, það er víst hægt að hætta við,“ segir Atie Bakker. Hún rekur sambýli fyrir þroskahefta í Skaftholti ásamt Guðfinni Jakobssyni eiginmanni sínum. Þau segja útivist á Þjórsárbökkum afar mikilvæga fyrir heimilisfólk.



Þeir vita að þetta gætu orðið síðustu vatnsaflsvirkjanirnar sem þeir reisa.

**ATIE BAKKER**

Bæði Guðfinnur og Atie hafa verið virk í starfi samtakanna Sól á Suðurlandi, sem barist hafa gegn virkjunum í Þjórsá. Þau vilja bæði að staldrað verði við og lagt í mun meiri rannsóknir áður en tekin verði ákvörðun um hvort virkja eigi í neðri hluta Þjórsár. Meðal þess sem þau vilja að verði rannsakað er hvort hægt verði að græða upp gríðarlegt magn framburðar sem dæla á upp á bakka lónanna. Þá þurfi að rannsaka áhrifin á laxastofninn í Þjórsá betur.

Guðfinnur segir enn fremur að vísindamenn hafi bent á samhengi milli virkjana og ástands þorskstofnsins. Þegar jökulfljót séu virkjuð minnki framburður sem nái til sjávar. Framburðurinn sé næring fyrir smádýr, sem aftur séu næring fyrir þorsk. Rannsaka verði þetta samspil miklu betur áður en teknar verði ákvarðanir um að virkja.

„Landsvirkjun skynjar að það liggur á að koma þessum virkjunum í gegn, tíminn vinnur á móti þeim. Þeir vita að þetta gætu orðið síðustu vatnsaflsvirkjanirnar sem þeir reisa,“ segir Atie.

## AFI OG LANGAFI TREGIR TIL AÐ SELJA

„Með þessum virkjunum á að raska landinu að illa ígrunduðu máli, mikið vill meira,“ segir Katrín Briem. Hún býr á Stóra-Núpi, skammt neðan við fyrirhugað stíflusvæði við Hvammsvirkjun. Afi hennar og langafi seldu Titan vatnsréttindi jarðarinnar.



„Það verður mjög lítið rennsli í ánni hérna,“ segir Katrín, en land hennar liggur meðfram Þjórsá á um tveggja kílómetra kafla. Hún segir mörgum spurningum ósvarað, ekki síst hvers vegna svo mikil áhersla sé lögð á að virkja Þjórsá til þess að selja stóriðju.

Samfélagið hér hefur alltaf byggt á landbúnaði og því skyldi það ekki ganga áfram?

**KATRÍN BRIEM**

Rannsaka þarf betur ýmsa þætti, svo sem jarðfræði svæðisins, vatnsbúskap og lífríkið við ána. „Það þarf meiri tíma og meiri umræðu,“ segir Katrín.

„Samfélagið hér hefur alltaf byggt á landbúnaði og því skyldi það ekki ganga áfram?“ spyr Katrín.

Hún segir Landsvirkjun hafa sent fólk til sín til að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir, en ekki til að reyna að semja um eitt né neitt. Enda sé ekki tímabært að semja, þar sem hún trúi því að ekkert verði af virkjununum.

„Afi minn og langafi voru vægast sagt tregir til að selja vatnsréttindin. Ég held þeir hafi verið þeir síðustu sem seldu,“ segir Katrín.

„Ég tel, þó ég hafi ekki verið á staðnum þegar það gerðist, að þeir hafi verið neyddir til að selja. Beittir þrýstingi, eins og verið er að gera við fólkið í dag.“

Katrín bendir á að einn landeigandi sem eins sé ástatt um hafi höfðað mál gegn Landsvirkjun og ríkinu til að fá á hreint hvort þessir gömlu samningar gildi. Það mál muni hafa skýrt fordæmisgildi fyrir sig og aðra í sömu stöðu.

## SEGIR STEFNT Á EIGNARNÁM Í AKBRAUT

„Lónið kemur aldrei til með að standa,“ segir Daníel Magnússon, bóndi í Akbraut. Bærinn stendur austan Þjórsár, og mun stöðvarhús Holtavirkjunar rísa þar sem bær Daníels stendur í dag.



Daníel segir að gamlar sprungur hafi gliðnað í jarðskjálftunum árið 2000. Hraunið eigi aldrei eftir að halda vatni, hvað þá ef fleiri skjálftar ríði yfir.

Persónulega segist hann ekki hrifinn af virkjanaáformum. Réttara væri að virkja annars staðar en í byggð, þurfi að virkja á annað borð.

Bærinn Akbraut er eina húsið sem þarf að víkja vegna virkjunarinnar og reiknar Daníel með að byggja upp að nýju um einum kílómetra frá núverandi bæjarstæði. Hann segir Landsvirkjun hafa rætt við sig nokkrum sinnum um bætur vegna rasksins, en hann vill að fyrirtækið taki þátt í því að byggja upp að nýju á nýjum stað. Hann sakar Landsvirkjun um að draga lappirnar í samningum. Daníel á mannvirkin, en leigir landið.

Ef þeir ætluðu sér að semja væru þeir löngu búnir að því.

**DANÍEL MAGNÚSSON**

„Ef þeir ætluðu sér að semja væru þeir löngu búnir að því,“ segir Daníel. „Það er augljóst að Landsvirkjun stefnir á eignarnám.“ Hann segir þreytandi að þjarka við Landsvirkjun.










vísir.is

"...ég sá það á vísi"

GRAS

www.gras.is

ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!

Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gadget) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!




Gunnar tók sér smáhlé frá því að ferma Fagra-Blakk áður en lagt var af stað norður í land með Félagi húsbílaeigenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ferðast á Fagra-Blakki

***Margir húsbílar héldu úr borginni í gær norður í land. Í þeim flota var Fagri-Blakkur með Gunnar Þórðarson og Lilju Þórarinsdóttur innanborðs. Gunnar var gómaður við farkostinn áður en lagt var af stað og hann spurður aðeins um sögu hans.***

„Við höfum átt þennan bíl síðan 2006 og notað hann dálítið," segir Gunnar í upphafi spjalls. „Þetta var prufubíll hjá póstinum í Þýskalandi sem var fluttur hér inn. Ég bauð í hann af rælni en bjóst alls ekki við að fá hann. Sat svo uppi með hann og síðan er búið að einangra hann og innrétta og nostra mikið við hann."

Fagri-Blakkur er af gerðinni Mercedes Bens Vario og af árgerð 2003, ekinn um 40 þúsund kílómetra. Gunnar segir annan sömu gerðar hér á landi í eigu Handverkshússins en allt öðruvísi innréttaðan. Þessi er klæddur vatnsheldum krossviði að innan og þar er svefnaðstaða fyrir fjóra, salerni, sturta og eldhús með öllum þægindum. Tvær sólarsellur knýja flest tæki og að sögn Gunnars duga þær, svo fremi sem ekki rigni í mánuð. Aftan á bílnum stendur Ell og Bell og Gunnar hlær þegar hann er inntur skýringa. „Innréttingafyrirtæki setja yfirleitt merki sín á húsbíla en sonur okkar og vinur hans smíðuðu allt inn í þennan. Þeir heita Elvar og Baldur og þess vegna heitir okkar innrétting Ell og Bell!

Gunnar á ættir að rekja vestur í Ísafjarðardjúp og mynd þaðan prýðir afturhlið bílsins. Eyjan Vigur er í forgrunni og fjallið Hestur í baksýn. Fagra-Blakksnafnið er öðrum þræði þangað sótt að sögn eigandans. „Svo sagði einhver að bíllinn væri ljótur," segir hann og bætir við kankvís: „Við vildum bara hnykkja á að svo væri ekki."

*gun@frettabladid.is*


BYLGJAN 989

Sumarleikur

SÉÐ OG HEYRT

Das Auto. LAUGAR Coca-Cola olís HEKLA WWW.ICELANDAIR.IS

Frábærir vinningar alla föstudaga í sumar!

SUMAR TILBOÐ

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur 2790 fyrir tvo

krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÓK MED TILBOÐINU

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni. Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.

Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.

NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17

PÖNTUNARSÍMI: 588 9899

NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600



**Hekla,** umboðsaðili Volkswagen á Íslandi, býður nú upp á marga metanbíla og eru horfur á að úrval þeirra fari vaxandi.


Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



KERRUÖXLAR Í ÚRVALI

og hlutir til kerru-smíða

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000


# Varnir gegn felguþjófum

***Borið hefur á því undanfarið að dekkjum og felgum bíla hafi verið stolið en ýmislegt er hægt að gera til þess að koma í veg fyrir þess háttar uppákomur.***

„Við erum með læsingarrær og -bolta," segir Arnar Tryggvason, sölustjóri N1 í Fellsmúla. „Þetta virkar þannig að á hverju hjóli á bílnum er skipt út bolta og rám og settar rær sem eru afmyndaðar svo það passar bara upp á þær sérstakur lykill sem fylgir settinu. Á boltanum er sérstakt mynstur sem bara þessi lykill passar á."

Arnar segir að ekki sé hægt að nálgast lykil að settinu auðveldlega og að fá eins sett séu búin til og dreifast víða um heim. Hann segir það þó hafa komið fyrir að lyklar týnist. „Við höfum í flestum tilvikum getað útvegað nýjan lykil," segir hann og bætir við að það sé krafa af hálfu N1 að viðskiptavinurinn geti sýnt fram á lásbolta og -ráaeign sína.

Að sögn Arnars hefur ótrúlega lítið verið spurt um þessi sett í vor þótt fréttir hafi borist af felguþjófnuðum. „Fyrst á vorin hefur vanalega verið spurt um þetta því þá er oft alda af þjófnuðum undan bílum en það hefur verið ótrúlega lítið núna."

Aðrar leiðir eru einnig færar til þess að verja bílinn gegn felgu- og dekkjaþjófum. „Við eigum til þjófavarnir sem hægt er að tengja inn á hallanema," segir Guðmundur Ragnarsson, eigandi Nesradíó. „Kerfið virkar þannig að um leið og búið er að setja það á og einhver reynir að tjakka bílinn upp þá fer það í gang."

Guðmundur upplýsir að um leið og hallinn á bílnum breytist um minnstu gráðu fari kerfið í gang. Hann segir að hallanemaþjófavörnin sé hluti af stærra þjófavarnarkerfi og viðbót við það.

„Það hefur verið spurt aðeins um þetta kerfi eftir að stolið var frá Páli Stefánssyni ljósmyndara," segir Guðmundur og bætir við að fáir séu þó með hallavörnina eins og er.

*martaf@frettabladid.is*



Arnar Tryggvason segir þá selja læsingarrær og -bolta til að verja felgurnar fyrir þjófum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Guðmundur Ragnarsson býður upp á þjófavarnarkerfi með hallanema.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Kvartmílukeppni
KVARTMÍLU KLÚBBURINN
í dag klukkan 13.00 við
Kvartmílubrautina Kapelluhrauni.
www.kvartmila.is
KVARTMÍLU KLÚBBURINN

**París** er borg sem allir ættu að heimsækja. Göturnar, menningin og maturinn eru bara lítið brot af því sem hægt er að njóta í þessari fallegu borg.

# Eitt sinnar tegundar

***Verið er að leggja lokahönd á fimmtíu og fimm feta víkingaskip sem gegna á hlutverki skemmtisnekkju.***


Sigurjón Jónsson er hugsuðurinn á bak við víkingasnekkjuna.

Sigurjón Jónsson, tæknifræðingur og annar eigenda skipasmíðastöðvarinnar Skipavík í Stykkishólmi, er hugsuðurinn á bak við víkingasnekkjuna sem verið er að smíða, en fyrsta skipið verður tilbúið eftir fáeinar vikur. Sigurjón veit ekki til þess að svona skip hafi áður verið smíðað í heiminum en hugmyndin er að smíða svona snekkjur eftir pöntunum og selja. „Markhópurinn er hinir velefnuðu, því skip af þessum toga mun kosta um tvö hundruð milljónir króna. Stærð skipanna mun svo fara eftir óskum og þörfum kaupenda, en líklega munum við ekki smíða þau minni en kynningareintakið okkar sem við erum að klára,“ útskýrir Sigurjón.

Sigurjón hannaði snekkjuna sjálfur, en hann fékk hugmynd að henni á siglingum sínum um Miðjarðarhafið. „Ég sigli mikið á hvítu plastskútunni minni en ég var orðinn ansi leiður á þannig skútum og vildi sjá meira úrval. Mér fannst þannig liggja beint við að smíða nútíma víkingaskip,“ segir Sigurjón. Það er Skipavík sem byggir snekkjuna en Sigurjón fjármagnar smíðina.

Í snekkjunni verða þrjár káetur, allar með sérbaði, hver með svefnpláss fyrir tvo. Eldhús og matsalur verður um borð, svo og allur sá munaður sem hægt er að hugsa sér. Skrokklag snekkjunnar er hið sama og Gaukstaðaskipið og verður hún öll byggð úr mahóní. „Þetta er háklassaskip sem byggt er í klassa hjá þýska Lloyd en það þýðir að gæðaklassinn er mun hærri en á venjulegum skemmtisnekkjum,“ segir Sigurjón.

*klara@frettabladid.is*


Fyrsta eintakið ætti að verða klárt eftir þrjár til fjórar vikur.


Línurnar eru óneitanlega stórbrotnar og fallegar.


Gengið verður milli Aðalvíkur og Hesteyrar alla þriðjudaga í sumar.
MYND/ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON

# Hesteyrargöngur í hverri viku í sumar

***Ferðafélagið Vesturferðir stendur fyrir gönguferðum með leiðsögn frá Aðalvík til Hesteyrar alla þriðjudaga í sumar.***

Gönguferðir Vesturferða milli Aðalvíkur og Hesteyrar hefjast á siglingu frá Ísafirði að Sæbóli í Aðalvík klukkan 9. Gengið er að kirkju sem stendur í Staðardal og þaðan er gengið upp Fannadal og inn Hesteyrarbrúnir að Hesteyri. Sagan liggur við hvert fótmál en á Hesteyri var Hvalveiðistöð og í Aðalvík stóðu tvær herstöðvar í seinni heimstyrjöldinni. Mikið útsýni er á leiðinni og vel sést um Djúp, Jökulfirði og upp á Drangajökul.

Gangan er sögð miðlungserfið en hún er um 14 kílómetra löng og tekur um 12 klukkustundir. Hafa skal með sér nesti og skjólfatnað og ganga á gönguskóm. Á leiðinni þarf að vaða yfir Sléttuá svo gott er að taka með sér vaðskó og handklæði. Til að skrá sig í ferðina skal fara inn á heimasíðu Vesturferða, www.vesturferdir.is

*- rat*




**BÍLALEIGUBÍLAR**
**SUMARHÚS Í DANMÖRKU**

**Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.**
Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
( Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
**Sumarhús**
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia
LALANDIA - Rødby
Lágmarksleiga 2 dagar.
LALANDIA - Billund
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku
Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745



**“Ferð á Heimsenda”**
Göngu- og skoðunarferð til Patagonia, S-Ameríku
31. okt. – 19. nóv. 2008
Einnig ýmsar aðrar skemmtilegar útivistarferðir fyrir fólk á öllum aldri.




ÍSLANDSVINIR
ferðaskrifstofa
Reykjavíkurvegi 64 / 220 Hafnarfirði / Sími 510 9500 / www.islandsvinir.is



**Montreal**
**25. júlí og 1. ágúst**
**frá kr. 17.000**



***Allra síðustu sætin!***
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Montreal í júlí og ágúst. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg sem er önnur stærsta borg Kanada. Í borginni mætast gamli og nýi timinn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða. Mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði.

Verð kr. **17.000** aðra leið
Verð kr. **24.990** báðar leiðir
Netverð á mann. Ath. mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði. Ath. 5.000 aukalega 1. ágúst.

Verð kr. **49.990**
flug og gisting í viku.
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára á Travelodge með morgunverði í viku, sértilboð 25. júlí og 1. ágúst. Ath. mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði.

Verð kr. **76.600**
glæsileg gisting ****
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára á Hyatt Hotel **** með morgunverði í viku, sértilboð 25. júlí og 1. ágúst. Ath. mjög takmarkað framboð flugsæta og gistingar í boði á þessu verði.

Heimsferðir
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

**Litríkar buxur** eru skemmtilegar á sumrin. Rauðar, hvítar eða bláar buxur. Allt eru þetta glaðlegir litir sem gaman er að klæðast.










FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Mörður Ingólfsson ásamt Sigríði Karítas Kristjönudóttur, verslunarstjóra Motors, en Sigríður stjórnaði innkaupum og vöruvali í búðinni.

# Tíska á tveimur hjólum

***Í Motors er seldur tískufatnaður fyrir vélhjólafólk. Þar er bæði að finna ódýran en vandaðan búnað, sem og sérsaumaðan búnað.***

„Við viljum hjálpa vélhjólafólki að móta sér sinn eigin stíl. Fólk leggur gífurlega mikið upp úr því að mótorhjólið sé að eigin smekk, en hefur síðan þurft að sætta sig við einhverja kaupfélagsnálgun á fatnaðinn sem er alveg óviðunandi,“ segir Mörður Ingólfsson, annar eigenda Motors. Sigríður Karítas Kristjönudóttir verslunarstjóri hefur nú komið upp flottum lager af mótorhjólafatnaði sem viðskiptavinir hafa tekið fagnandi.

„Við fórum að flytja inn og selja mótorhjól fyrir um ári. Í framhaldi af því komu upp þarfir viðskiptavina okkar fyrir öðrum búnaði eins og hlífðarföt, hjálma og skó. Við fórum að skoða hvernig þetta hefur verið gert á Íslandi og komumst að því að það var einfaldlega ekki úr neinu að velja,“ segir Mörður og bendir á að vélhjólamenn hafi meira en þrefaldast á síðustu fjórum árum. „Það var ekkert í boði fyrir allt þetta nýja fólk sem er að mynda sér sinn eigin stíl. Sérstaklega fannst mér áberandi að það var nær ekkert úrval af flottum mótorhjólafatnaði fyrir konur. Það er afleitt í ljósi þess að konur eru að flykkjast í mótorhjólamennsku og gera kröfur um að fatnaður þeirra sé fallegur.“

Motors brást við þessu með því að stofna tvenns konar tískubúð. „Í fyrsta lagi bjóðum við upp á vandaðan grunnhlífðarfatnað sem við viljum hafa á besta verði í bænum. Hins vegar erum við með margar tegundir og vörumerki af alveg rosa flottum mótorhjólafatnaði. Við erum með merki frá Belgíu, Frakklandi, Ameríku og Hollandi og bjóðum upp á handsaumaðan og handgerðan fatnað en einnig klæðskerasaumuð föt og skó þar sem við tökum mál af fólki. Við spönnum því alla breiddina, frá því ódýrasta upp í hágæðavörur,“ segir Mörður. „Fólk hefur tekið þessu mjög vel. Það er ánægt að loksins geti það litið vel út við ástundun áhugamáls síns.“

*mariathora@frettabladid.is*




Terminator klæddist þessum sömu stígvélum í fyrstu myndinni. Þau eru framleidd af 90 ára gömlu fyrirtæki í Oregon í Bandaríkjunum en hægt er að fá þau bæði í númerum eða sérsmíðuð eftir máli.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Hringdu í síma
512 50 60
FRÉTTABLAÐIÐ
ef blaðið berst ekki




## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

**Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.**

Blaðberinn…



…góðar fréttir fyrir umhverfið

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 12. JÚLÍ 2008

**HARPA PÉTURSDÓTTIR**

## Hamingjusöm í Laugarneshverfinu

**STÍLL**

## Gufupönk ryður sér til rúms

**BYGGINGARLIST**

## Heimssýningin í Zaragoza



FRÉTTABLAÐIÐ


LANDMANN
er frá Þýskalandi

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
Opið laugardag til kl. 17

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

37.900
FULLT VERÐ 42.900

69.900
FULLT VERÐ 79.900

119.900
FULLT VERÐ 139.900



HEIMILISHALD
RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR

# Sjálfstætt líf í taukörfunni

Taukarfan er ólíkindatól. Þar lifir óhreina tauið í aðskildum heimi frá raunveruleikanum og á sitt eigið líf. Sokkapör koma nánast aldrei saman út úr þvottavélinni þótt farið sé úr þeim jafn óhreinum á sama tíma og þeim skellt í óhreinatauskörfuna á sama augnabliki. Í taukörfunni hlýtur eitthvert óþekkt ferli að taka við því þegar brjóta á saman hreinan þvottinn vantar í það minnsta helminginn af sokkunum. Svo dóla þeir stakir í skúffu nokkrar þvottaumferðir í von um að félagar þeirra komi fram. Eins geta óþekktir sokkar dúkkað upp í hreina staflanum sem jafnvel enginn af heimilisfólkinu kannast við að eiga.

Þetta vandamál er vel þekkt á mínu heimili. Stakir sokkar eiga sér fastan sess í efstu skúffunni vinstra megin, en þar er þeim safnað í knippi og hár hnésokkur bundinn um. Við höfum gripið til þess ráðs að kaupa einungis eina tegund af sokkum. Öllum í sama lit og þá getum við alltaf notað þá sokka sem koma út úr þvottavélinni saman, hvort sem þeir hafi verið samferða í óhreina tauið eða ekki. Við erum heppin að nota nánast sama skónúmer hjónin.

„Auðvitað getur það þó orðið leiðigjarnt að nota alltaf sama litinn af sokkum, sérstaklega yfir sumartímann.“

Við höfum náð nokkrum tökum á vandamálinu með þessum hætti og í raun einfaldar það lífið talsvert að losna við að velja sokka á morgnana. Auðvitað getur það þó orðið leiðigjarnt að nota alltaf sama litinn af sokkum, sérstaklega yfir sumartímann. Þá fara að laumast í safnið fleiri litir. En í fyrsta þvotti verða þeir viðskila við félaga sinn sem sést síðan aldrei meir. Örlög þeirra eru því nær undantekningalaust að enda í knippinu með hnésokknum.

Þetta sjálfstæða líf í taukörfunni á sér fleiri hliðar en það eru ekki einungis sokkarnir sem fara sínar eigin leiðir í óhreina tauinu. Stundum líður langur tími milli þess sem einhver flík fer í körfuna og þangað til hún lætur loksins sjá sig aftur í hreina staflanum. Hvar flíkin var allan þennan tíma í millitíðinni er erfitt að segja til um. Jafnvel var búið að snúa öllu við til að leita að henni.

Heilu handklæðin af óþekktum uppruna eiga það líka til að birtast í hreina staflanum, jafnvel merkt einhverri sundlaug. Sundlaug sem við höfum kannski aldrei heimsótt! Þessi handklæði eru þó yfirleitt ágætis handklæði og hafa smám saman gert sig heimakomin í baðskápnum og samsama sig heimilishandklæðunum.

Það getur þó verið pínlegt að reyna að útskýra tilvist merktu handklæðanna fyrir næturgestum. Þeir taka lítið mark á kenningunum um sjálfstætt líf taukörfunnar.



● **Forsíðumynd:** Anton Brink tók mynd á heimili Hörpu Pétursdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



● **HENTUGT HÚSGAGN** Húsgagnabúðin Eggið býður upp á hentugan sófa með stillanlegum örmum. Þreyttir einstaklingar geta lagt armana niður og fengið sér blund. Hentar líka ef þörf er á meira setuplássi, því hægt er að sitja á örmunum. Sófinn fæst í þremur gráum tónum og með tveimur og þremur sætum.

# Bitbein samleigjenda

● Sara Elísabet Svansdóttir, verkfræðingur og plötusnúður, býr ásamt vinkonu sinni í notalegri íbúð á Bergstaðastrætinu. Þær halda báðar mikið upp á forláta stól sem þar er.

„Stóllinn er hluti af sófasetti sem ég fékk frá pabba í gjöf innan gæsalappa af því hann sagði að ég fengi það að láni en ég á það samt,“ segir Sara Elísabet Svansdóttir og hlær. „Pabbi fékk sófasettið úr dánarbúi vinar síns, gamals manns, sem hann heimsótti alla laugardaga. Það var geymt í kjallara þar sem foreldrar mínir höfðu ekki pláss og því var kjörið að láta mig fá það.“

Sófasettið er handskorið og hafði nýlega verið bólstrað þegar faðir Söru erfði það. „Foreldrar mínir segja að það sé voða fínt svo ég á að vera þakklát, sem ég er. Stóllinn er þægilegur, í raun mun þægilegri en hann virðist. Áklæðið er mjúkt og það er gott að sitja í honum. Síðan er hann á besta stað, í tónlistarhorninu þar sem finna má græjur og góða tónlist. Hann er í raun plötusnúðastóllinn okkar og vinsælasti stóllinn í partíum. Það er gaman að sitja og stjórna tónlistinni,“ segir Sara, sem fékk sófasettið fyrir rúmu ári þegar hún flutti í íbúð á Bergstaðastræti.

Á heimilinu er mikið af gömlum húsgögnum og segir Sara að í raun megi lýsa stílnum sem samblöndu af Ikea og antík. „Ég vil hafa nýtt og gamalt í bland og er mjög hrifin af blómum. Ég er alltaf að kaupa ný blóm og í raun alveg að drekkja meðleigjandanum í gróðri,“ segir Sara stríðin. „Uppáhaldsbúðin mín er Gróðrarstöð Ingibjargar í Hveragerði en ég fór þangað um daginn og missti mig og fyllti bílinn af blómum.

Þrátt fyrir að sambúðin hjá Söru og Sigríði vinkonu hennar gangi vel viðurkennir Sara að þær rífist oft um stólinn góða. „Hann er bara svo stór, þægilegur og á besta stað, þar eru tengi fyrir tölvuna, tónlistin við hliðina og birtan flæðir inn um gluggann.“ *- hs*



**Sara lætur fara vel um sig í gamla stólnum sem er hluti af sófasetti sem pabbi hennar erfði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Vinnufatabúðin
Fagmennska og þjónusta í fyrirrúmi
Wrangler®

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



# Elica háfar

**glæsileg hönnun og fágað yfirbragð**

Elica háfarnir eru einstakt sambland af tækni og fagurfræði. Þessir einstöku háfar fást fyrir vegg og yfir eyjur. Elica háfarnir eru frábær lausn fyrir eldhúsið.

Verið velkomin í verslanir Eirvíkur í Reykjavík og á Akureyri og kynnið ykkur Elica háfana.

elica
COLLECTION

vilborga@centrum.is

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Opið frá kl. 10:00 til kl. 18:00 virka daga | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Vegfarendur á leið yfir brúna sem liggur yfir á sýningarsvæði eimssýningarinnar í Zaragoza. Talið er að sýningin muni laða að sér 6.5 milljónir gesti og vekja aukna athygli á vatni, notkun þess og hugmyndafræðilegri stöðu.

NORDICPHOTOS/GETTY/PHILIPPE DESMAZES

# Vatnaveröld í Zaragoza

Framtíð vatns á jörðinni er þema Heimssýningarinnar sem nú stendur yfir í Zaragoza á Spáni og endurspeglast það í mögnuðum arkitektúr og hreint ótrúlegum skemmtiatriðum.

International Exposition, eða Heimssýningin, er stórviðburður þar sem byggingarlist er í hávegum höfð. Hún stendur nú yfir á Spáni og er ráðgert að um sex og hálf milljón manna muni sækja hana. Vatn er þemað að þessu sinni.

Heimssýningin hefur verið haldin allt frá árinu 1851 og hafa mannvirki á borð við Eiffelturninn í París og Crystal Palace í New York sett svip sinn á hana. Mikil hátíðarhöld eru iðulega í kringum sýninguna, sem stendur oftast yfir í þrjá mánuði, og kastljósinu varpað á málefni er varða heimsbyggðina alla.

Keflið er að þessu sinni hjá Spánverjum, eins og áður sagði, þar sem Heimssýningin stendur nú yfir í Zaragoza, fimmtu stærstu borgar Spánar, sem er austarlega í landinu, og vatn fyrrgreint þema, notkun þess og hugmyndafræðileg staða.

Sýningarsvæðið er við ána Ebro þar sem brú eftir íraska arkitektinn Zaha Hadid hefur verið reist en hún markar innganginn að svæðinu. Auk þess hafa fjölmörg ríki reist sitt eigið sýningarhúsnæði á svæðinu, sem er hvert öðru glæsilegra, og innandyra eru magnaðar sýningar, sem eiga það sameiginlegt að snúast allar um vatn.



Sjálfur arkitektinn Zaha Hadid sem á heiðurinn að brúnni sem reist hefur verið í tilefni af Heimssýningunni. NORDICPHOTOS/GETTY/JEFF J MITCHELL

Fjöldinn allur af skemmtiatriðum verður á boðstólum, meðal annars í höndum loftfimleikahópsins heimsfræga Cirque du Soleil og bandaríska tónlistarmannsins Bobs Dylan.

Ekki er þó bara um eitthvert fjölleikahús að ræða því á meðan Heimssýningunni stendur fara fram pallborðsumræður þar sem stjórnmálamenn, vísindamenn og arktiektar viðra skoðanir sínar og er almenningi boðinn þátttaka í þeim.

Sýningunni lýkur 15. september næstkomandi. *- keþ*



Ganga þarf yfir þessa brú, sem Zaha Hadid hannaði, til að komast að sýningarsvæðinu. NORDICPHOTOS/GETTY/PHILIPPE DESMAZES



Accioan-sýningarskálinn að innanverðu, en hann er einn margra sýningarskála á Heimssýningunni í Zaragoza á Spáni. NORDICPHOTOS/GETTY/PHILIPPE DESMAZES



Skúlptúr sem sýnir vatnsdropa falla, en vatn er þemað á Heimssýningunni í Zaragoza á Spáni. NORDICPHOTOS/GETTY/PHILIPPE DESMAZES



Gestir streyma inn í brúna á Heimssýningunni.



**● ÚR GÖMLU GLERI** Lampinn Red Light eftir Nicholas Furrow er saman settur úr gömlum lampaglerjum frá 8. áratugnum. Þau lágu gleymd og rykfallin í kjallara í verksmiðju þegar Furrow tók sig til og hannaði úr þeim lampa en glerkúplunum er einfaldlega raðað upp og þeir límdir fastir saman. Furrow vann sem sjálfstætt starfandi hönnuður í Mílanó en rekur nú eigin ljósa-hönnunarstöfu í New York. Sjá www.nicholasfurrow.net.



**Barcelona-stóllinn er stóll sem flestir þekkja.**

# Einn þekktasti stóll í heimi

Upp á síðkastið hefur borið á því að eftirlíkingar af einum frægasta stól heims, Barcelona stólnum, séu seldar hérlendis eins og greint hefur verið frá í fréttum. Vegna þeirrar umræðu er ekki úr vegi að rifja aðeins upp sögu sjálfs stólsins, skoða helstu einkenni hans og þætti sem aðgreina hann frá eftirlíkingum.

Barcelona stóllinn er einna glæsilegastur þeirra stóla sem hannaðir voru í nútímalegum stíl á 20. öldinni og án efa sá þekktasti.

Þýski arkitektinn Ludwig Mies van der Rohe (1886-1969), sem margir kannast við, hannaði stólinn en hann hannaði nútímaleg húsgögn og er talinn vera brautryðjandi í nútíma arkitektúr.

Barcelona-stólinn hannaði Mies fyrir Heimssýninguna árið 1929, sem þá var haldin í Barcelona, og er heiti stólsins fengið þaðan.

Ýmsar eftirlíkingar hafa verið gerðar af stólnum eins og áður sagði, en hæglega er hægt að greina þetta í sundur. Bakið á stólnum er þar á meðal hærra en á eftirlíkingunum og ólíkt þeim vantar allar merkingar á hann.

*- stp*

# Lífgað upp á heimilið með góðum ráðum

Bókin Litagleði fyrir heimilið hefur að geyma tugi hugmynda um það hvernig hægt er að flikka upp á heimilið með ýmis konar litum.

Höfundur bókarinnar, Frida Pontén, kveðst vera mikið fyrir að mála gömul og notuð húsgögn í hinum ýmsu litum og skreyta með mynstrum.

Fleira en húsgögn kemur þó við sögu í bókinni. Frida lýsir því hvernig hægt er að búa til litríka púða, lyklakippur og pottaleppa og skreyta bækur, þvottaklemmur, töskur, poka og margt fleira.




**Í bókinni er að finna hugmyndir til þess að lita og skreyta húsgögn, púða, skó, körfur, lyklakippur og margt fleira.**

Nákvæmar lýsingar á aðferð og efniviði fylgja hverri hugmynd, sem og skapalón fyrir munstrin.

Bókin er upplögð fyrir fólk sem vantar hugmyndir til að lífga upp á heimilið og einnig er hægt að leyfa börnunum að spreyta sig.

Bókin er gefin út af Vöku-Helgafelli en þýðing var í höndum Önnu Sæmundsdóttur.

*- mþþ*





35 ÁRA
KOMDU Í
350.000
AFMÆLISAFSLÁTTUR
AF VÖLDUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM
+ 350.000
AUKAHLUTAPAKKI
FYLGIR VÖLDUM HÚSBÍLUM
80%
LÁN
VIÐ ERUM Í AFMÆLISSKAPI:
SVEIGJANLEGIR
SAMNINGS-
MÖGULEIKAR!
VELDU ÞAÐ BESTA!


35 ÁRA
AFMÆLIÐ OKKAR
• FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ • LÉTTAR VEITINGAR • HOPPUKASTALI
VIÐ ÆTLUM AÐ HALDA UPP Á 35 ÁRA AFMÆLIÐ OKKAR UM HELGINA.
Í TILEFNI AF ÞVÍ VERÐUR MIKIÐ FJÖR HJÁ OKKUR, FULLT AF SPENNANDI TILBOÐUM,
LÉTTAR VEITINGAR OG LEIKTÆKI FYRIR BÖRNIN.
KÍKTU ENDILEGA TIL OKKAR.
VIÐ VERÐUM MEÐ OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG KL. 12–16.
FRÁBÆR AFMÆLIS-TILBOÐ!
35%
AFMÆLISAFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
LMC FAVORIT 520
350.000
AFMÆLISAFSLÁTTUR
+ 350.000
AUKAHLUTAPAKKI
VÍKUR
V E R K
WWW.VIKURVERK.IS
VÍKURHVARFI 6 SÍMI 557 7720



Stofan er björt, stílhrein og hlýleg alveg eins og húsfreyjan vill hafa hana.



Harpa fékk þennan fallega sófa í versluninni Heima.



Harpa segir að eldhúsið sé uppáhaldsstaðurinn sinn í íbúðinni. Á veggnum er mynd eftir búlgarskan götulistamann.

# Tók fjölskyldulíf fram yfir partístand

Harpa Pétursdóttir hefur búið sér og fjölskyldu sinni fallegt heimili í Laugarneshverfinu.



Fallegt teppi sem yngsti fjölskyldumeðlimurinn, Friðrik Pétur, getur leikið sér á.



Tvennar svalir eru á heimilinu, en þær eru einkar rúmgóðar. Fjölskyldan nær morgunsólinni á öðrum svölunum en kvöldsólinni á hinum.



Harpa ásamt Friðriki Pétri, syni sínum. Tréð í glugganum fékk hún á www.birkiland.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Harpa Pétursdóttir er landsmönnum að góðu kunn fyrir pistlana Reykjavíkurnætur sem birtust á sínum tíma í Fréttablaðinu og vöktu bæði athygli og umtal. Þar fjallaði hún á opinskáan hátt um ástir og örlög einhleypra í miðbæ Reykjavíkur. Eftir að pistlarnir runnu sitt skeið er óhætt að segja að Harpa hafi snúið blaðinu við. Hún yfirgaf hringiðu skemmtanalífsins í miðbænum, kappkostaði við að ljúka BA-prófi í lögfræði við HR og stofnaði fjölskyldu.

Þegar Harpa er spurð um þessa allsherjar breytingu stendur ekki á svörum. „Maður verður þreyttur og nennir ekki að vera á einhverju útstáelsi öll kvöld. Mér fannst miklu mikilvægara að eignast fjölskyldu, koma mér fyrir og einbeita mér meira að náminu.“ Þar vísar Harpa í lögfræðina, sem hún lauk nýverið BA-prófi í.

Hæfileikar Hörpu liggja þó víðar því af heimilinu að dæma, sem er í Laugarneshverfinu, hefur hún næmt auga fyrir hönnun. „Við höfum búið hérna í ár og líkar rosalega vel. Mér hafði alltaf litist vel á þetta hverfi. Það er rótgróið og rólegt, rétt við Laugardalinn sem er eiginlega eina græna perlan í Reykjavík.“

Íbúðin var í góðu ásigkomulagi þegar fjölskyldan festi kaup á henni og þurfti því ekki á viðgerðum að halda. „Húsið er gamalt en íbúðin var gerð upp fyrir ekki svo löngu síðan. Við vildum kaupa fína og snyrtilega íbúð. Ég var ófrísk þegar við keyptum íbúðina svo ég ætlaði ekki að standa í miklum breytingum.“

Harpa innréttaði íbúðina sjálf enda mjög áhugasöm um hönnun. „Ég er með dellu fyrir hönnun þannig að það var mikill fengur fyrir mig að fá að skipuleggja íbúðina,“ segir hún og er ánægð með útkomuna, stílhreint og hlýlegt heimili alveg eins og hún vildi hafa það.

Og ekki er annað að heyra en Harpa sé sátt og bjartsýn á framtíðina. „Ég er mjög ánægð í dag; er að upplifa drauminn. Ætla að verja sem mestum tíma með fjölskyldunni, halda áfram að nostra við íbúðina, sem er hvergi nærri tilbúin, og hefja mastersnám í lögfræði í haust,“ segir hún hamingjusöm og full tilhlökkunar.

*- stp*



Í stofunni hangir fallegt málverk eftir Stefán Jónsson frá Möðrudal, Stórval. Skálina fékk Harpa í gjöf frá vinkonunum.



Falleg vagga úr Epal ætluð frumburðinum Friðriki Pétri.



Notalegt er umhorfs á heimilinu.




OPIÐ Í DAG
11-18

# ÚTSALAN
## ER Í FULLUM GANGI

**Verslanir Smáralindar eru sneisafullar af spennandi útsöluvörum fyrir alla fjölskylduna. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup.**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000



Á tónlistar- og listahátíðinni Coachella í Kaliforníu var þessu skemmtilega tré í gufupönk-stíl komið fyrir á miðju tónleikasvæðinu.

NORDICPHOTOS/GETTY



Skrifstofuhúsnæði tölvuleikjafyrirtækisins Three Rings er allt í anda gufupönks og er hannað af fyrirtækinu Because we Can.



Skrifstofuhúsnæði tölvuleikjafyrirtækisins Three Rings er allt í anda gufupönks og er hannað af fyrirtækinu Because we Can.




Japanska teiknimyndin Steamboy er frægasta myndin sem gerð hefur verið í gufupönkstílnum, sem nýtur gríðarlegra vinsælda í Japan.



Johnny Depp í kvikmyndinni Sleepy Hollow eftir Tim Burton, sem er undir augljósum áhrifum frá þessum stíl.



Fuglahús sem hefur verið skreytt í gufupönk-stíl. Gull og mynstur frá Viktoríutímabilinu einkenna stílinn. Húsið fæst á www.etsy.com.



Gufupönkaður Svarthöfði.

# Fortíðin ráðandi í framtíðinni

Gömul úrverk, tannhjól, gull og gufuknúnar vélar eru helstu einkenni steampunk, eða gufupönks, stíls sprottnum upp úr skáldskap frá 9. áratugnum sem teygir anga sína yfir í raunveruleikann.

Steampunk, eða gufupönk, er upphaflega heiti á fantasíuveröld sem á sér hvorki stað í framtíð né fortíð og birtist fyrst í skáldsögum á 9. áratugnum. Sögurnar eiga það allar sameiginlegt að gerast á Viktoríutímabilinu á Englandi, en eru þó settar fram í einhvers konar vísindaskáldsögustíl þar sem tækni spilar stórt hlutverk og þá oftast í formi gufuknúinna véla. Stafræn tækni er víðs fjarri þótt mikið af hlutunum vinni og virki eins og stafrænar vélar gera um þessar mundir.

„Heilmargar sögur og teiknimyndasögur hafa verið skrifaðar í þessum stíl og eins hefur eitthvað af steampunkkvikmyndum verið gerðar. Sú þekktasta er japanska teiknimyndin Steamboy eftir sama leikstjóra og gerði Akria,“ segir Sveinn Ólafur Lárusson, starfsmaður hjá versluninni Nexus, og vísar þar í leikstjórann Katsuhiro Ôtomo.

Hollywood hefur einnig reynt við gufupönkstílinn eins og sést af kvikmyndunum Wild Wild West (1999) og League of Extraordinary Gentlemen (2003). „Myndin Mutant Chronicles sem kemur seinna út á þessu ári er algerlega í steampunk-stíl. En steampunk fæst oftast við það að í framtíðinni förum við aftur til fortíðar, jafnvel eftir einhvers konar heimsendi, til dæmis kjarnorkustríð eða eitthvað þvíumlíkt,“ segir Sveinn.

Gufupönk-stíllinn hefur líka teygt anga sína yfir í veruleikann og lifir þar góðu lífi. Gotharar og pönkarar hafa tekið hann upp á sína arma og klæða sig gjarnan í gufupönk-stíl, þar sem lífstykki og pípuhattar frá Viktoríutímanum eru í aðalhlutverki. Á vefsíðunni www.etsy.com, þar sem handverk er selt, er ótrúlegt magn af gufupönkskartgripum sem rokseljast. „Steampunk hefur helst birst í fatastíl, en það er að aukast að fólk sé að færa steampunk yfir í umhverfi sitt,“ segir Sveinn.

Gamalt úrverk, tannhjól, gull og hlýir litir einkenna stílinn, hvort heldur í fatnaði, skarti eða húsgögnum og -munum, og framkalla framtíðarlega fortíð eða fortíðarlega framtíð, sem er helsta einkennið eins og áður sagði. Einnig hafa skrifstofuhúsnæði verið gerð upp í gufupönk-stílnum, auk fartölva, farsíma, iPod-spilara og fleira. *- keþ*



Að sögn Sveins Ólafs Lárussonar, starfsmanns hjá Nexus, hefur gufupönk helst sést í fatatísku en er að verða meira áberandi inni á heimilum og í atvinnuhúsnæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hálsmen frá Mad art jewelery á www.etsy.com. Tannhjólið er mjög í anda gufupönksins.




iPod sem hefur verið gufupönkaður og virðist knúinn af tannhjólum.



Fartölva sem hefur hlotið sömu meðferð.



**GEIMSKIP** Þessi skemmtilegi vasi kallast S.F. og er eftir hönnuðinn Marc Newson. Lóst er að hugmyndin er fengin úr einhverjum vísindaskáldskap. Vasinn minnir að minnsta kosti á geimfar. Maður þarf þó alls ekki að vera aðdáandi slíks skáldskapar til að kunna meta flottu línurnar. Newson hannaði vasann árið 1993, en hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín. Stóllinn hér til hliðar er eitt þeirra en hann kallast Lockheed Lounge Chair. Þess má geta að Newson hefur ekki aðeins getið sér góðs orðs fyrir vöruhönnun, heldur líka fyrir hönnun hótelherbergja, inniviði flugvéla og bíla, fatnað og skó.





Ljós Önnu úr þæfðri íslenskri ull.
MYND/FINNBOGI MARÍNÓSSON

# Ljós úr þæfðri ull

Ný sýning í sýningaröðinni Á skörinni verður opnuð í húsi Handverks og hönnunar, Aðalstræti 10, fimmtudaginn 17. júlí. Bæjarlistamaður Akureyrar 2008 til 2009, Anna Gunnarsdóttir, hefur verið fengin til að sýna á stigaskörinni hjá Handverki og hönnun.

Anna mun sýna ljós úr þæfðri íslenskri ull. „Þessi ljós eru annars vegar álfahattar sem ég kalla svo og þetta eru líka snjóboltar og kuðungar. Ég set íslensku ullina í öðruvísi form og hlutverk."

Grunnurinn í ljósum Önnu er hvít ull sem hún hefur meðal annars skreytt með hinu sígilda lopapeysumynstri eða saumað út í þau með ýmsum litum.

Sýningin stendur til 5. ágúst. Nánari upplýsingar á www.handverkoghonnun.is.

*- mmf*



# Fjölskyldusagan á vegginn

Fjölskyldumyndir eru oft með því verðmætara sem við eigum. Oft vill það þó verða þannig að þær liggja svo árum skiptir ofan í kassa, inni í skáp eða kompu.

Heillaráð er að velja hluta af myndunum, ramma inn og ráðstafa einum vegg undir þær allar. Myndirnar getur verið töff að stækka eða minnka og breyta litamyndum í svarthvítar myndir eða allt eftir smekk hvers og eins. Myndarammana er síðan sniðugt að hafa alla eins, þótt þeir þurfi ekki að vera sömu stærðar, og nota þá ýmist með eða án kartons. Raða þeim síðan þétt upp saman á veggin svo falleg, heildarmynd náist af fjölskyldunni og heimilið verði hlýlegra.

*- kka*





TEMPUR
CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™
AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI
15% afsláttur af TEMPUR® heilsuvörum og dýnum í júlí
Tempur Original heilsukoddi -15% Verð kr. 8.075,-
Tempur Millenium heilsukoddi -15% Verð kr. 7.990,-
Tempur Classic heilsukoddi -15% Verð kr. 7.820,-
Tempur Comfort heilsukoddi -15% Verð kr. 7.820,-
Ferðasett - koddi og dýna í tösku -15% Verð kr. 29.900,-
Original ferðakoddi í tösku -15% Verð kr. 3.968,-
Sessa 40x42x5cm -15% Verð kr. 6.301,-
Bakstoð 36x36x7cm -15% Verð kr. 5.987,-
Hálskragi -15% Verð kr. 4.847,-
Tempur inniskór - allar stærðir -15% Verð kr. 7.690,-
Tempur Symphony heilsukoddi -15% Verð kr. 10.643,-
Tempur hnjápúði -15% Verð kr. 5.367,-
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16
Betra BAK

# Markaðstorg heimilanna




# Láttu smáauglýsingar Fréttablaðsins taka til í garðinum fyrir þig

## Nú kostar bara 850 kall að auglýsa garðdótið þitt til sölu

Dagana 10.–17. júlí bjóðum við auglýsingar í flokknum *Garður* fyrir aðeins 850 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á *visir.is*. Skráðu inn auglýsinguna á *visir.is* eða hafðu samband við þjónustuver í síma **512 5100.**

Afgreiðslan er opin alla virka daga frá 8–17 en tekið er við pöntunum í síma kl. 8–22, um helgar kl. 10–22 og á *visir.is*.



**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

**3. hluti**

## VINNUBRÖGÐ Á KÖFLUM ÓLÝÐRÆÐISLEG

„Virkjanirnar fara inn í heilög vé,“ segir Finnbogi Jóhannsson. Hann býr í Minni-Mástungu og rekur þar hótel með tólf herbergjum og nokkrum kofum skammt frá fyrirhuguðu lónsstæði við Hvammsvirkjun.

Finnbogi segir landeigendur sem þurfi að ná samningum við Landsvirkjun marga feimna við að tjá andstöðu við virkjanirnar af ótta við að fá ekki réttlátar bætur, verði af virkjununum. Sjálfur segist hann á móti virkjununum af ýmsum ástæðum. Sú helsta sé þó sú að ýmsar náttúruperlur muni fara undir lón, eða spillast af öðrum orsökum.

„Ég get ekki hugsað mér að landslaginu hér verði umturnað,“ segir Finnbogi. Hann segir að sveitin muni breytast mikið, verði af virkjununum og um það ríki þögnin. Hann segir fjölmarga hafa taugar til svæðisins og því sé mikil andstaða við virkjanirnar.

Finnbogi á hluta laxveiðiréttinda í Kálfsá, sem er ein af þverám Þjórsár. Hann segir eigendur veiðiréttar óttast að laxinn hverfi með tilkomu virkjana.

Vinnubrögð sveitarstjórnarmanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa ekki verið til fyrirmyndar, að mati Finnboga, og á köflum verið afar ólýðræðisleg. „Það átti að komast hjá umræðum um þessi mál, þetta átti að fara þegjandi og hljóðalaust í gegn,“ segir Finnbogi.

Þannig hafi til að mynda ekki verið haldinn neinn kynningarfundur um virkjanirnar fyrr en eftir að frestur til að gera athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi rann út. Þrátt fyrir það hafi um 300 athugasemdir borist, og svör sveitarstjórnarinnar óviðunandi.

Finnbogi tók sæti í umhverfisnefnd fyrir hönd minnihlutans í sveitarstjórninni nýverið og segir nefndina hafa verið algerlega hundsaða í málinu. Þegar nefndin hafi gert athugasemdir við það og vísað í þá skyldu sveitarstjórnar að bera mál sem þessi undir nefndina, hafi reglum sveitarfélagsins einfaldlega verið breytt. Nú sé það ekki skylda að bera virkjanaáform undir umhverfisnefnd, sem hljóti að sæta tíðindum.



„Það átti að komast hjá umræðum um þessi mál, þetta átti að fara þegjandi og hljóðalaust í gegn.

FINNBOGI JÓHANNSSON



„Að tala við þetta fólk er eins og að tala við heyrúllu úti á túni, það bíta engin rök.

ÓLAFUR SIGURJÓNSSON

## BÖRNIN LEIKI EKKI NEÐAN STÍFLU

„Þessi virkjun mun stórskerða lífsgæði okkar sem búum á þessu svæði,“ segir Ólafur Sigurjónsson byggingameistari. Hann býr á bænum Forsæti III, nokkru fyrir neðan fyrirhugað lónsstæði Urriðafossvirkjunar.

„Það yrðu stórkostleg náttúruspjöll verði virkjanirnar að veruleika,“ segir Ólafur, sem er félagi í samtökunum Sól á Suðurlandi, sem barist hafa gegn virkjununum.

„Þetta eru í mínum huga skelfileg áform, sama hvernig að þessu verður staðið,“ segir Ólafur. Útlit árinnar breytist og eyrar hverfi.

Hann vísar í umhverfismat vegna Urriðafossvirkjunar, þar sem fram kemur að um 75 þúsund rúmmetrar af framburði muni berast í lónið á ári. Þar kemur einnig fram að framburðinum verði mokað upp úr lóninu, upp á bakka árinnar.

„Þeir ætla að græða þetta upp, en ég veit ekki hvernig þeir ætla sér að gera það,“ segir Ólafur. Hann óttast að jarðvegurinn muni fjúka yfir sveitina í roki.

Ólafur bendir á að miklar sprungur séu í jörðinni þar sem Urriðafossvirkjun á að rísa, sprungur sem hafi farið á hreyfingu í jarðskjálftunum árið 2000. Því sé full ástæða fyrir fólk sem búi neðan stíflu að óttast stíflurof. „Ég mun ekki geta leyft barnabörnunum að leika sér við ána neðan við virkjunina vegna þeirrar hættu.“

Ólafur ber Landsvirkjun og sveitarstjórnarmönnum í Flóahreppi ekki vel söguna. „Að tala við þetta fólk er eins og að tala við heyrúllu úti á túni, það bíta engin rök.“

„Ríflega helmingur kosningabærra íbúa Flóahrepps skrifaði undir mótmæli vegna Urriðafossvirkjunar, en sveitarstjórnin tók ekkert mark á vilja íbúanna.“



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

**ÞRIÐJA GREIN AF FJÓRUM**
**Á morgun:**
Orkuframleiðsla og stóriðja






# Það er hæstiréttur á heimilinu

Hjónin **Þórhildur Líndal** og **Eiríkur Tómasson** eiga þrjá syni sem allir eru lögfræðingar rétt eins og foreldrarnir. Þeir halda því í heiðri 200 ára ættarhefð sem rekja má til Gunnlaugs Briem. *Jón Sigurður Eyjólfsson* blaðamaður tók hús á og þáði kaffi hjá fjölskyldunni sem hefur sitthvað fleira en lög að mæla.



**LÖGFRÆÐIFJÖLSKYLDAN** Hér eru lögfræðingarnir þrír fyrir aftan foreldra sína, lögfræðingana Þórhildi Líndal og Eirík Tómasson. Þeir eru, talið frá vinstri, Jóhannes, Tómas og Páll. Þótt undarlegt megi virðast er rætt um ýmislegt annað en lög og reglur á þessu heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þjóðsagan segir að Gunnlaugur Guðbrandsson Briem (1773-1834), myndhöggvari og ættfaðir Briem-ættarinnar, hafi eitt sinn tekið þátt í keppni um fallegustu höggmyndaverkin. Úrslit urðu þau að Bertel Thorvaldssen, skólabróðir hans úr Listaháskólanum í Kaupmannahöfn, hreppti fyrsta sætið en Gunnlaugur annað. Við það gat hann ekki unað og ákvað því að hætta í höggmyndlistinni þrátt fyrir að hafa stúderað hana í sex ár í Danmörku. Lagði hann hamri og meitli og hóf lögfræðinám. Nú tvö hundruð árum síðar er engu líkara en ættfaðirinn hafi ekki aðeins tekið ákvörðun fyrir sína hönd heldur gjörvallrar ættarinnar því niðjar hans í sex ættliði eru lögfræðingar með einni undantekningu þó. Þórhildur Briem Líndal, sem fæddist 1896, hafði ekki tök á því að læra lögfræði en hún giftist þó lögfræðingi og átti með honum tvo lögfræðinga.

Gunnlaugur var langalangalangafi Þórhildar Líndal, lögfræðings en hún er svo gift Eiríki Tómassyni lagaprófessor. Hann hefur einnig fengið sinn skammt af lögfræði í ættinni því faðir hans, Tómas Árnason, er lögfræðingur.

Saman eiga þau synina Pál, Tómas og Jóhannes sem allir eru lögfræðingar.

### Lögfræði og Liverpool

Blaðamaður tók hús á þeim hjónum þegar synirnir þrír voru þar í kaffi og byrjaði á að spyrja að því hvort eitthvað annað væri rætt á heimilinu en lögfræði. „Já, heldur betur,“ segir Eiríkur. „Ég held að það sé jafnvel meira rætt um fótbolta en lögfræði. Og það er ekki laust við það að formlegheit lögfræðinganna hér fari fyrir lítið þegar horft er á Liverpool-leikina.“

Drengirnir ókyrrast af spenningi þegar Liverpool er nefnt en Þórhildi er ekki jafn skemmt. „Ég tek nú ekki mikinn þátt í þessu,“ segir hún. „En þó lét ég mig hafa það og fór með þeim á Anfield og það var verulega skemmtilegt enda er það mikil upplifun að vera við slíka viðburði. En að vera að horfa á þetta í sjónvarpinu; ég get nú fundið mér margt skemmtilegra að gera en það.“

> „Það góða við kerfið á þessu heimili er að oft er hægt að skjóta málum beint til hæstaréttar og fá þar skjóta afgreiðslu

Blaðamaður hefur orð á því að vel hafi tekist til hjá Eiríki; bæði eru drengirnir lögfræðingar eins og hann og síðan „púllarar“ í þokkabót. „Ég hef ekkert þrýst á þá, hvorki með fótboltann né lögfræðina,“ segir Eiríkur. Þórhildur bætir því við að kannski hafi þeim drengjum þótt umræðurnar á heimilinu það líflegar að þeir hafi hugsað sem svo að þetta hlyti að vera líflegt fag en engin skýring finnst á hollustunni við þá rauðklæddu. „Hins vegar er lögfræðin þannig að maður verður að geta þagað yfir þeim upplýsingum sem maður býr yfir,“ segir Páll. „Lögfræðingar læra það fljótt að skilja þarna á milli og svo vilja nú flestir ræða um eitthvað annað en vinnu sína þegar komið er heim.“

En sú var tíðin að drengirnir sátu tíma hjá karli föður sínum, hvernig gekk þessi aðskilnaður þá? „Það var ekkert mál,“ segir Tómas, „og það þurfti enginn að óttast að við nytum einhverrar sérmeðferðar nema þá kannski á þá lund að hann lagði harðar að okkur en öðrum,“ segir hann og lítur á karlinn brosandi. „Ég sleppti reyndar nokkrum kúrsum þar sem pabbi var að kenna þá og valdi aðra í staðinn,“ segir Tómas. Páll játar það sama á sig en prófessorinn hefur fullan skilning á því.

### Engin pressa

Jóhannes er yngstur og nýkominn í hóp lögfræðinga en hann brautskráðist í sumarbyrjun og tekur til starfa á lögmannsstofunni Mörkinni í haust. Var ekki freistandi fyrir hann að brjóta hefðina, láta þá tvo eldri um lögfræðina og skella sér bara í mannfræði eða eitthvað allt annað? „Það er nú þannig að þótt ég sé yngstur hef ég orð á mér að vera hvað fastheldnastur á hefðirnar svo ég var kannski ekki sá líklegasti til þess. En ég fann aldrei fyrir neinni pressu hvað þetta varðar. Reyndar er ég sá eini af okkur bræðrum sem er ekki búinn að festa mitt ráð, það er frekar að ég finni fyrir pressu þar,“ segir hann og vekur mikla kátínu. „Svona, svona það eru komin fimm barnabörn svo það er nú aldeilis búið að létta á pressunni,“ segir Eiríkur kankvís.

En þótt fjölskyldan sé samrýmd og samtaka leggur Þórhildur á það áherslu að enginn dregur dul á sínar meiningar né sannfæringu. „Við erum svo sem ekkert alltaf sammála og það óttast enginn að láta það í ljós þegar svo ber undir,“ segir hún.

### Hæstiréttur á heimilinu

En oft mótar starfið manninn, hefur fjölskyldan nokkuð farið varhluta af því? „Konan mín kvartar nú stundum yfir því að það þurfi alltaf að færa málefnaleg rök fyrir öllum sköpuðum hlutum,“ segir Páll. „Hún hefur nú haft orð á því við mig að stundum sakni hún þess að geta sagt „af því bara“ og þá sé málið látið niður falla.“

„Jú, auðvitað hefur starfsumhverfið áhrif,“ segir Eiríkur. „Það fer til dæmis ekki fram hjá neinum að það er hæstiréttur á þessu heimili og hann á alltaf síðasta orðið,“ við svo kveðið lítur hann stríðnislega á konu sína og skellir uppúr. „En það góða við kerfið á þessu heimili er að oft er hægt að skjóta málum beint til hæstaréttar og fá þar skjóta afgreiðslu,“ segir Tómas og uppsker mikil hlátrasköll.

### Hefðu stutt þá í hverju sem er

Þau Eiríkur og Þórhildur segjast ekki hafa pressað á börn sín en hvað hefðu þau sagt ef einhver drengjanna hefði sagst vilja fara í iðnnám eða þá listir eins og ættfaðirinn Gunnlaugur Briem gerði í upphafi. „Við hefðum staðið við hlið þeirra í hverju svo sem þeir hefðu valið og sagt þeim að þeim væru allir vegir færir,“ segir Þórhildur. Og Eiríkur bætir við: „en hefðu þeir viljað hætta skólagöngu eftir framhaldsskóla þá hefðum við náttúrulega viljað fá að heyra rök fyrir því. Þá hefði manni nú fundist sem þeir væru að vannýta sína hæfileika.“

### Að sinna starfinu af auðmýkt

En hvað er eftirminnilegast frá þeirra lögfræðiferli? „Það er nú ekkert réttlæti í því að spyrja okkur öll að þessu,“ segir Eiríkur og lítur á þann yngsta sem enn hefur ekki látið til sín taka á lögfræðisviðinu. „En mér er minnisstætt eitt mál sem ég rak fyrir mann, Jón Kristinsson að nafni, en hann hafði komist í kast við lögin vegna umferðarlagabrots. Ég man það að mér þótti þetta mál afar lítilfjörlegt, jafnvel svo að ég hálf skammaðist mín fyrir að vera að taka það að mér. Það fór þó svo að við skutum málinu til mannréttindadómstólsins í Strassburg sem síðan varð til þess að stjórnkerfinu hér var breytt.“ Þannig var mál með vexti að sýslumaður einn hafði bæði komið að máli Jóns sem valdhafi framkvæmdavalds og dómsvalds líkt og margir kollegar hans á þeim tíma. Það stangast hins vegar á við lýðræðisregluna um þrískiptingu valds svo Íslendingar urðu að gjöra svo vel að hlýða dómurunum í Strassburg og endurskipuleggja valdssvið sýslumanns svo slík lýðræðisleg óhæfa endurtæki sig ekki.

En Tómas hefur dregið lærdóm af þessari reynslu föður síns. „Þetta minnir mann á það að umgangast starfið af auðmýkt,“ segir hann. „Þó málið virðist ekki vera merkilegt í augum lögfræðingsins þá er það alltaf mikilvægt í augum skjólstæðingsins og í þessu tilfelli reyndist þetta litla mál einnig mikilvægt fyrir alla þjóðina.“

### Litið yfir farinn veg

Þórhildur var fyrsti umboðsmaður barna hér á landi og eiginmaðurinn er á því að hún hafi breytt viðhorfum landans til þess málaflokks. Þeir Páll og Tómas vinna nú báðir í bankageiranum en vissulega eiga þeir innistæðu í reynslubankanum þótt hún sé mun minni en foreldranna. Tómas vann fyrir umboðsmann Alþingis og segir hann að þar hafi hann kynnst mörgum kynlegum kvistum en þegar sagnaandinn er að koma upp í honum tekur lögfræðingurinn allt í einu yfirhöndina og hann minnist þess að lögfræðingur verður að gæta orða sinna um menn og málefni.

Páll lenti síðan í því að reka mál í Svíþjóð og mætti vel undirbúinn til leiks með fulla tösku af pappírum á ensku. „En svo var mér gert ljóst þegar hefjast átti handa að það talaði enginn ensku og ég hafði ekki talað sænsku frá því ég var eins árs svo það var við ramman reip að draga. Hins vegar kom svo túlkur til sögunnar og leysti vandann.“

Jóhannes hlýðir spenntur á og svo er það bara spurningin hvað lagt verður inn á reynslubanka hans frá og með næsta hausti þegar hann tekur til starfa.



Fyll'ann takk!
NÝTT!
Lögin beint inn í iTunes og á iPod
Sony Ericsson
Tónlist.is
4 naglar
Bubbi Morthens
Frá
79.00
krónum lagið
Vertu tilbúinn **í sumarfríið!**
Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.
**Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!**
Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við **iTunes** eða **Windows Media Player**.
Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirkt yfir í spilarann þinn.
Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna
Tónlist.is
iPod og iTunes eru vörumerki í eigu Apple, Inc.

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir …



… Baltasar Kormák. Hvern dreymir ekki um að fá að vinna með átrúnaðargoðinu sínu? Baltasar Kormákur fékk draum sinn uppfylltan í vikunni þegar hann réð leikskáldið og kvikmyndaleikarann Sam Shepard til að fara með viðamikið hlutverk í Hollywood-mynd sem Baltasar er að taka í Nýju-Mexíkó. Shepard leist þrusuvel á handritið og Baltasar var hrærður enda ekki amalegt að fá hrós frá einu virtasta leikskáldi veraldar.



… hjúkrunarfræðinga. Það stefndi ekki í góða viku hjá hjúkrunarfræðingum sem ætluðu í yfirvinnubann á fimmtudag ef samningar um betri kjör næðust ekki. Á elleftu stundu tókst að semja og nú mega hjúkrunarfræðingar vel við una því launin hækka og yfirvinnustundunum fækkar. Þeir hjúkrunarfræðingar sem voru staddir í Karphúsinu á miðvikudagskvöld þegar málið var í höfn höfðu einnig ástæðu til að kætast enn frekar því boðið var upp á dýrindis vöfflur í tilefni dagsins. Þótti það ljúf tilbreyting frá sjúkrahúsmatnum.



… leikkonuna Anitu Briem. Hún leikur eitt aðalhlutverkanna í bíómyndinni Journey to the Center of the Earth sem var frumsýnd vestanhafs fyrir rúmri viku síðan. Alla vikuna mátti fylgjast með fréttum af því hvernig gagnrýnendur lofuðu frammistöðu Anitu. Einn þeirra sagði hana reynda kalda eins og jökul en Anita hefur varla látið það eyðileggja fyrir sér vikuna.

## Slæm vika fyrir …



… Guðmund Þóroddsson. Orkuveituforstjórinn fyrrverandi fékk heldur óskemmtilegt bréf frá Orkuveitunni á miðvikudaginn. Þar var þess krafist að Guðmundur afhenti fundargögn sem hann átti að hafa tekið í leyfisleysi eftir að samið var um starfslok hans í maí. Til að bæta gráu ofan á svart var honum einnig gert að skila GSM-símanum sínum og Toyota Land Cruiser sem hann hafði til umráða. Greyið maðurinn var í laxveiði þegar hann fékk þessar miður skemmtilegu fréttir. Vonandi hefur hann náð að landa eins og einum laxi – svona svo vikan sé nú ekki alveg ónýt.



… krakkana á smíðavellinum við Hólmasel í Breiðholti. Oft er sagt að börnin séu afgangsstærð í þjóðfélaginu en nú eru menn beinlínis farnir að gefa skít í þau. Rífa hefur þurft þrjá kofa á smíðavellinum við Hólmasel vegna þess að einhver hafði gert sér að leik að kúka í þá. Fyrr má nú vera ósvífnin.



… hina látnu og ófæddu. Fær maður hvergi frið? Veslings fólkið sem bíður þess í líkhúsinu að vera lagt til hinstu hvílu getur víst átt von á því að vera dregið fram sem sýningargripir fyrir vinnuskólakrakka. Þvílík leiðindi. Og svo eru það blessuð börnin, þessi ófæddu það er að segja. Þessa vikuna eins og þær fyrri hímdu þau áhyggjufull í móðurkviði og kvíðu því að enginn yrði til staðar til að taka á móti þeim þegar þau loksins hætta sér í heiminn. Enn segja ljósmæður upp störfum og ekkert miðar í kjaradeilu þeirra og ríkisins.





KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON KÍKIR Í ERLEND BLÖÐ

# Appelsínulýðveldið

Margt er rætt um Kenía þessa dagana og fer tvennum sögum af ástandinu þar.

Eitt er víst. Tveir þingmenn þar létu lífið í flugslysi í vikunni. Þeir voru í flokki Railas Odinga forsætisráðherra.

Hann Paul Ramses starfaði einmitt fyrir þann flokk, sem heitir því skemmtilega nafni Appelsínu-lýðræðishreyfingin, skammstafað OMD.



Appelsínuhreyfingin er svo kölluð, því merki appelsínu var prentað á kjörseðla í einhverri þjóðaratkvæðagreiðslu og merkti já, það er stjórnarandstöðuna. Bananinn stóð fyrir nei-flokkana.

Stærsti flokkur andstöðunnar er síðan kenndur við sítrusinn. Og kominn í stjórn með banönum.

Með vélinni fórst Kones vegamálaráðherra og Laboso aðstoðarinnanríkisráðherra. Þá fórst flugmaður og öryggisvörður.

Laboso var ein átján kvenna á þinginu í Kenía. Hún var kölluð Tígrisynjan og barðist meðal annars gegn umskurði stúlkna.

Samgönguráðuneytið segir vélina hafa flogið í slæmu skyggni. Svo slæmu, að hún hafi hrapað úr 9.000 feta hæð og niður.

Kenískar bloggsíður eru fullar samsæriskenninga vegna þessa. Kibaki bananaforseti, valdameiri en forsætisráðherrann, er sagður á bak við ódæðið.

Kibaki var lýstur sigurvegari í tvísýnum kosningum í desember, en samdi við Raila Odinga. Þeir steyptu saman stjórn.

Áður en þeir komu sér niður á þetta áttu þeir í blóðugri baráttu, sem kveikti í fornum ættbálkadeilum og kom af stað lítilli borgarastyrjöld.

Allt að 600.000 hafa flúið heimili sín og um þúsund manns myrt.

Tómt mál mun vera að tala um stjórnarsamstarf í landinu. Hægt og rólega eigi að gera út af við framfarasinnaðar appelsínur.

Óhöpp í flugi í Kenía eru reyndar algeng. Og flugslys keníska stjórnmálamanna svo tíð að þeim hafi verið bannað að fara margir saman í vél.

Lína ríkisstjórnarinnar er sú að ekkert ami að í Kenía. Flóttamennirnir 600.000 skuli bara koma heim og hætta þessu væli.

En þeir segjast á móti vantreysta lögreglunni og kalla hana morðsveit. Hún hafi sálgað minnst 500 manns síðan í kosningunum.

Rætt er um að OMD slíti stjórnarsamstarfinu. Spilltir morðbananar hafi ríkt of lengi í skjóli appelsínunnar.

Í vikunni skilaði svo Kaliforníuháskóli sinni skýrslu um títtnefndar kosningar.

Raunverulegur sigurvegari var víst Raila Odinga, ekki Kibaki. Þetta ætti því frekar að heita appelsínulýðveldi.

## HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**BANDARÍSKA LEIKKONAN MICHELLE RODRIGUEZ ER ÞRÍTUG.**

*„Það er erfitt að vera í föstu sambandi þegar maður er í þessum bransa. Strákar vilja ekki fylgja manni eins og kjölturakkar.“*

***Michelle Rodriguez hefur leikið í kvikmyndum og sjónvarpsþáttaröðinni Lost. Hún hefur oftar en einu sinni komist í kast við lögin fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir líkamsárás.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. JÚLÍ 1543

## *Hinrik áttundi kvænist í sjötta sinn*

Það var þennan dag árið 1543 að Hinrik áttundi kvæntist í sjötta og síðasta sinn. Brúðurin var Katrín Parr og giftust þau í Hampton Court Palace.




Katrín giftist oftast af Englandsdrottningum eða alls fjórum sinnum. Þegar hún var fimmtán ára árið 1527 varð hún seinni eiginkona Eðvarðs Borough sem var annar barón af Gainsborough. Hann lést vorið 1533. Sumarið 1534 giftist Katrín John Nevill sem var þriðji barón Latymer af Snape í Norður-Jórvíkurskíri. Hann lést árið 1543. Eftir dauða seinni eiginmannsins átti hin ríka ekkja í sambandi við Tómas Seymour, bróður Jane Seymour heitinnar sem var Englandsdrottning. Konungurinn, Hinrik áttundi, tók hins vegar ástfóstri við Katrínu og neyddist hún því til að taka bónorði hans í staðinn.

Þegar Hinrik lést, 28. janúar 1547, gat Katrín loks gifst fyrrum elskuhuga sínum Tómasi Seymour. Hún átti engin börn frá fyrri hjónaböndum en varð ófrísk í fyrsta skipti 35 ára gömul eftir Tómas. En hamingja hennar entist þó ekki lengi. Hún átti í deilum við Önnu Stanhope, svilkonu sína, og orðrómur var uppi um að Tómas Seymour hefði gert sér dælt við stjúpdóttur Katrínar, Elísabetu prinsessu sem varð síðar drottning, og að hann ætlaði sér að kvænast henni. Einkadóttir Katrínar, Mary Seymour, fæddist 30. ágúst árið 1548 en Katrín lést einungis sex dögum síðar. Tómas var hálshöggvinn fyrir landráð tæpu ári síðar.

## MERKISATBURÐIR

- **1806** Sextán þýsk ríki segja sig úr Hinu heilaga rómverska keisaradæmi og mynda Rínarsambandið.
- **1947** Síldveiðiskipið Sverrir sekkur á Skagagrunni en það var áður olíuflutningaskip, smíðað 1928, hið fyrsta í íslenskri eigu.
- **1951** Óskar Halldórsson útgerðarmaður og börn hans afhenda ríkinu vaxmyndasafn með myndum af átján Íslendingum og fimmtán þekktum erlendum mönnum.
- **1966** Raunvísindastofnun Háskóla Íslands tekur formlega til starfa.
- **1979** Eyríkið Kiribati lýsir yfir sjálfstæði frá Bretlandi.

## AFMÆLI



**BILL COSBY** bandarískur leikari er 71 árs.



**ÁRNI SAMÚELSSON** kvikmyndahúsaeigandi er 66 ára.

**ANTONIO CASSANO** ítalskur fótboltamaður er 26 ára.



**RICHARD SIMMONS** bandarískur líkamsræktarfrömuður er 60 ára.





**HEILLUÐ AF RÚSSLANDI** Braga Stefany ætlar í mannfræði í Háskóla Íslands í haust en í janúar fer hún sem skiptinemi til Rússlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**BRAGA STEFANY MILERIS:** LÝKUR STÚDENTSPRÓFI 17 ÁRA

# Stefnir áfram menntaveginn

Þrátt fyrir ungan aldur mun Braga Stefany Mileris útskrifast með stúdentspróf frá Menntaskólanum Hraðbraut í dag en nú útskrifast þaðan fimmtíu og sex nemendur. Braga er fædd árið 1991 og er því einungis sautján ára. „Við erum tvær sem erum fæddar 1991 og útskrifumst núna, Elín Sigurðardóttir og ég. Ætli við séum ekki þær yngstu,“ segir Braga hógvær. En hvernig fer maður að því að útskrifast með stúdentspróf svona snemma?

„Ég hoppaði yfir einn bekk í grunnskóla en ég sleppti sjöunda bekk. Ég fór fyrst í Versló og var þar í eina önn en ég var ekki nógu ánægð þar og skipti því yfir í Hraðbraut. Ég tók nokkra áfanga í fjarnámi til að komast á sama ról og aðrir og hélt svo bara mínu striki,“ útskýrir Braga og sér ekki eftir neinu. „Að skipta um skóla var besta ákvörðun sem ég hef tekið. Ég var mjög fljót að komast inn í bekkinn og þar voru mjög fínir krakkar þannig að þetta var mjög gaman.“

Menntaskólinn Hraðbraut tók til starfa haustið 2003 en þar er boðið upp á nám til stúdentsprófs á tveimur árum á náttúrufræðibraut og málabraut. Nú eru í kringum tvöhundruð nemendur í Hraðbraut. „Þó svo ég hafi þurft að vera dugleg við námið þá vandist það fljótt og ég náði alltaf að klára og hafði samt tíma aflögu fyrir félagslíf. Svona lotukerfi hentar mér mjög vel og ég vann vel á heimanámsdögum. Þá þurfti ég ekki að læra mikið fyrir skólann nema fyrir próf,“ segir Braga og bætir við: „Félagslíf á vegum skólans er kannski ekki mikið en við vinirnir skipulögðum bara okkar félagslíf og fórum til dæmis í sumarbústaðaferðir og gerðum eitthvað um helgar og þess háttar.“

Þó svo Braga klári stúdentspróf töluvert fyrr en gengur og gerist ætlar hún ekki að slaka á náminu. „Ég ætla í mannfræði í Háskóla Íslands í haust og taka þar eina önn en síðan ætla ég að fara sem skiptinemi til Rússlands í janúar og vera þar í hálft ár,“ segir Braga spennt og er hún nú þegar byrjuð að kynna sér rússneska tungu. „Núna er ég að lesa kennslubækur í rússnesku og besta vinkona mín er frá Rússlandi þannig að hún hjálpar mér. Síðan ætla ég á rússneskunámskeið í haust. Það er eitthvað við þetta land sem mér finnst svo heillandi og spennandi. Tungumálið, sagan, fólkið og menningin heilla mig,“ segir Braga dreymin en hún á ættir að rekja til Rússlands þar sem langafi hennar var rússneskur.

Fjölskylda Brögu er að vonum stolt af henni og ber Braga skólanum vel söguna. „Ég mæli hiklaust með Hraðbraut. Þetta er lítill skóli og það kynnast allir mjög vel í þessu persónulega andrúmslofti. Lotukerfið hentar líka mörgum vel.“

hrefna@frettabladid.is




**50 ára**

**Bergur frá Hjálmholti**

verður fimmtugur í dag, laugardag 12. júlí.

Af því tilefni mun ég og fjölskylda mín taka á móti ættingjum og vinum í félagsheimilinu Þingborg, „Hraungerðishreppi hinum forna“, frá kl. 20.10 og fram eftir kvöldi; vonast eftir sem flestum. ( tjaldstæði á staðnum ).

Kveðja,
Bergur Ingi Ólafsson
Lóurima 1, Selfossi.



†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, systur, mágkonu, ömmu og langömmu,*

**Þorbjargar Jónsdóttur**

áður Meistaravöllum 33, Reykjavík.

**Ingólfur Kristjánsson**
**Jón Egill Kristjánsson**
**Sigurður Kristjánsson**
**Baldur Jónsson**
**Ólafía Einarsdóttir**
**Rita Moi**
**Ingibjörg Birna Ólafsdóttir**
**Guðrún Stefánsdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**



# Legsteinar

í miklu úrvali



REIN

**Steinsmiðja**
- Viðarhöfða 1
- 110 Reykjavík
- ☎ 566 7878
- Netfang: rein@rein.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


†



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eggert Konráðsson**

frá Kistu

lést sunnudaginn 6. júlí. Útför hans fer fram frá Hvammstangakirkju, mánudaginn 14. júlí klukkan 13:30.

**Konráð Eggertsson**
**Ragnheiður Eggertsdóttir**
**Valdimar Eggertsson**
**Gunnar Konráðsson**
**Jakobína Guðmundsdóttir**
**Jóhannes Erlendsson**
**Agnes Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Konráð Árnason**

Brekkugötu 38, Akureyri, áður Kringlumýri 27,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 9. júlí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 22. júlí kl. 13.30.

**Nanna Kristín Bjarnadóttir**
**Björg Konráðsdóttir**
**Heiðar Konráðsson**
**Halldóra Konráðsdóttir**
**Anton Benjamínsson**
**Hjördís Stefánsdóttir**
**Karl Símon Helgason**
**og barnabörn.**

NAFNIÐ MITT: EMBLA SIGRÍÐUR GRÉTARSDÓTTIR

# Nafnið komið úr ásatrúnni

Embla Sigríður Grétarsdóttir, nemi og knattspyrnukona í KR, er ekki skírð eitthvað út í loftið en þó heitir engin í fjölskyldu hennar Embla.

„Emblunafnið er komið úr ásatrúnni, og er tengingin þaðan frá Aski og Emblu sem voru Adam og Eva heiðinna manna. Mamma og pabbi völdu þetta nafn og er engin á undan mér í fjölskyldunni sem heitir þessu nafni og ég er enn sú eina.“ Í fyrstu átti Embla að heita Ilmur Embla en pabbi hennar ákvað að það skyldi bara vera Embla. „Mér finnst Ilmur Embla einnig mjög fallegt en er alveg mjög sátt við nafnið eins og það er núna,“ segir Embla kát. Þegar Embla er spurð hvort hún eigi sér einhver gælunöfn þá svarar hún þannig: „Ég er ekki beint kölluð neitt út frá nafninu mínu. Það eru bara einhver gælunöfn út í loftið. En í Bandaríkjunum var ég einfaldlega bara kölluð M,“ útskýrir Embla Sigríður sem ber nafnið mjög stolt og ánægð.

- mmr





**GLJÚFRASTEINN** Tónleikarnir verða haldnir á heimili Nóbelsskáldsins, Gljúfrasteini. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tónleikar á Safnadegi

Á morgun er hinn íslenski safnadagur. Af því tilefni verður ókeypis aðgangur inn á Gljúfrastein og á tónleika þeirra Arnhildar Valgarðsdóttur og Ástríðar Haraldsdóttur en þær munu stíga á svið klukkan 16.00.

Arnhildur og Ástríður ætla að leika fjórhent á píanó og munu þær flytja verk eftir Grieg, Brahms, Rubinstein og íslenska tónskáldið Hildigunni Rúnarsdóttur. Verk Hildigunnar er sérstaklega samið fyrir Arnhildi og Ástríði.

Leiðir þeirra Arnhildar og Ástríðar lágu fyrst saman árið 2002 og síðan þá hafa þær leikið saman fjórhent við ýmis tækifæri. Tónleikarnir hefjast klukkan 16.00 eins og áður sagði og er aðgangur ókeypis.

# Tónleikar með Megasi

Í kvöld halda Megas og Senuþjófarnir tónleika á Stokkseyri.

Tónleikarnir verða haldnir frá klukkan 21.00 til 23.00 í stóra salnum í Lista- og menningarverstöðinni á Stokkseyri.

Eftir tónleikana verður í beinu framhaldi dansleikur á Draugabarnum með hljómsveitinni Vítamín. Miðaverð á tónleikana og ballið er 3.500 krónur.

Tónleikarnir eru haldnir í tengslum við Bryggjuhátíðina sem haldin er á Stokkseyri 11.-14. júlí. Mikið verður um að vera á hátíðinni og meðal atburða má nefna bryggjutónleika, hestaleiki, bændaball, varðeld og bryggjusöng.



**TÓNLEIKAR** Megas og Senuþjófarnir halda tónleika í kvöld á Stokkseyri. MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON



**HLAUPIÐ UM LAUGAVEGINN** Frá Laugavegshlaupi 2003. MYND/NJÖRÐUR HELGASON

# Laugavegshlaup í dag

Laugavegshlaupið verður haldið í dag og hefst klukkan 9. Mikil aðsókn hefur verið í hlaupið í ár og munu 250 manns taka þátt eftir að fjöldatakmörkunum í hlaupið var breytt vegna mikillar eftirspurnar. Þátttökufjöldinn fer eftir þeirri þjónustu sem hægt er að veita þátttakendum á leiðinni. Sagt er að Laugavegshlaupið sé skemmtilegt ævintýri í fallegu landslagi en bent er á að Laugavegshlaupið sé fjallahlaup á Íslandi þar sem allra veðra sé von.

Hlaupið hefst við skála Ferðafélags Íslands í Landmannalaugum og lýkur við skála Kynnisferða í Húsadal í Þórsmörk. Hæsti punkturinn á þessari leið er í Hrafntinnuskeri. Leiðin sem hlaupið verður er um 55 kílómetrar. Stígur er alla leiðina en undirlagið er að mestu sandur, möl, gras, snjór, ís og vatnsföll. Leiðin er mjög vel stikuð þannig að hlaupafólk ætti því ekki að villast af leið.

Þátttakendur í Laugavegshlaupinu verða að koma vel undirbúnir vegna þess að ekki er hægt að hætta á miðri ferð nema viðkomandi sé slasaður. Þó er sá möguleiki fyrir hendi að ef hlaupari er ekki kominn eftir sex klukkustundir í Emstrur, sem er byrjun á fjórða hluta Laugavegshlaupsins, verður hann að hætta hlaupi.

Nánari upplýsingar er að finna á www.marathon.is.

-mmf

Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is


LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.
Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir*

**Kristjana V. Guðmundsdóttir**

Skúlagötu 40, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 27. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Kristjana Kjartansdóttir** **Kári Jónsson**
**Bjarni Bragi Kjartansson**
**Kjartan Kárason** **Berglind Guðmundsdóttir**
**Aron Kárason**
**Anton Kári Kárason**
**Júlía Hrefna Bjarnadóttir**
**Guðmundur Atlas Kjartansson**
**Ragnheiður Guðmundsdóttir.**



✝

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðlaugar Pálsdóttur**

Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Inga Pála Björnsdóttir**
**Magnús G. Björnsson** **Laila Björnsson**
**Björn Espen Magnússon**
**Kjartan Tumi Magnússon**
**Ynja Gry Magnúsdóttir**
**Sunna Ngari Magnúsdóttir**
**og barnabarnabörnin.**



✝

*Föðursystir okkar,*

**Unnur Magnúsdóttir**

Hrauntungu 50, Kópavogi,

áður til heimilis í Stóragerði 18, Reykjavík, andaðist 3. júlí í Skógarbæ. Útförin fer fram frá Garðakirkju 14. júlí kl. 11.00. Jarðsett verður á Stóra-Núpi, Hreppum kl. 15.00 sama dag. Rútuferð austur í Hreppa verður frá félagsheimilinu Garðaholti kl. 13.00.

**Bernharður Guðmundsson** **Rannveig Sigurbjörnsdóttir**
**Margrét P. Guðmundsdóttir**
**Kristján Guðmundsson** **Margrét Hjaltadóttir**
**Þórhallur Guðmundsson** **Herdís Pálsdóttir**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Ragna Hansen**

Lautasmára 3,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 9. júlí. Útför fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 15. júlí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Arnbjörg Anna Guðmundsdóttir** **Gunnar H. Sigurðsson**
**Guðný María Guðmundsdóttir** **Magnús Árnason**
**Guðjón Rúdolf Guðmundsson** **Vigdís Sveinsdóttir**
**Guðmundur Gils Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sighvatur Borgar Hafsteinsson**

Norður-Nýjabæ, Þykkvabæ,

lést að morgni þriðjudagsins 8. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju miðvikudaginn 16. júlí kl. 14:00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Una Sölvadóttir**
**Sindri Snær Sighvatsson**
**Sölvi Borgar Sighvatsson**
**Sigurborg Sif Sighvatsdóttir** **Jósep Hallur Haraldsson**
**Sigurjón Fjalar Sighvatsson** **Valdís Katla Sölvadóttir**






# STUÐ MILLI STRÍÐA Nýir tímar kalla á nýjan bíl

**RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR** ER KOMIN Á HVÍTAN HNAKKA



Bóndanum hefur verið lagt. Þvottadrengurinn hefur sagt skilið við pallbílsímyndina og hefur þar af leiðandi lagt köflóttu skyrtunum og snjáðu gallabuxunum í bili. Nú er hann kominn í kvartsbuxur og Vanskó. Nýr bíll er kominn við nýja ímynd en þvottadrengurinn smellti sér á hvítan Ford í gær. Kaupin gerast hratt á eyrinni. Yfir morgunkaffinu ræddum við það hjónin hvort óhætt væri að leggja í langferð á Bóndanum en hann var búinn að láta illa undanfarið. Margsinnis höfðum við þurft að fá start hjá vinum og vandamönnum, nágrönnum og öðrum vegfarendum. Það var farið að fara í taugarnar á þvottadrengnum og rómantíski sjarminn sem áður hafði umlukið Bóndann var farinn. Nú var hann bara jálkur. Annars hafði Bóndinn dugað vel til langferða en nú var ákvörðun tekin um nýjan bíl.

Þvottadrengurinn syrgði Bóndann ekki lengi og spenntist allur upp við tilhugsunina um nýja bílinn. Hann velti fyrir sér Skodum og Fordum, Toyotum og Subarúum, steisjónum og skyggðum rúðum, spojlerum og svuntum. Ég hélt mig til hlés. Heyrðist á þróun mála að drengurinn væri að breytast úr bóndadurgi í hnakka.

Yfir hafragrautnum um morguninn útlistaði hann þetta fyrir mér fram og til baka og geystist um netsíðurnar og skoðaði bíla. Ég fór bara í vinnuna. Hafði helst áhyggjur af því að barnakerran kæmist ekki fyrir.

Ég hafði ekki setið lengi þegar þvottadrengurinn sótti mig til að prufukeyra hvítan Ford. Bíllinn var eins og hugur manns og drengurinn ljómaði með stjörnur í augum. Fordinn var ekki fullvaxinn steisjón en drengurinn útskýrði fyrir mér að barnakerran kæmist fyrir ef við tækjum af henni hjólin. Ánægður sagði hann svo að golfsettið smellpassaði í skottið. Hann þyrfti bara að taka dræverinn úr. Í hádeginu hafði hann svo gengið frá kaupunum. Við erum komin á hnakka.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Tónlist í fögru umhverfi

**Hin árlega Reykholtshátíð verður haldin í tólfta skipti dagana 23.-27. júlí í kirkjunni í Reykholti. Í ár hefst hátíðin á tónleikum karlakórs St. Basil-dómkirkjunnar í Moskvu sem heldur þrenna tónleika á hátíðinni. Ekki veitir af; færri komust að en vildu á tónleika kórsins á hátíðinni í fyrra.**



**VIRTUOSI DI PRAGA** Virtur tékkneskur kammerhópur sem kemur fram á Reykholtshátíðinni í ár.

Arndís Björk Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri Reykholtshátíðar, segir margt spennandi á dagskrá í ár. „Við erum afar ánægð með að geta boðið upp á tónleika með karlakór St.Basil-dómkirkjunnar að nýju þar sem aðsóknin var svo mikil í fyrra. Þessi kór flytur trúarlega tónlist, miðaldatónlist og svo rússnesk þjóðlög sem eiga sér stað í hjarta margra Íslendinga þar sem við þekkjum sum þeirra með íslenskum textum. Einnig er vert að minnast á tónleika bandaríska tenórsins Donald Kaasch, en hann kemur fram ásamt Steinunni Birnu Ragnarsdóttur. Hann ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur heldur tekur bæði aríur og íslensk sönglög. Kammerhópurinn Virtuosi di Praga frá Tékklandi er með verk eftir meðal annarra Mozart og Samuel Barber á efnisskrá sinni, en hópurinn er afar virtur og hafa einleikarar og söngvarar á borð við Rostropovich og Domingo komið fram með honum.“

Reykholtshátíðinni lýkur með stórtónleikum þar sem koma fram þær Auður Hafsteinsdóttir og Pálína Árnadóttir fiðluleikarar, Þórunn Ósk Magnúsdóttir víóluleikari, Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari og Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari. Á efnisskrá þeirra eru verk eftir Händel og hinn þekkti píanókvintett í A-dúr op 81 eftir Dvorák.

Arndís segir að ávallt skapist sérstök stemning á Reykholtshátíðinni. „Umhverfið hér er afskaplega fagurt og leggur sitt af mörkum til þess að gera hátíðina ánægjulega, enda fátt betra en að hlusta á góða tónlist í fallegu umhverfi. Svo er að auki margt skemmtilegt hægt að gera og skoða á þessum slóðum og því tilvalið fyrir fólk að koma á tónleika í Reykholti og skoða sig aðeins um í leiðinni.“

Miðasala á tónleika hátíðarinnar er þegar hafin á www.midi.is, en einnig verður hægt að kaupa miða við innganginn. Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má nálgast á www.reykholtshatid.is.

vigdis@frettabladid.is

# Víóla og gítar fyrir norðan

Önnur sumartónleikahelgin við Mývatn fer nú í hönd og býður tónlistaráhugafólki upp á ljúfa tóna gítars og lágfiðlu. Þau Kristinn H. Árnason gítarleikari og Helga Þórarinsdóttir lágfiðluleikari koma fram á tónleikum í Reykjahlíðarkirkju í kvöld kl. 21 og í Skútustaðakirkju annað kvöld kl. 21 og leika þar létta og skemmtilega efnisskrá sem inniheldur meðal annars sónötu eftir Vivaldi, spænska tónlist og nokkrar ómissandi perlur úr íslenskri sönghefð.



**HELGA ÞÓRARINSDÓTTIR OG KRISTINN H. ÁRNASON** Leika fallega tónlist á Norðurlandi í dag og á morgun.

Kristinn er landsþekktur tónlistarmaður og leikur jafn listavel tónlist eftir Bach á klassískan gítar, rytmann í Rússíbönum og stuðið í poppinu með hljómsveitinni Hringjum. Helga Þórarinsdóttir leiðir lágfiðlusveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og leikur jafnframt með kammerhóp.

Rétt er að benda á að þau Kristinn og Helga koma einnig fram á tónleikum í Byggðasafninu Hvoli á Dalvík í dag kl. 14.

- vþ

# Harpverk lætur í sér heyra

Hið óvenjulega Dúó Harpverk heldur tónleika í Sólheimakirkju kl. 14 í dag. Meðlimir dúósins eru Katie Elizabeth Buckley hörpuleikari og Frank Aarnink slagverksleikari. Á efnisskránni er að finna ýmis ný íslensk verk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir dúóið, en á meðal tónskálda eru Daníel Bjarnason og Bára Grímsdóttir.

Katie og Frank kynntust í Sinfóníuhljómsveit Íslands og hafa spilað saman sem dúett síðan 2007. Má því búast við glæsilegum tónleikum þar sem að nýrituð íslensk tónlist fær að njóta sín. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og eru allir velkomnir.

- vþ



**KATIE ELIZABETH BUCKLEY OG FRANK AARNINK** Skipa hið bráðskemmtilega Dúó Harpverk.

# Tré og perlur

Ragnhildur K. Sandholt opnar málverkasýninguna Tré og perlur í Gömlu Borg, samkomuhúsinu að Minni Borg í Grímsnesi, í dag.

Á sýningunni getur að líta olíumálverk sem Ragnhildur hefur unnið á undanförnum árum og yrkisefnið er gjarnan sótt í Grímsnesið. Tré og trjástofnar eru oft í aðalhlutverki í bland við aðrar náttúrustemningar.

Ragnhildur hefur stundað myndlistarnám frá árinu 1995 og hefur sótt ýmis námskeið og hlotið leiðsögn, meðal annars hjá myndlistarmönnunum Rúnu Gísladóttur og Bjarna Sigurbjörnssyni.

Sýningin Tré og perlur er fyrsta einkasýning listakonunnar en áður hefur hún tekið þátt í nokkrum samsýningum, meðal annars hjá Myndlistarskólanum Myndmáli og nú nýlega í Gerðarsafni með Myndlistarskóla Kópavogs.

- vþ



**RAGNHILDUR K. SANDHOLT** Opnar sína fyrstu einkasýningu í Gömlu Borg í dag.















# stíll

utlit@frettabladid.is

## > Júniform í Ingólfsstræti

Ef þú ert á ferð í bænum mundu þá eftir að skoða hönnun Birtu Björnsdóttur í Júniformversluninni í Ingólfsstræti 8. Verslunin flutti á vormánuðum og hefur úrvalið sjaldan verið meira spennandi.





... **stígvél frá GUCCI** með mónógraf-mynstrinu. Þau fást núna á útsölu í Sævari Karli og smellpassa við þröngar buxur eða kjól.



... **kjól frá D&G línunni** frá Dolce & Gabbana til að klæðast í brúðkaupum og garðveislum sumarsins. Kjóllinn fæst hjá Sævari Karli.

## OKKUR LANGAR Í ...



... **gimsteinaskreytt pils** frá D&G. Það fæst hjá Sævari Karli.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Marta María Jónasdóttir

# Tískuupplifun á skjánum

Fyrir rúmum tveimur árum gekk ég í gegnum mikið Dallas-skeið þegar ég horfði á hverja seríuna á fætur annarri. Ég lifði mig inn í margslungnar fléttur söguþráðarins, fór að hata JR, dást að fegurð Bobbýs og drakk í mig helstu tískustraumana á sveitasetrinu. Áður en ég vissi af var ég ósjálfrátt farin að líta á Sue Ellen sem tískugoð. Hún hefur líklega verið litgreind áður en tökur hófust og því var litapallettan sem hún klæddist ávallt í takt við húðlit og förðun. Hún klæddist hárréttum sniðum og var í raun stórglæsileg þótt hún væri blindfull. Mér fannst svolítið merkilegt að upplifa þetta því þegar ég var lítil heyrði ég að Pamela væri skvísan en það væri aðeins farið að slá í Sue Ellen.

Með ást á sjónvarpsþáttum frá 1980 þá má segja að ég hafi svo sannarlega dottið í lukkupottinn í síðustu viku þegar ég kveikti á sjónvarpinu og maðurinn minn sagði: „Nú bara Dynasty, hvað er í gangi?“ Sjálf hafði ég aldrei horft á einn þátt úr seríunni því ég var meira í Smjattpöttunum og Brúðubílnum þegar Dynasty var í boði. Mig minnir þó að einhver hafi sagt að þættirnir væru lélegri en Dallas. Eftir að hafa horft á sirka fimm þætti verð ég að játa að ég held að þeir séu bara hér um bil jafngóðir.. Þegar ég var búin að horfa á hálfan þátt var ég næstum því búin að uppgötva hver væri að svíkja hvern og hver héldi fram hjá hverjum.

Að horfa á klæðnaðinn í Dynasty er unun því það skín svo í gegn hvað það hefur verið vandað vel til fatavalsins líkt og í Dallas, með tilheyrandi silki og eðalsteinar í forgrunni. Þegar sniðin eru skoðuð þá er ég ekki frá því að þessi tíska sé að festa hérna rætur og sé í rauninni næsta skref. Eins og síðbuxur með fellingum að framan sem ná alveg upp í mittið og þunnar elegant síðerma skyrtur sem eru gyrtar ofan í buxurnar, með púffermum og renndar í hliðinni. Dynastykjólarnir eru líka svolítið í þeim anda sem er ríkjandi núna, svolítið víðir en teknir saman í mittið til að mynda línur.

Að horfa á þætti frá þessum tíma getur nefnilega gefið manni góðar hugmyndir að því hvaða flíkum er sniðugt að blanda saman og hverjum ekki. Ég minnist þess ekki að upplifa slíkt í þáttum nútímans ef Sex and the City eru frátaldir. Það er þó einn galli við Dynasty, þeir eru á sama tíma og fréttirnar og því sé ég fram á eilífa baráttu um fjarstýringuna.



Morgunstund gefur gull í mund

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Pósthúsið
www.posthusid.is

Pósthúsið ehf, Suðurhraun 1, 210 Garðabær, s: 585 8300

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**GUCCI TÖSKUR FARA VEL Á ÖXLUM SMARTRA KARLMANNA** Hægt er að nálgast GUCCItöskur í verslunum Sævars Karls en þessi er úr sumarlínunni 2009.



**HVÍTTEINÓTT JAKKAFÖT** Þessi eru frá GUCCI. Taktu þetta til fyrirmyndar og vertu í hvítum afabol innan undir fötin. Þeir fást í verslun Guðsteins Eyjólfssonar.



**MESTI TÖFFARI ALLRA TÍMA** Þú myndir aldrei sjá Tom Ford í gallabuxum, hvítri skyrtu og svörtum jakka. Hann sýnir hvernig á að vera flottur í jakkafötum, jakkinn aðsniðinn og skyrtan vel hneppt frá. Þetta er alger unun.



**HIN ÍTALSKA PRADA VILL HAFA KARLPENINGINN LÉTTKLÆDDAN.**



MYND/GETTYIMAGES.

**JAKKAFÖT 2009** Bláteinótt föt frá Dolce & Gabbana. Takið eftir hálsklútum. Þetta trend verður mjög áberandi næsta sumar.

# ÚT MEÐ SVARTA JAKKA VIÐ GALLABUXUR

Hvenær ætla stákar að átta sig á því að tískutrendið gallabuxur, hvít skyrta og svartur jakkafatajakki er löngu runnið sitt skeið á enda? Þetta var alveg að virka árin 2004 og 2005 en nú er algerlega komið nóg af þessu. Hvað varð um herralegan og elegant stíl jakkafatanna? Af hverju eru íslenskir menn svona fastir í þeim pytt að gallabuxur séu málið við öll tilefni þegar það er miklu meira varið í jakkaföt? Á tískuvikunni í Mílanó í lok júní sýndu helstu tískumerki heims hvernig herrar eiga að klæðast sumarið 2009. Þar kom í ljós að það er algerlega út að hafa hneppt upp í háls heldur eiga skyrturnar að vera fráhnepptar eins langt og viðkomandi þolir. Teinótt var áberandi og er ekki verið að tala um svart með hvítum teinum heldur ljósblá föt með dökkbláum teinum eða eitthvað þaðan af villtara. Það kom líka sterklega fram að menn eiga að vera með töskur. Þá erum við ekki að tala um sjúskaðar töskur í hermannastíl heldur flottar merkjavörutöskur til að hafa á öxlinni. Það er kominn tími til að hugsa út fyrir rammann og losna úr viðjum vanans.

martamaria@365.is



**GUCCI Í HNOTSKURN** Elegant taska við hvítteinótt jakkaföt. Takið eftir sokkaleysinu. Þetta er málið.



**DOLCE & GABBANA** Hér sést hvernig hægt er að hugsa út fyrir rammann.




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**VILDI LOSNA VIÐ ÞYNGDINA** Jessicu fannst hún vera lítið kynþokkafull á meðan hún var ólétt.

# Glataði kynþokkanum

Jessica Alba segist aldrei hafa fundist hún hafa eins lítinn kynþokka og þegar hún var ólétt, en leikkonan eignaðist dótturina Marie með eiginmanni sínum Cash Warren í júní síðastliðnum.

„Mig langaði til að losna við alla þyngdina sem fylgdi meðgöngunni og fannst ég langt frá því að vera kynþokkafull. Mér leið samt vel og fékk bara löngun í sítrusávexti eins og sítrónur, appelsínur og greip,“ segir leikkonan í viðtali við breska glanstímaritið Cosmopolitan.

Jessica, sem er 27 ára gömul, segist þó aldrei hefði viljað sleppa því að verða ólétt og segist vera ástfangnari af eiginmanni sínum en nokkru sinni fyrr eftir barnsburðinn, en parið gifti sig við leynilega afthöfn í maí á þessu ári.

# Heimsækir Angelinu

**Brad Pitt er duglegur að heimsækja Angelinu Jolie á sjúkrahúsið. Angelina á von á sér hvað úr hverju og hefur gist á sjúkrahúsinu til vonar og vara ef tvíburarnir skyldu skyndilega ákveða að koma í heiminn. Brad og börnin heimsækja hana daglega og halda henni félagsskap. Þegar tvíburarnir koma í heiminn mun parið eiga hvorki meira né minna en sex börn.**



**ALLT UNDIR ÞÚSUNDKALLI** Gígja Ísis og Hanna Kristín sjá um að reka Organmarkaðinn í sumar.

# Klinkverð á Organ í dag

Organmarkaðurinn er haldinn í sjötta sinn nú um helgina og í dag verður haldinn sérstakur klinkmarkaður þar sem gestir geta gert kostakaup því ekkert mun kosta yfir þúsund krónur. „Það verður spákona á svæðinu og opið grill eins og venjulega og skemmtileg tónlist. Hér verður einnig kökusala þar sem hægt er að kaupa kökur og nýbakaðar vöfflur,“ segir Gígja Ísis Guðjónsdóttir, önnur markaðsstýra Organmarkaðsins.

Þeir sem leggja leið sína á markaðinn geta einnig nýtt tækifærið og fengið sér nýja sumarklippingu hjá hárgreiðsludömunni Siggu Röggu. Markaðurinn verður haldinn vikulega á föstudögum og laugardögum út sumarið. Gígja segir að markaðurinn hafi gengið framar vonum og þær verið heppnar með veður hingað til. Þeir sem hafa áhuga á að leigja bás er bent á síðuna www.myspace.com/organmarket. Markaðurinn hefst stundvíslega klukkan 14.00 og stendur fram á kvöld. - sm

# Taktfastir tónar munu óma

Það virðist vera mikil gróska í íslenskri tónlist í sumar og hafa ungar og upprennandi hljómsveitir jafnt sem eldri og reyndari verið duglegar við að koma tónlist sinni á framfæri. Í dag verða haldnir útitónleikar í Hljómskálagarðinum og eru tónleikarnir á vegum Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar og Reykjavíkurborgar. Tanya Pollock er ein þeirra sem sér um rekstur Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar og segir hún markmið tónleikanna vera það að kynna íslenska tónlist og þær ólíku tónlistarstefnur sem hér er að finna.

„Þau hjá Reykjavíkurborg höfðu samband við okkur því þau vildu bjóða upp á einhvers konar skemmtun fyrir fólk núna í júlí. Við verðum með tónleika á hverjum laugardegi í þessum mánuði og bjóðum upp á mismunandi þemu í hverri viku,“ segir Tanya um fyrirhugaða tónleika.

Í dag verður hipphopp ríkjandi og munu Arkir, Rain, Gmaris, Bíttur og Marlon Pollock stíga á stokk í dag. Einnig munu Siggi Bahamas og Bangsi skemmta en þeir eru meðal þekktustu bítboxara landsins. „Það sem þessir tónlistarmenn eiga sameiginlegt er hvað þeir eru rosalega duglegir við að koma sér sjálfir á framfæri. Þeir eru mjög duglegir við að gefa tónlistina sína sjálfir út og koma sér þannig á framfæri. Margir þeirra hafa komið á laggir sínu eigin útgáfufyrirtæki til þess að geta gefið út tónlist sína, þetta er allt fyrirmyndarfólk,“ segir Tanya.

Tónlistarþróunarmiðstöðin er staðsett úti á Granda og er þar að finna 45 æfingarrými og tónleikasal þar sem reglulegar eru haldnir tónleikar. „Miðstöðin er vettvangur fyrir alla þá sem vilja æfa sig og þróa tónlist sína áfram. Við erum mikið fyrir að styrkja grasrótina í íslenskri tónlist.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 15.00 í dag. - sm



**HIPHOP Í HLJÓMSKÁLAGARÐI** Tanya Pollock skipuleggur sumartónleika í Hljómskálagarðinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



## > Eiður vill búa í London eða Manchester



Arsenal, Chelsea, Fulham, Tottenham og West Ham. Þetta eru félögin í ensku úrvalsdeildinni sem í Lundúnum, óskastað Eiðs Smára Guðjohnsen sem mun væntanlega færa sig um set frá Barcelona til Englands í sumar. Eiður hefur þegar neitað Aston Villa en reyndar segir faðir hans og umboðsmaður, Arnór Guðjohnsen, að Manchester-borg komi einnig til greina. Manchester City hefur sýnt Eiði áhuga auk West Ham. „Ég held að hann muni fara frá Barcelona og hann heldur öllum möguleikum opnum,“ sagði Arnór við Sky.

**sport**

sport@frettabladid.is

**HEIMIR HALLGRÍMSSON, ÞJÁLFARI ÍBV:** GETUR VERIÐ KÁTUR MEÐ FRÁBÆRAN ÁRANGUR EYJAMANNA Í 1. DEILDINNI

# *Stöðugleiki er lykillinn að góðri stöðu Eyjamanna*



ÍBV vann sem kunnugt er Selfoss í toppslag 1. deildar karla í fótbolta í fyrrakvöld og er nú komið með átta stiga forskot á Selfyssinga sem eru sem fyrr í öðru sæti deildarinnar þegar fyrri umferð Íslandsmótsins er að ljúka. Eyjamenn hafa unnið tíu af fyrstu ellefu leikjum sínum í 1. deildinni í sumar og aðeins fengið á sig fimm mörk og Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, getur eðlilega ekki verið annað en gríðarlega sáttur.

„Eyjapeyjarnir eru bara búnir að standa sig mjög vel, það er bara svoleiðis og þeir kórónuðu það á móti Selfossi. Selfyssingar höfðu verið að fá mikið hrós fyrir leik sinn og réttilega þar sem þeir eru búnir að vera öflugir, en við skutum þá heldur betur niður á jörðina í þessum leik,“ sagði Heimir sem telur að mikil vinna yfir langt tímabil sé að skila sér í góðu gengi Eyjamanna í sumar.

„Stöðugleikinn er lykillinn að góðum árangri Eyjamanna. Við vorum að spila vel í seinni umferðinni á Íslandsmótinu í fyrra þar sem við unnum níu leiki, gerðum eitt jafntefli og töpuðum einum leik og menn eru bara búnir að viðhalda þeim stöðugleika í sumar. Að mínu mati eru menn bara að passa sig að vera ekkert að fara fram úr sér, heldur er einfaldlega verið að vinna í leikskipulaginu og öðru því sem á að vera vinna í. Þannig viljum við gera þetta og þannig næst árangur,“ sagði Heimir sem er gríðarlega ánægður með unga leikmenn liðsins sem hafa virkilega stigið fram á þessarri leiktíð.

„Við misstum náttúrulega mikið af mannskap þegar við féllum úr Landsbankadeildinni sumarið 2006 og staðan á fjárhagnum hefur ekki verið að hjálpa til með að fá nýja leikmenn síðan þá. Í sumar hef ég því verið að byggja liðið upp á leikmönnum sem eru á 2. flokks aldri eða eru nýstignir upp í meistaraflokk og þeir leikmenn hafa virkilega staðið sig og ég er gríðarlega ánægður með framlag þeirra til liðsins og vonandi heldur það áfram á sömu braut,“ sagði Heimir.



**GUÐMUNDUR** Er í miklum metum hjá KR-ingum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðmundur Reynir Gunnars.:

# KR hafnar tveim tilboðum GAIS

**FÓTBOLTI** KR hefur hafnað tveimur tilboðum frá sænska úrvalsdeildarfélaginu GAIS í bakvörðinn Guðmund Reyni Gunnarsson. Guðmundur hefur vakið athygli margra liða á meginlandi Evrópu en tilboð GAIS var alltof lágt að mati KR.

„Bæði við í KR og Guðmundur sjálfum erum pollrólegir þrátt fyrir að þetta jójó félag í sænsku deildinni hafi áhuga. Það er ekki spurning að Guðmundur fer einhverntíman út í atvinnumennsku, en þetta er ekki besti kosturinn í stöðunni,“ sagði Jónas Kristinsson í meistaraflokksráði KR. **- hþh**

# Harðir og aðlagast aðstæðum fljótt

**Topplið Stabæk í norsku úrvalsdeildinni hefur fylgst með íslenskum leikmönnum undanfarið og Lars Bohinen íþróttamálastjóri var hér á landi og horfði á leik KR og Vals og hreifst af því sem hann sá.**

**FÓTBOLTI** Íslenskir knattspyrnumenn hafa verið eftirsóttir starfskraftar á Norðurlöndum undanfarin ár og ekkert lát virðist vera á því. Lars Bohinen, íþróttamálastjóri hjá Stabæk, telur meginkosti íslenskra leikmanna sem koma til Noregs vera hversu harðir þeir séu og fljótir að aðlagast aðstæðum.

Lars Bohinen kom hingað til lands á vegum norska liðsins Stabæk á dögunum til þess að skoða íslenska leikmenn og horfði meðal annars á leik KR og Vals í Landsbankadeild karla í fyrrakvöld.

„Þetta var fínn leikur og ég skemmti mér bara mjög vel. Ég sá líka leik í Landsbankadeildinni fyrir um ári síðan og mér fannst vera meiri gæði á þessum leik heldur en var þá,“ sagði Bohinen sem vildi ekki tilgreina hvort einhver leikmaður væri sérstaklega undir smásjánni hjá Stabæk þegar Fréttablaðið fór þess á leit við hann, en norska liðið hefur meðal annars verið sterklega orðað við Pálma Rafn Pálmason, miðvallarleikmann Vals.

„Það er bara vinnuregla hjá okkur að vera ekki að blaðra um það í fjölmiðlum hvaða leikmenn við viljum fá og það sama gildir hvort sem fjölmiðillinn er norskur eða íslenskur,“ sagði Bohinen á léttum nótum en viðurkenndi þó að hafa grætt eitthvað á ferð sinni.

„Ég sá ekki bara einn leikmann, heldur nokkra leikmenn og við munum sjá til hvað við gerum í því. Leikmannamarkaðurinn í Noregi opnar 1. ágúst og við erum aðallega að leita að miðjumanni til þess að styrkja okkur í baráttunni um norska titilinn á yfirstandandi keppnistímabili. En auðvitað skoðum við alla þá leikmenn sem við teljum að myndu styrkja leikmannahóp Stabæk,“ sagði Bohinen en Stabæk hefur góða raun af íslenskum leikmönnum.



**SKOÐAR ÍSLENSKA LEIKMENN** Lars Bohinen, íþróttamálastjóri Stabæk, var nýverið á Íslandi til þess að skoða íslenska leikmenn en hann var á sínum tíma norskur landsliðsmaður og á myndinni er hann í baráttu við Zinedine Zidane og Didier Deschamps í landsleik árið 1998. NORDIC PHOTOS/AFP



**SLÆR Í GEGN** Veigar Páll Gunnarsson hefur farið á kostum með Stabæk undanfarin ár og Bohinen metur hann eðlilega mikils. SCANPIX

**ÍSLENSKIR LEIKMENN HJÁ NORSKUM LIÐUM:**

| | |
|---|---|
| Ármann Smári Björnsson | (Brann) |
| Baldur Sigurðsson | (Bryne) |
| Birkir Bjarnason | (Viking/Bödo Glimt) |
| Birkir Már Sævarsson | (Brann) |
| Garðar Jóhannsson | (Fredrikstad) |
| Gylfi Einarsson | (Brann) |
| Haraldur F. Guðmundsson | (Aalesund) |
| Indriði Sigurðsson | (Lyn) |
| Jóhannes Harðarson | (Start) |
| Kjartan H. Finnbogason | (Sandefjord) |
| Kristján Örn Sigurðsson | (Brann) |
| Ólafur Örn Bjarnason | (Brann) |
| Theodór Elmar Bjarnason | (Lyn) |
| Veigar Páll Gunnarsson | (Stabæk) |

**Harðir og aðlagast fljótt**

„Veigar Páll hefur staðið sig frábærlega hjá okkur og er einn af lykilmönnum liðsins og Helgi Sigurðsson var líka frábær þegar hann lék hjá Stabæk, þannig að við vitum hvers íslenskir leikmenn eru megnugir. Einhverra hluta vegna framleiðir Ísland mikið af góðum leikmönnum, ég geri mér ekki sérstaklega grein fyrir því af hverju það er. En helsti kosturinn við íslenska leikmenn er hugarfarið, þeir eru rosalega harðir og fljótir að aðlagast aðstæðum í norska boltanum. Ég held líka að íslensku leikmennirnir sem ganga til liðs við sterkari félög erlendis geti með góðu móti bætt sig um 15-20 prósent,“ sagði Bohinen að lokum.

**omar@frettabladid.is**



**GRETA** Verður ekki með íslenska landsliðinu gegn Frökkum. Meiðsli hennar eru mikið áfall fyrir Breiðablik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Greta Mjöll Samúelsdóttir:

# Gat ekki fengið verri tíðindi

**FÓTBOLTI** Það tók hreinlega á að tala við Gretu Mjöll Samúelsdóttur í gær. Hin geðþekka landsliðskona meiddist á æfingu með Breiðabliki í byrjun vikunnar og í gær fékk hún verstu tíðindi sem hún gat fengið. Hún er með slitið fremra krossband og verður frá keppni í margra mánuði.

„Ég gat ekki fengið verri tíðindi. Fram undan eru styrktaræfingar fyrir löppina til þess að bólgurnar hjaðni. Eftir það fer ég í aðgerð og síðan tekur við löng og ströng endurhæfing,“ sagði Greta sem sagðist eðlilega vera miður sín og hreinlega gáttuð.

Hún var á leiðinni til Bandaríkjanna í nám en ljóst er að ekkert verður úr því. „Ég tel að það sé best að endurhæfingin fari fram hérna heima,“ sagði Greta sem spilar ekki aftur knattspyrnu á þessu ári. **- hþh**

Björgólfur Takefusa er búinn að skora í níu deildar- og bikarleikjum í röð:

# Raðar inn úr markteignum

**FÓTBOLTI** KR-ingurinn Björgólfur Takefusa hefur verið sjóðheitur í síðustu leikjum; búinn að skora í níu leikjum í röð, í deild og bikar, og samtals tólf mörk frá 2. júní.

Sjö af þessum leikjum eru deildarleikir og með því að skora í næsta leik sem er á móti Grindavík þá jafnar hann met Þórðar Guðjónssonar frá 1993 yfir það að skora í flestum deildarleikjum í röð á einu tímabili síðan að deildin innihélt fyrst tíu lið 1977.



Það sem vekur athygli við markaskor Björgólfs er að hann skorar mörkin sín af stuttu færi, hvað eftir annað er hann réttur maður á réttum stað í markteignum. Einhverjir gætu bent á að hér væri breyttur Björgólfur á ferðinni en þegar hann kom fyrst fram hjá Þrótti sumarið 2003 þá skoraði hann hvert markið á fætur öðru af löngu færi.

Nú treystir hann meira á markanefið sem var kannski stíflað í fyrra og í byrjun þessa tímabils (5 mörk í 24 leikjum frá september 2006 til maí 2008) en upp á síðkastið virðist hann alltaf vera réttur maður á réttum stað í markteignum.

Björgólfur skoraði annað mark úr markteignum á móti Val en það mark var dæmt af við skiljanlega mikla óánægju KR-inga.

Björgólfur er búinn að skora átta af tólf mörkum sínum í deild og bikar í sumar úr markteignum eða innan við sex metra færi. Fyrir sumarið hafði hann aðeins skorað 5 af 37 mörkum sínum í efstu deild af svo stuttu færi.

Björgólfur skoraði 5 af fyrstu 17 mörkum sínum í úrvalsdeild karla með skoti fyrir utan teig, annaðhvort í leik (2) eða beint úr aukaspyrnu (3). Hann hefur hins vegar aðeins skorað 1 af síðustu 30 mörkum sínum fyrir utan teig og skoraði síðast með langskoti í 3-0 sigri Fylkis á ÍBV á Hásteinsvellinum 2. júlí 2005. Það var 21. mark hans í efstu deild og það sjötta sem hann skoraði utan teigs en síðustu 26 mörk hans hafa því komið úr teig eða vítum. **- óój**

**MÖRK BJÖRGÓLFS Í EFSTU DEILD 2003-2008**

**2003-2007**

| | |
|---|---|
| Samtals | 37 |
| Úr markteig | 5 (14%) |
| Úr teig utan markteig | 21 (57%) |
| Utan teigs | 6 (16%) |
| Vítaspyrnur | 5 (14%) |
| Mörk með vinstri fæti | 8 |
| Mörk með hægri fæti | 23 (5 víti) |
| Mörk með skalla | 6 |

**2008**

| | |
|---|---|
| Samtals | 10 |
| Úr markteig | 6 (60%) |
| Úr teig utan markteig | 1 (10%) |
| Utan teigs | 0 (0%) |
| Vítaspyrnur | 3 (30%) |
| Mörk með vinstri fæti | 3 |
| Mörk með hægri fæti | 5 (3 víti) |

Helga Margrét Þorsteinsdóttir:

# Sjöunda eftir fyrir keppnisdag

**FRJÁLSAR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir er í sjöunda sæti í sjöþraut eftir fyrri keppnisdag á heimsmeistaramóti unglinga í frjálsum íþróttum sem fram fer í Póllandi. Helga bætti árangur sinn í 200 m hlaupi um 12/100 úr sekúndu og varð fimmta. Þá bætti hún einnig sinn besta árangur í hástökki með því að fljóta yfir 172 cm í gær.



Helga er komin með 3.318 stig sem er tíu stigum meira en þegar hún setti Íslandsmet sitt í síðasta mánuði sem er 5.524 stig.

Helga keppir í langstökki, spjótkasti og 800 m hlaupi í dag. **- hþh**

Fíton/SÍA

# Fáðu ferskar íþróttafréttir á hverjum morgni



**Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.***

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttaúrslit dagsins liggja fyrir og *24 stundir* koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara *24 stundir* í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið. **Fréttablaðið** er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttafréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

**Allt sem þú þarft – alla daga**



> **Orlando Bloom**

„Það hvarflaði aldrei að mér að ég ætti eftir að verða frægur. Mér fannst það hreinlega of fáranlegt til að hugsa um það.“ Bloom leikur í myndinni „Kingdom of Heaven“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTUR SUNDLAR STUNDUM AF LEIÐINDUM VIÐ HLUSTUN

# Álfurinn og krakkarnir á Zúúber

Ég á það sameiginlegt með þorra foreldra jarðkringlunnar að finnast afkvæmi mitt sérlega vel gefið og velheppnað eintak. Ólíkt ótal öðrum foreldrum heimsins þá hef ég sitthvað til míns máls. Vegna þess hve mjög mér þykir sonur minn taka flestum öðrum drengjum fram í gjörvileika og andlegu atgervi reyni ég að láta ýmislegt eftir honum svo hann viti hve mikils ég met hann. Ein af harðari kröfum hans er sú að sitji hann í bíl verði útvarp Latibær að óma látlaust. Við fjölskyldan erum því nokkuð dyggir hlustendur þessarar stöðvar og kunnug efnistökum þar á bæ. Ekki ætla ég að stunda niðurrif gagnvart stöðinni en mikið ægilega þætti mér vænt um ef sá ágæti álfur sem stöðin er kennd við tæki aðeins til í dagskránni. Til að mynda vil ég að öllum úldnu íslensku popplögum níunda áratugarins, sem aldrei munu geta talist til barnalaga, verði kastað út í hafsauga.

Ég og sonur minn erum sammála um að það sé leiftrandi sniðugt að spila upptökur af gömlum barnaplötum á stöðinni. Ég fæ tár í augun af nostalgíu þegar ég heyri rödd Bessa Bjarnasonar á öldum ljósvakans á ný og erfinginn virðist kunna að meta snilli hans jafnvel og ég gerði.

Margt gott barnaefni hefur þó verið unnið á undanförnum árum sem gjarnan mætti bæta við flóru stöðvarinnar, svo sem nýjum leikgerðum úr verkum á borð við Kalla á þakinu, Gosa og Skilaboðaskjóðunni. Það veit ég að álfurinn er alltaf fljótur til þegar barn er í vanda. Ég er ekki barn en ég vona að hann taki þó tillit til þess að mig sundlar stundum af leiðindum við akstur þar sem mér finnst einhæfni í efnisvali á stöðinni of mikið. Sonur minn gæti lent í vanta vegna þessa og því hvet ég Íþróttaálfinn eindregið til að kippa öllum úldnu poppsmellum níunda áratugarins, sem fjalla um rúntinn og ást, út úr dagskránni og bæta einhverju skemmtilegu barnaefni við.



Það versta er þó að ég veit að ég hætti ekki að hlusta á útvarp Latabæ þótt engar breytingar verði gerðar á dagskránni á næstu tíu árum. Hvað ætti ég að hlusta á í staðinn? Krakkana í morgunþættinum Zúúber á FM957 (sem komin eru á fertugsaldur) sem hafa gjammað um kynfæri sín og búkhljóð í útvarpi í um áratug? Svei nei! Álfurinn bjargi mér frá slíkum raunum.

## EKKI MISSA AF



▶ **17.55 Top Gear** SKJÁREINN



▶ **19.00 Vladimir Klitschko - Tony Thompson beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.10 Creature Comforts** STÖÐ 2



▶ **20.00 So You Think You Can Dance** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00 Hefndarhugur (A Man Apart)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Snillingarnir, Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn, Leyniþátturinn og Tobbi tvisvar.

**10.30 Kastljós** (e)

**10.55 Út og suður** (e)

**11.30 Landsmót hestamanna**

**13.00 Gullmót í frjálsum íþróttum**

**15.00 Opna breska meistaramótið í golfi**

**16.00 Bíll fyrir eitt mark – fyrirbærið Trabant** (e)

**17.00 Saga rokksins** (7:7) (e)

**17.55 Táknmálsfréttir**

**18.05 Tímaflakk** (Doctor Who II) (5:13)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Sápugerðin** (Moving Wallpaper)

**20.05 Bergmálsströnd** (Echo Beach) (6:12) Bresk sápuópera um Susan og Daniel, fyrrverandi kærustupar í strandbænum Polnarren á Cornwall-skaga.

**20.30 Friðarspillirinn** (A Room For Romeo Brass) Kanadísk bíómynd frá 1999. Tveir tólf ára vinir lenda í hremmingum eftir að einkennilegur náungi vingast við þá.

▶**22.00 Hefndarhugur** (A Man Apart) Bandarísk bíómynd frá 2003. Fíkniefnalögreglan á í stríði við mann að nafni Diablo sem gerist foringi eiturlyfjahrings eftir að fyrri höfuðpaur hans er fangelsaður.

**23.50 Hetjan frá Sjanghaí** (Shanghai Noon) (e)

**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 To Walk with Lions**

**10.00 Manchester United: The Movie**

**12.00 The Queen**

**14.00 Diary of a Mad Black Woman**

**16.00 To Walk with Lions**

**18.00 Manchester United: The Movie**

**20.00 The Queen**

**22.00 Kingdom of Heaven** Ævintýramynd með Orlando Bloom, Liam Neeson, Martin Hancock og Nathalie Cox í aðalhlutverkum.

**00.20 Cyper**

**02.00 Die Hard With a Vengeance**

**04.05 Kingdom of Heaven**

**06.25 Lake House**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Gordon Garðálfur, Hlaupin, Funky Valley og Refurinn Pablo.

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

**09.40 Ben 10**

**10.05 Íkornastrákurinn**

**10.25 Fjölskyldubíó: The Sandelot 2**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.10 Bold and the Beautiful**

**13.30 Bold and the Beautiful**

**13.50 Bold and the Beautiful**

**14.15 So you Think you Can Dance**

**15.45 Tekinn 2** (2:14)

**16.15 The Moment of Truth** (2:25)

**17.05 Curb Your Enthusiasm** (7:10)

**17.35 Two and a Half Men** (10:24)

**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Ómissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Lottó**

**19.01 Veður**

▶**19.10 Creature Comforts** (6:7) Þættir frá höfundum Wallace og Gromit þar sem hin skrautlegustu dýr eru í aðalhlutverkum. Dýrin eiga í misgáfulegum samræðum sem fengnar eru beint að láni frá mannfólkinu. Útkoman er vægast sagt dýrslega fyndin.

**19.35 Primeval** (6:6) Sérstaklega vandaðir þættir um hóp vísindamanna sem rannsaka hvað gerist þegar undarleg frávik í tíma eiga sér stað víðs vegar í Englandi. Óheppileg hliðarverkun veldur því að risaeðlur eiga nú greiðan aðgang inn í nútímann.

**20.25 The Devil Wears Prada**

**22.10 Hollywoodland** Glæpasaga sem átti sér stað árið 1959 þegar leikarinn George Reeves, þá þekktastur fyrir leik sinn sem Superman, féll sviplega frá. Yfirvöld úrskurðuðu dauða hans sem sjálfsmorð en móðir hans trúði því aldrei og réð einkaspæjara til þess að komast að hinu sanna í málinu.

**00.15 All in the Game**

**01.55 The Crucible**

**03.55 Around the Bend**

**05.15 Creature Comforts** (6:7)

**05.40 Fréttir**

## SPORT besta sætið

**09.10 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**10.05 Inside the PGA**

**10.30 Stjörnugolf 2008** Þjóðþekktir einstaklingar spila golf en tilgangur mótsins er að safna fé til góðs málefnis.

**11.10 Landsbankadeildin 2008** KR-Valur

**13.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.

**14.00 Michael Jordan Celebrity Invitational** Fjallað um boðsmót Michaels Jordan í golfi en þar mæta frægir íþróttamenn og leikarar til leiks.

**15.35 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Logi Bergmann Eiðsson fer umhverfis Ísland á 80 höggum.

**16.20 The Science of Golf** Farið yfir helstu leyndarmál „stutta spilsins“ í golfi.

**16.45 Sumarmótin 2008** Sýnt frá N1-mótinu sem fram fór á Akureyri þar sem 5. flokkur drengja öttu kappi.

**17.20 Ali's 65th** Þáttur um þekktasta hnefaleikakappa sögunnar, Muhammad Ali.

**18.05 Bardaginn mikli** Þáttur um Mike Tyson og bardagan við Lennox Lewis.

▶**19.00 Box** Vladimir Klitschko - Tony Thompson. Bein útsending.

**22.00 Hnefaleikar** Upptaka frá sögulegum bardaga milli Castillo og Corrales sem sýndur var beint í maí í fyrra.

**23.10 Box** Ricky Hatton - Juan Lazcano

## SPORT 2

**16.10 Bestu leikirnir** Aston Villa - Newcastle

**17.50 10 Bestu – Eiður Smári Guðjohnsen** Sjötti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**18.40 Goals of the Season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**19.35 Premier League World 2008/09** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem hefst í ágúst.

**20.05 Football Rivalries** Rígur helstu stórvelda Evrópu skoðaður og að þessu sinni verður rígur Milan og Inter, og Lazio og Roma krufinn til mergjar.

**21.00 PL Classic Matches** Tottenham - Newcastle, 94/95. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.30 PL Classic Matches** Blackburn - Liverpool, 95/96.

**22.00 Bestu leikirnir** Aston Villa - Newcastle

## SKJÁREINN

**09.45 Vörutorg**

**10.45 Rachael Ray** (e)

**14.30 Kimora: Life in the Fab Lane** (e)

**15.00 Hey Paula** (e)

**15.25 Top Chef** (e)

**16.15 Kid Nation** (e)

**17.05 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

▶**17.55 Top Gear** Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir. (e)

**18.55 Life is Wild** Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. (e)

**19.45 Everybody Hates Chris** Bandarísk gamansería þar sem Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. (e)

**20.10 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. (e)

**20.35 Eureka** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)

**21.25 The Evidence** Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. (e)

**22.15 Conviction** Sjónvarpsmynd frá árinu 2002 sem byggð er á sannri sögu. Carl Upchurch var vandræðaunglingur sem var fastagestur í fangelsum á uppvaxtarárunum. Líf hans breyttist þegar hann kynntist umhyggjusömum kennara í fangelsi. Aðalhlutverk: Omar Epps, Dana Delany og Charles S. Dutton.

**23.50 House Next Door** (e)

**01.20 Anna's Dream** (e)

**02.50 Criss Angel Mindfreak** (e)

**03.20 The Eleventh Hour** (e)

**04.10 Jay Leno** (e)

**05.00 Vörutorg**

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku.** Endurtekið á klst. fresti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### The Devil Wears Prada



Í kvöld sýnir Stöð 2 myndina The Devil Wears Prada. Andrea Sachs er ung og óreynd blaðakona sem flyst til New York. Hún fær vinnu sem aðstoðarstúlka hinnar valdamiklu og veraldarvönu Miröndu Priestly sem er framkvæmdastjóri Runway, eins þekktasta tímarits í heimi. Gallinn er sá að Andrea er engan veginn undirbúin fyrir þennan harða heim tískugeirans og enn síður hina köldu Miröndu. Hún reynir þó sitt besta og lærir ýmislegt um sjálfa sig í leiðinni. Aðalhlutverk: Meryl Streep, Stanley Tucci og Anne Hathaway.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Queen

**Stöð 2 bíó 20.00**

Margrómuð mynd frá árinu 2006 sem sópaði að sér öllum helstu verðlaunum kvikmyndaheimsins, þar á meðal Óskars-, Golden Globe-, og BAFTA-verðlaununum. Myndin segir frá sambandi Elísabetar Englandsdrottningar og þá nýkjörins forsætisráðherra Bretlands Tonys Blair og viðbrögðum drottningar við dauðsfalli Díönu prinsessu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Út um víðan völl
**09.03** Sólarglingur
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Mánafjöll
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Á sporbraut
**14.00** Umhverfis jörðina
**15.00** Tímakorn
**15.40** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Undur Andesfjalla
**17.05** Brjóstdropar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Betri stofan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Bravó, bravó!
**20.00** Sögur af sjó og landi
**21.00** Látún
**21.45** Náttúrupistill
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Í lestarferð um japanskar bókmenntir
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.25 Hollyoaks**
**16.50 Hollyoaks**
**17.15 Hollyoaks**
**17.40 Hollyoaks**
**18.05 Talk Show With Spike Feresten** (18:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum.
**19.35 Entourage** (14:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en eins og komið hefur á daginn er leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött. Á slíkri þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það líka bara skemmt fyrir.
▶ **20.00 So You Think You Can Dance** (3:23) Dansæðið er hafið á ný. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**21.25 The Class** (14:19) Nýr gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem margir hverjir hafa ekki sést í 20 ár.
**21.50 Talk Show With Spike Feresten** (18:22)
**22.15 Entourage** (14:20)
**22.40 So you Think you Can Dance**
**00.05 The Class** (14:19)
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link
**11.00** Ballykissangel
**12.00** Ballykissangel
**13.00** Ballykissangel
**14.00** Ballykissangel
**15.00** Ballykissangel
**16.00** Ballykissangel
**17.00** Doctor Who
**17.45** Doctor Who Confidential
**18.00** Doctor Who
**18.45** Doctor Who Confidential
**19.00** Mr Harvey Lights a Candle
**20.30** The League of Gentlemen
**21.00** The League of Gentlemen
**21.30** The League of Gentlemen
**22.00** Doctor Who
**22.45** Doctor Who Confidential
**23.00** Doctor Who
**23.45** Doctor Who Confidential
**0.00** Mr Harvey Lights a Candle

## DR 1

**9.00** Lille menneske **9.50** Kær på tur **10.20** CPH PRO 2007 **11.00** Roskilde Festival **12.00** Det lille hus på prærien **12.45** Martas tema **14.40** Ildsjæle - Den skøre cafe **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Ellas to steder **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Blandt vilde dyr og bleskift **16.30** TV Avisen med vejret **17.15** Hold masken **17.45** Aftentour 2008 **18.10** Robin Hood **18.55** Agent 007 - Mission drab **20.40** Columbo i guillotinen **22.10** Conviction **22.50** Mørkets gerninger

## NRK 1

**8.00** H2O **8.25** Sirkusliv **8.55** Norge rundt jukeboks **9.55** Dansefot jukeboks **10.50** Lage Raho Munnabhai **13.15** Friidrett: Golden League fra Roma **15.15** Drømmerollen **16.00** Barnas supershow **16.30** Underbuksepiratene **16.35** Eventyr på hesteryggen **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lottotrekning **17.40** Etter at du dro **18.10** Retro **19.10** Sjukehuset i Aidensfield **20.00** Fakta på lørdag: Herr og fru Bin Laden **20.50** Komiprisen 2008: Årets morsomste **21.00** Kveldsnytt **21.15** Mistenkt **23.10** Lydverket presenterer **23.45** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**9.00** Karamelli **9.30** Fieteri **11.35** Här är polisen **12.35** Packat & klart sommar **13.05** Uppdrag granskning - sommarspecial **14.05** Tre kärlekar **15.00** Allsång på Skansen **16.00** Lenny och Knirp **16.05** Disneydags **17.00** Barnen på Luna **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Besök hos gammal dam **19.00** Kriminaljouren **19.45** De stora krigarna **20.35** Rapport **20.40** Wedding Singer **22.15** Rose och Maloney **23.05** Sändningar från SVT24



## PERSÓNAN

*Saga Sigurðardóttir*



**Aldur:** 21 árs.
**Starf:** Framtíðarljósmyndari.
**Fjölskylda:** Kærastinn heitir Erling Egilsson.
**Foreldrar:** Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Neskirkju, og Hanna María Pétursdóttir, guðfræðingur og kennari.
**Búseta:** 101 miðbær.
**Stjörnumerki:** Vog.

Saga er upprennandi ljósmyndari og er á leið í nám í London College of Fashion í haust. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir ljósmyndir sínar hér heima.

# Siggi sendir sjónvarpsstjörnu lambakjöt

„Þetta er Elín Hirst þeirra á austurströnd Bandaríkjanna," segir matreiðslumeistarinn Sigurður Hall – Siggi Hall. Siggi fór ásamt fjórum meistarakokkum til Washinton DC í byrjun júlí að kynna íslenskan mat. Af því tilefni var hann boðaður í viðtal hjá J.C. Hayward hjá CBS TV. „Ég hef farið til hennar og við vorum að ræða um íslenskan mat. Hún talaði um hvað henni þætti skyrið gott og úðaði því alveg í sig," segir Siggi.

Kokkarnir voru að elda á veitingastöðum víðs vegar um borgina en þeirra stærsta verkefni var að sjá um matinn fyrir 2000 gesti Rammy´s-verðlaunanna sem eru að sögn Sigga „Óskarsverðlaunaafhending veitingahúsanna". Siggi hafði þar umsjón með matseðlinum og bauð JC Hayward að mæta í þennan stóra kvöldverð. „Þar fékk hún lambakjöt og var alveg sjúk í það. Ég er búinn að lofa að senda henni lamb í haust," segir Siggi og mun sjónvarpsstjarnan vera að rifna úr spenningi.

Siggi hefur kynnt íslenskan mat árum saman erlendis ásamt Baldvini Jónssyni. Hann segir enga kynningu á íslenskum mat hafa heppnast jafn vel og þá á Rammy´s. Hvort sem að kynning Sigga og félaga skili sér í rjúkandi sölu á íslenskum afurðum þá er það deginum ljósara að JC Howard er heilluð og bíður spennt eftir sendingu af nýslátruðu lambi frá Sigurði Hall. „She can´t wait," segir Siggi. „Hún var alltaf að segja „ó, Siggi, I can´t wait to get my lamb leg"." Sem þýðir á góðri íslensku: „Ó, Siggi ég get ekki beðið eftir að fá lambalærið mitt." - shs



**MEÐ SJÓNVARPSSTJÖRNU** Siggi og JC Hayward náðu vel saman og hann ætlar að senda henni nýslátrað lamb í haust. MYND/BALDVIN JÓNSSON



**LÁRÉTT**
**2.** að lokum, **6.** tveir eins, **8.** þyrping, **9.** dýrahljóð, **11.** samanburðartenging, **12.** ull, **14.** virki, **16.** verslun, **17.** atvikast, **18.** drulla, **20.** frá, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ákaflega, **3.** kúgun, **4.** kvarta, **5.** persónufornafn, **7.** dráttur, **10.** kusk, **13.** framkoma, **15.** róa, **16.** hryggur, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** loks, **6.** ff, **8.** kví, **9.** urr, **11.** en, **12.** reyfi, **14.** skans, **16.** bt, **17.** ske, **18.** aur, **20.** af, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** ofur, **3.** ok, **4.** kveinka, **5.** sín, **7.** frestun, **10.** ryk, **13.** fas, **15.** sefa, **16.** bak, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Fídel Smári
2. 1-2 fyrir Val
3. Guðmundur Þóroddsson


visir.is
„...ég sá það á vísi"


## ÞORGEIR ÁSTVALDSSON: ELTIR HÖFÐINGJA Á RÖNDUM

# Toggi í Tempó gerir heimildarmynd um Ragga Bjarna

Ragnar Bjarnason verður 75 ára á næsta ári og má búast við miklu húllumhæi enda er Raggi sá söngvari Íslands sem einna lengst hefur haldið fullum dampi og vinsældum. Þorgeir Ástvaldsson, vinur Ragga og samstarfsmaður úr Sumargleðinni, vinnur nú að heimildarmynd um Ragga ásamt dóttur sinni, Evu Rún.

„Mér fannst löngu kominn tími til að gera þessum höfðingja skil," segir Þorgeir. „Hann hefur siglt ljúflega gegnum áratugina og er enn í fullu fjöri."

Feðginin hafa elt Ragga á röndum undanfarin misseri og filmað hann við leik og störf. „Við erum að safna efni og sanka að okkur heimildum. Það er til gríðarlega mikið efni með honum og um hann og svo er fullt af fólki sem hefur sitt að segja um hann. Margir af hans samtíðarmönnum eru að týna tölunni svo það er ekki seinna vænna að gera þessa mynd. Það er nú bara gangur lífsins."

Þorgeiri þykir mikið til Ragga koma. „Hann er eins við alla og maður finnur ekkert kynslóðabil í honum. Á ferðalögum finnur maður hvað hann á mikið í þjóðinni, allt frá unglingum í gamalt fólk sem man eftir honum í gamla daga lætur hrífast með. Raggi er er vel á sig kominn og hefur haldið röddinni. Það sem mest er um vert er að hann hefur enn gaman af þessu og er leitandi í músíkinni."

Það er ekki mikil hjálp í Ragga sjálfum þegar rifja þarf upp ártöl og smáatriði löngu liðinna atburða. „Sérgrein hans er, eins og alþjóð veit, að muna ekki textana, jafnvel við lög sem hann hefur sungið þúsund sinnum," segir Þorgeir og bætir við hlæjandi: „En það er nú bara partur af hans fasi, textablöðin og hans hangandi hönd."

Þetta er fyrsta myndin sem Þorgeir og Eva Rún gera. Stefnt er á að hún verði tilbúin í tíma fyrir stórafmælisdag Ragga, sem verður 75 ára 22. september árið 2009.

gunnarh@frettabladid.is



**Á MIKIÐ Í ÞJÓÐINNI OG ER EINS VIÐ ALLA** Raggi Bjarna hóf ferilinn sem trommari og tekur enn reglulega í settið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**VINNUR MEÐ PABBA** Eva Rún, dóttir Þorgeirs, gerir myndina með pabba sínum.



**FYLGIR VINIR SÍNUM** Þorgeir Ástvaldsson gerir heimildarmynd um Ragga Bjarna. Hún verður tilbúin fyrir 75 ára afmæli kappans á næsta ári.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Lögreglan á Akureyri færði rekstrarstjóra Vodafone á Norðurlandi til yfirheyrslu á fimmtudaginn vegna hangandi efnisbúta sem þóttu líkjast íslenska fánanum sem hanga uppi í verslun Vodafone á Glerártorgi á Akureyri. Honum var sleppt að loknum yfirheyrslum og enn hanga efnisbútarnir uppi. Athygli vekur að lögreglan fyrir norðan tekur harðar á brotum á fánalögum en kollegar þeirra fyrir sunnan. Hafa Vodafone-menn velt því fyrir sér að kannski hafi það eitthvað með það að gera að **Stefán Eiríksson**, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, var í nýbylgju rokksveitinni Fyrirbæri á sínum tíma og því ef til vill opnari fyrir smá pönki.



Nú bíða menn spenntir eftir því hvers konar byggð verði við Kársnes í Kópavogi. Sá sem er einna spenntastur er athafnamaðurinn **Eyþór Guðjónsson** en hann ásamt fjársterkum aðilum hefur kynnt hugmyndir um glæsilega hafnarbyggð. Hugmyndir Eyþórs munu vera hvað vinsælastar meðal íbúa á svæðinu en Eyþór býr sjálfur þar. Svo telst það ekki ónýtur bónus að Eyþór er góður vinur leikstjórans **Quentins Tarantino** og gæti hann vel sést þarna á vappi í framtíðinni.

**Gordon Ramsey** er nú hér á landi. Hann skellti sér út á lífið á fimmtudagskvöldið ásamt fjórum breskum félögum sínum. Þegar Vegamótum var lokað lét Gordon ekki þar við sitja heldur fór hann í partí á Skúlagötu. Mikil stemning var í partínu, svo mikil að lögregla var kölluð til vegna hávaða. - shs


**Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið**

Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið útgefið árið 1978, -79, -80. Útgáfuár bóka er skráð áberandi fremst í bókum. **Upplýsingar í síma 865 7013**

**Björgvin Ómar Ólafsson**



Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið


# Flytja inn allt nema fílinn

„Sirkusinn kemur með Norrænu til landsins og tekur allt með sér nema fílinn. Hann hefði þurft að dvelja átta vikur í Hrísey og það er bara allt of mikið mál," segir Björgvin Rúnarsson hjá 2B Company sem stendur fyrir komu Agora-sirkussins til Íslands 26. ágúst næstkomandi.

„Agora er einn frægasti sirkus í evrópu og fagnar tuttugu ára starfsafmæli sínu um þessar mundir. Norskir eigendur sirkussins höfðu mikinn áhuga á að koma með hann til landsins og eftir að þau fengu styrk frá norska ríkinu í vor varð það að veruleika, en flutningarnir sjálfir til landsins kosta um sex milljónir," útskýrir Björgvin. „Aðalmálið verður að ferðast um þjóðvegina því þau koma með 150 metra vagnalest sem þau munu ferðast á um landið," bætir hann við, en sirkusinn mun sýna á fimm stöðum víðs vegar um landið og enda á plani Smáralindar.

„Fyrir utan eigendurna sjálfa eru þetta allt sígaunar sem gista í vögnunum sem þau ferðast í milli staða og nota til að mynda girðingu með því að leggja þeim hringinn í kringum sirkustjaldið á hverjum viðkomustað. Tjaldið sjálft er risastórt og bæði upphitað og vatnshelt, svo veðrið mun ekki skipta neinu máli," segir Björgvin og vill meina að aðgangseyrir verði innan skynsamlegra marka.



**BJÖRGVIN RÚNARSSON** Færir Íslendingum sirkus í ágúst.



**150 METRA VAGNALEST** Agora-sirkusinn mun dvelja á Íslandi í þrjár vikur og ferðast um með 150 metra vagnalest.

„Þetta er skemmtun sem öll fjölskyldan á að geta leyft sér að sjá, svo miðarnir verða ekki á neinu tónleikaverði," segir Björvin að lokum, en miðasala hefst eftir hálfan mánuð á midi.is.

- ag




Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 10-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**


## MEST LESIÐ:

- Bæjarfulltrúi segir ráðningarsamning bæjarstjóra fráleitan
- Verðandi borgarstjóri vill flytja héraðsdóm
- Háskólakennarinn leiddur fyrir dómara - Játaði sum brotanna
- Flóttatilraun fanga mistókst

visir.is ...ég sá það á visir.is



## BAKÞANKAR


Guðmundar Steingrímssonar


### *Við*

Fyrir nokkrum árum fylgdist þjóðin eftirvæntingarfull með þegar einkaþota með skáksnillingnum Bobby Fischer lenti og hinn nýi Íslendingur var boðinn velkominn til landsins með miklu húllumhæi. „Mr. Fischer," spurði einn fréttahaukurinn, svo þó nokkrir sjónvarpsáhorfendur fengu kjánahroll, „how does it feel to be home?"

**BOBBY** heitinn Fischer var flóttamaður. Íslendingar lögðu sig í þó nokkurt vesen við að fá því framgengt að hann mætti flytja til Íslands frá Japan og fá hér ríkisborgararétt. Í því ferli var ekki vísað í neina Dyflinnarsáttmála eða aðra slíka sem veita íslenskum yfirvöldum á einhvern hátt frelsi til þess að láta sér fátt um finnast þegar flóttafólk er annars vegar. Okkur greinilega dauðlangaði að gera Fischer að ríkisborgara. Vegna hvers var það? Var það kannski vegna þess að hann var frægur? Ég veit það ekki. Það kann að hafa ráðið úrslitum.

**PAUL** Ramses er hins vegar ekkert frægur. Jafnvel virðist hálfpartinn reynt að gera lítið úr því að hann sé pólitíkus í Kenía. Að ástandið þar sé honum hættulegt sá ég einnig í fréttum í vikunni að einhver dró í efa. Sú staðreynd að maðurinn beinlínis yfirgaf ættjörð sína liggur einhvern veginn milli hluta, léttvæg fundin. Hvernig tilfinning ætli það sé annars, ef maður spáir í það, að yfirgefa ættjörð sína og ætla sér aldrei að koma aftur? Gera menn svoleiðis að gamni sínu?

**OG** Paul Ramses á ekki bara vini á Íslandi, líkt og Fischer átti. Hann á hér ættingja, ungabarn og konu. Maðurinn hafði einnig getið sér gott orð við ýmis störf hér á landi. Orðstír hans var og er góður, sem samkvæmt okkar bókmenntaarfleið er, jú, einhver stærsti fjársjóður sem manneskja getur átt, ásamt góðri fjölskyldu og vinum.

**ÖLL** erum við flóttafólk segir sú sama bókmenntaarfleið reyndar. Sá uppruni virðist hins vegar ekki skila sér í auknum skilningi á aðstæðum hælisleitenda í samtímanum. Í stjórnvaldsaðgerðum sínum draga embættismenn og stjórnmálamenn oft upp mynd af þjóðinni, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Í því hvernig við högum okkur gagnvart fólki sem hingað leitar eftir hæli – sem birtist meðal annars í þessum tveimur dæmum af Fischer annars vegar og Ramses hins vegar – hefur ákaflega harðneskjuleg mynd verið dregin upp af okkur. Við erum samkvæmt henni ekki mjög viðkunnanlegt fólk. Snobbaðar smásálir kannski?

**MEÐ** strokleðri og góðum vilja er hægt að breyta þeirri mynd.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 12. júlí, 195. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.33 | 13.33 | 23.31 |
| Akureyri | 2.45 | 13.18 | 23.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


